EYJÓLFUR EYJÓLFSSON

*Púðar úr íslenskum krosssaumi í sófanum*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

*Með rennihurð á flísalögðum svölum*

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BENEDIKT ERLINGSSON

*Frumsýnir stuttmynd hjá Kaupþingi*

Fékk styrk fyrir krepputíma

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. október 2008 — 273. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

**Bubbi kominn í hring**

Gúanó-rokkarinn kominn aftur á byrjunarreit.

FÓLK 22



**Endurmenntun 25 ára**

Afmælisveisla var haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands og sagan rifjuð upp á tímamótunum.

TÍMAMÓT 18

**Á reynslu til Noregs**



Gunnar Már Guðmundsson æfir með norska félaginu Lyn næstu tvær vikurnar.

ÍÞRÓTTIR 24

**Bleika slaufan**

-árveknisátak um brjóstakrabbamein

Söfnunarmarkmið 40.000 slaufur

% 20 40 60 80 100

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST** Í dag verða suðaustan áttir 8-18 m/s, hvassast sunnan til og vestan og á miðhálendinu. Rigning eða skúrir en þurrt að mestu norðaustan og austan til. Hiti 5-12 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Bankainnistæður tryggðar

**Innistæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi verða tryggðar að fullu. Bankarnir draga úr erlendri starfsemi. Líklegt er að stýrivextir lækki umtalsvert. Unnið er að erlendri lántöku.**

**EFNAHAGSMÁL** Geir H.Haarde forsætisráðherr lýsti því yfir á tólfta tímanum í gærkvöldi að fundarhöld helgarinnar hefðu dregið úr spennu í efnahagsmálum. „Það hafa ýmsir ágætir áfangar náðst í þessu, það er ekki alveg jafn mikil spenna í málum eins og var og ég er mjög ánægður til dæmis með viðbrögð aðila vinnumarkaðarins við því sem við höfum verið að ræða við þá," sagði Geir.

Hann sagði helgina hafa skilað því að ekki væri nauðsynlegt að vera með sérstakan aðgerðapakka vegna efnahagsástandsins.

Stjórnvöld hafa fundað linnulítið um helginia með aðilum vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðanna og fjármálafyrirtækja. Ráðherrar héldu til í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu og samnhliða fóru fram fjölmargir vinnufundir víða um bæ, meðal annars í höfuðstöðvum banka og annarra fjármálafyrirtækja. Þingmenn voru í viðbragðsstöðu ef boðað yrði til þingfundar en af því varð ekki.

Þingflokkar stjórnarflokkanna komu saman klukkan ellefu í gærkvöldi þar sem ráðherrar kynntu gang viðræðnanna. Geir hélt til frekari fundahalda af þingflokksfundi, skömmu eftir miðnætti..

Meðal þess sem unnið er að er stórfelld erlend lántaka til eflingar gjaldeyrisforðanum og var rætt við Seðlabanka Evrópu, Seðlabanka Bandaríkjanna og norrænu seðlabankana þar um.

„Við biðluðum til okkar helstu vinaþjóða en viðbrögð liggja ekki fyrir," sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra við blaðamenn í gær.

> Ég tel að það sé góður vilji hjá bönkunum að fara í það að selja eignir í útlöndum.
>
> GEIR H. HAARDE
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Meðal þess sem forsætisráðherra kynnti í gærkvöldi er að innistæður sparifjáreigenda í bönkunum verði tryggðar. Kallað hefur verið eftir slíkri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en stjórnvöld í Þýskalandi og víðar hafa lýst yfir slíkri ábyrgð.

Heimildir Fréttablaðsins herma að umtalsverð lækkun stýrivaxta Seðlabankans sé fyrirhuguð en aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt ríka áherslu á nauðsyn slíkrar aðgerðar.

Hluti af lausninni er að bankarnir dragi úr umsvifum sínum erlendis. „Þeir þurfa að minnka sín umsvif í útlöndum, þeir eru með mikla starfsemi þar og það er tímabært að draga úr henni og minnka efnahagsreikninginn sem því nemur. Þetta er það sem við höfum verið að ræða í allan dag. Ég tel að það sé góður vilji hjá bönkunum að fara í það að selja eignir í útlöndum," segir Geir.

Geir segir alþjóðlega fjármálakreppu ríkja í heiminum í dag; sennilega þá verstu síðan 1914.

- bþs, jse, kóp



**FORSÆTISRÁÐHERRA Í ELDLÍNUNNI** Geir H. Haarde forsætisráðherra gerði grein fyrir niðurstöðum stífra fundarhalda í ráðherrabústaðnum á tólfta tímanum í gærkvöldi. Ekki var þó vinnudeginum lokið því hann átti eftir að gera þingflokki sínum grein fyrir niðurstöðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Tvær forsíður Fréttablaðsins

Mánudagsútgáfa Fréttablaðsins er með tveimur ólíkum forsíðum. Ný forsíða var gerð um miðnætti eftir yfirlýsingu forsætisráðherra um viðbrögð við fjármálakreppunni. Hluti af upplagi blaðsins var sendur í prentun með annarri forsíðu klukkan ellefu og prýðir hún um það bil 15 þúsund eintök af alls 103 þúsundum..




Fólk hamstrar mat og símtölum í hjálparlínu hefur fjölgað síðustu daga:

# Mikið hamstrað um helgina

**EFNAHAGSMÁL** „Það er búið að vera allt brjálað hérna um helgina, eins og í öðrum Krónuverslunum um allt land. Ég skil þetta ekki alveg, því framkvæmdastjóri Krónuverslananna hefur gefið það út að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur, og að ekkert breytist," segir Patrick Pinto, aðstoðarverslunarstjóri í Krónunni við Fiskislóð.

Töluvert var um að fólk hamstraði matvörur í verslunum um helgina. Að sögn Patricks hafa viðskiptavinir aðallega birgt sig upp af vörum sem endast vel, eins og hveiti, sykri, spagettí og kotasælu.

Elfa Dögg Leifsdóttir, verkefnisstjóri Hjálparsíma Rauða krossins, segir mikla fjölgun hafa orðið á símtölum til hjálparlínunnar undanfarið. Margir hafi áhyggjur af lánum sínum sem séu í erlendri mynt. Hún segir suma sem hringja vera á barmi örvæntingar. „Fólk er í andlegu þroti. Flestir bera sig vel en sumir eru mjög örvilnaðir og jafnvel tilbúnir til örþrifaráða," segir Elfa Dögg.

- kg, kóp / sjá síðu 4


10%

vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn








TENGI

KWC

Eldhúsblöndunartæki með barka... Nýtt





Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-11
tengi.is
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogi
Baldursnesi 6 • 603 Akureyri

## SPURNING DAGSINS



*Kristinn, stendur Krónan vel að vígi?*

„Tja, matvöruverslanir Krónunnar eru í það minnsta sterkar.“

Aðstandendur Krónunnar sjá ekki vöruskort í kortunum eins og sumir kollegar þeirra. Kristinn Skúlason er rekstrarstjóri Krónunnar.

Nær stöðugt streymi fundargesta var inn og út úr Ráðherrabústaðnum í gær:

# Tugir gesta í Ráðherrabústaðnum

**EFNAHAGSMÁL** Fleiri tugir manna funduðu um mögulegar aðgerðir til lausnar efnahagsvandanum í Ráðherrabústaðnum í gær.

Snemma morguns voru þar Geir H. Haarde, Árni Mathiesen, Össur Skarphéðinsson og Björgvin G. Sigurðsson, auk þeirra Tryggva Þórs Herbertssonar, efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar, og Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra Alþýðuflokksins og seðlabankastjóra. Hann sagðist síðar um daginn „meðal annars“ vera á staðnum sem stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins.

Aðrir fulltrúar eftirlitsins mættu einnig á staðinn upp úr hádegi og sömuleiðis Einar Karl Haraldsson og Jón Þór Sturluson, aðstoðarmenn iðnaðar- og viðskiptaráðherra.



**MIKIÐ Í HÚFI** Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins mæta til fundar í gær ásamt Jóni Þór Sturlusyni, aðstoðarmanni viðskiptaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Fyrir hádegi komu forsvarsmenn allra viðskiptabankanna þriggja til fundar við ráðamenn.

Skömmu síðar tóku hagfræðingar að drífa að, meðal annars Jón Steinsson, aðstoðarprófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, sem var tíður gestur í Tjarnargötunni í gær.

Einnig komu allir aðrir ráðherrar Sjálfstæðisflokks, auk Sturlu Böðvarssonar, forseta Alþingis, og þingflokksformannsins Arnbjargar Sveinsdóttur. Samfylkingarmönnum fjölgaði hins vegar ekki fyrr en í gærkvöldi, þegar Jóhanna Sigurðardóttir sat fund ráðamanna með aðilum vinnumarkaðarins. Nokkru síðar mætti þorri ríkisstjórnarinnar til fundar. **- sh**

Maður barinn og rændur:

# Lögregla leitar tveggja manna

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar tveggja manna sem grunaðir eru um rán og grófa líkamsárás. Mennirnir eru taldir útlendingar á þrítugsaldri.

Árásin átti sér stað um klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags á Laugavegi en þá var maður á sjötugsaldri barinn og rændur í húsasundi. Annar mannanna var með ljósbláa húfu, í ljósum leðurjakka með hvítum röndum þvert yfir brjóstkassann. Hinn var í dökkum jakka með dökka prjónahúfu. Lögregla hvetur sem hafa upplýsingar að hringja í síma 444 1100. **- kdk**

Geir um efnahagsástandið:

# Enn verri en kreppan mikla

**EFNAHAGSÁSMÁL „Það er mesta kreppa á erlendum fjármálamörkuðum sennilega síðan 1914, hún er orðin alvarlegri úti í heimi en hún var í kreppunni miklu á fjórða áratugnum,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á blaðamannafundi í ráðherrabústaðnum í gær.**

**„Það er auðvitað ekkert skrítið að það hafi sín áhrif hér á Íslandi eins og í nálægum löndum. Það eru bankar í mjög erfiðum aðstæðum úti um alla Evrópu og Bandaríkjunum og það reynir hver að bjarga sér.“ Hann sagðist ekki telja að Íslendingar væru verr staddir en aðrir í þessari kreppu.** **- jse**

Þórður Friðjónsson:

# Reiknar með opinni Kauphöll

**EFNAHAGSMÁL** Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, reiknar með að Kauphöllin verði opin í dag. Farið verði yfir það nú í morgunsárið. Íris Björk Hreinsdóttir, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, segir ákvörðun verða tekna í dag.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON**

„Það þarf mikið að gerast til að valið sé tekið af fjárfestum um að hafa viðskipti. Slíkt hefur ekki verið gert til dæmis í Bandaríkjunum þrátt fyrir að mikið hafi gengið á. Það er frekar í vanþróuðum löndum að kauphöllum er lokað við þessar aðstæður,“ segir Þórður.

Hann segir þær aðstæður þó geta komið upp að lokað verði fyrir viðskipti tiltekinna fyrirtækja. **- kóp**

# Kröfum lífeyrissjóðanna ekki mætt enn

**Aðgerðaáætlun lífeyrissjóðanna gerir ráð fyrir að helmingur eigna erlendis verði seldur. Keypt verða ríkistryggð skuldabréf og fé sett í Íbúðalánasjóð. Skilyrðin höfðu ekki verið uppfyllt í gærkvöld. Funda á fyrir hádegi í dag.**

**EFNAHAGSMÁL** Samkvæmt aðgerðaáætlun þeirri sem lífeyrissjóðirnir lögðu fyrir ríkisstjórnina á laugardag er gert ráð fyrir að sjóðirnir selji helming eigna sinna erlendis og flytji fjármagn heim. Skilyrði er að fjármálastofnanir selji einnig hluta eigna sinna. Þeim kröfum hafði ekki verið mætt í gær.

Í júlílok námu þær eignir 493 milljörðum, en ekki er fulljóst hver sú upphæð er í dag. Einstakir lífeyrissjóðir hafa undanfarnar vikur selt eignir erlendis fyrir umtalsverðar fjárhæðir vegna veikingar krónunnar. Ljóst er þó að upphæðin er á bilinu 200 til 250 milljarðar.

Framkvæmdastjórar og stjórnarformenn lífeyrissjóðanna samþykktu aðgerðaáætlunina og síðan hefur hún verið kynnt stjórnum einstakra lífeyrissjóða.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að gert sé ráð fyrir að keypt verði ríkistryggð skuldabréf fyrir upphæðina. Eitt af því sem þurfi að semja um séu á hvaða vöxtum þau bréf verði. Ekki hafi komið til umræðu að hluti fjárins fari í fjárfestingar í bönkunum.

„Við þurfum að tryggja hagsmuni okkar sjóðsfélaga. Lífeyrissjóðirnir standa vel og verða að gera það áfram,“ segir Hrafn. Á hverju vori er gerð tryggingafræðilega úttekt á sjóðunum og ef skuldbindingar eru 10 prósent umfram eignir verður að grípa til sérstakra ráðstafana. „Enginn sjóður hefur nálgast það mark og við verðum að tryggja að það gerist ekki.“



**GENGIÐ AF FUNDI** Fulltrúar lífeyrissjóðanna lögðu fram aðgerðaáætlun á laugardag. Þeir voru reiðubúnir til fundarhalda í allan gærdag en voru ekki kallaðir í Ráðherrabústaðinn. Reiknað er með fundi í dag klukkan 11. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við þurfum að tryggja hagsmuni okkar sjóðsfélaga. Lífeyrissjóðirnir standa vel og verða að gera það áfram.
>
> **HRAFN MAGNÚSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Ögmundur Jónasson, varaformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, segir að engar tryggingar hafi fengist fyrir því að bankarnir muni flytja eignir til landsins. „Það liggja engin svör fyrir frá fjármálageiranum um til hvaða ráðs hann ætlar að grípa. Þar á bæ verða menn að selja eignir og flytja til landsins og það er kýrskýrt af okkar hálfu með hvaða hætti þessum fjármunum verður ráðstafað. Féð verður að fara í gegnum Seðlabankann í ríkistryggð skuldabréf og Íbúðalánasjóð.“

Ekki er ljóst hvort þarf lagabreytingu þarf vegna aðgerðaáætlunarinnar, en hún hefur verið til skoðunar um helgina. Fulltrúar lífeyrissjóðanna voru tilbúnir til funda í allan gærdag en ekkert varð úr fundahöldum. Gert er ráð fyrir að þeir mæti á fund klukkan 11 í dag. **kolbeinn@frettabladid.is**



**VARAFORMAÐUR FER** Þorgerður Katrín svaraði spurningum við Ráðherrabústaðinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Þorgerður biður til Guðs:

# Gott ef Davíð gætir orða sinna

**STJÓRNMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, setti ofan í við Davíð Oddsson seðlabankastjóra við Ráðherrabústaðinn í gær. Davíð sagði í fyrradag að þeir sem héldu hann hafa mælt fyrir þjóðstjórn á ríkisstjórnarfundi hefðu verið „utan við sig á fundinum“ og undraðist að ummælin hefðu lekið af fundinum. Þorgerður hafði áður gagnrýnt Davíð fyrir ummælin.**

**„Guð láti gott á vita ef hann ætlar að fara að gæta orða sinna, eins og hann hefur sagst ætla að gera,“ sagði Þorgerður um orð Davíðs í gær.** **- sh**

Ný skoðanakönnun vestra:

# Ungt fólk vill Barack Obama

**BANDARÍKIN** Barack Obama, forsetaframbjóðandi demókrata í Bandaríkjunum, nýtur stuðnings um tveggja af hverjum þremur ungum kjósendum í landinu. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar Gallup og blaðsins USA Today.

Keppinautur Obama, John McCain, nýtur einungis stuðnings þriðjungs kjósenda undir þrítugu. Obama mælist nú með um átta prósentustiga forskot á McCain í baráttunni. **- sh**


Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Pevaryl® , Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fáanlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.


Stjórnarandstaðan ekki höfð með í ráðum í efnahagsaðgerðum stjórnvalda:

# Botna ekki í þessu verklagi

**EFNAHAGSMÁL** Formenn stjórnarandstöðuflokkanna höfðu ekki verið upplýstir um ganginn í efnahagsaðgerðum stjórnvalda á tíunda tímanum í gærkvöldi. Undruðust þeir vinnulag ríkisstjórnarinnar.

„Ég botna ekki í þessu verklagi,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Ráðleysið virðist algjört, það hafi sýnt sig í viðtölum við forsætisráðherra á sjöunda tímanum. „Ég les það þannig að enn sé allt í upplausn en reyni þó að halda í leifarnar af einhverri bjartsýni. Tilfinningin er þó ekki góð,“ sagði Steingrímur í gærkvöldi.

„Ég held að þeir séu í rjúkandi vandræðum og að þetta sé mjög erfitt,“ sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, og lýsti þungum áhyggjum ef óvissa ríkti enn í dag. Hann segir mikilvægt að ríkisstjórnin lýsi yfir að sparifé fólks í bönkum sé tryggt, orð forsætisráðherra í stefnuræðu á fimmtudagskvöldið dugi ekki til.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir makalaust að ríkisstjórnin hafi ekki ráðfært sig við stjórnarandstöðuna eða að minnsta kosti haldið henni upplýstri um gang mála.

Þingflokkum var fyrir helgi gert viðvart um að til þingfunda gæti komið um helgina. **- bþs**




# Frítt Nova í Nova fyrir alla!

Ef þú ætlar í alvöru að lækka hjá þér símreikninginn skiptu þá yfir til Nova. Þú hringir frítt í alla hjá Nova hvort sem þú þekkir þá eða ekki. **Skiptu núna!**

Símatilboð Nova gilda í áskrift og frelsi.

**0 kr. Nova í Nova**
**Símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS milli viðskiptavina Nova kosta ekki krónu!**





**Sony Ericsson G502**
útborgun
**0 kr.**
Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!
Fullt verð 24.000 kr.

**Nokia 6120**
útborgun
**0 kr.**
Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!
Fullt verð 24.000 kr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 3.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,36 | 112,9 |
| Sterlingspund | 198,72 | 199,68 |
| Evra | 155,65 | 156,53 |
| Dönsk króna | 20,862 | 20,984 |
| Norsk króna | 18,75 | 18,86 |
| Sænsk króna | 16,015 | 16,109 |
| Japanskt jen | 1,0683 | 1,0745 |
| SDR | 172,37 | 173,39 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,7204

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stíft fundað í Þýskalandi vegna yfirvofandi gjaldþrots fasteignalánarisa:

# Ábyrgjast allar innistæður

**ÞÝSKALAND, AP** Þýska fjármálaráðuneytið tilkynnti í gær að ríkisstjórn landsins myndi ábyrgjast allar innistæður á einkareikningum landsmanna, og sú trygging væri ótakmörkuð. Einnig tilkynnti þýska stjórnin að hún myndi gera allt sem í hennar valdi stæði til að koma fasteignalánabankanum Hypo Real Estate AG til bjargar. Rekstur bankans stefnir í þrot, en þingmenn og leiðtogar í viðskiptalífi landsins funduðu stíft í Berlín í gær um mögulegar leiðir til þess að hindra að til gjaldþrots kæmi.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í gær að ekki yrði leyft að láta vanda einnar fjármálastofnunar koma hagkerfinu öllu í uppnám. Þess vegna væri mikilvægt að tryggja áframhaldandi starfsemi Hypo Real Estate-bankans. Merkel sagði líka að aðilar sem yrðu uppvísir að því að taka kæruleysislegar ákvarðanir í fjármálum yrðu látnir axla ábyrgð á þeim.

Í síðustu viku náðist með herkjum samkomulag þess efnis að veita Hypo-bankanum lán upp á 35 milljarða evra, andvirði um 5.500 milljarða íslenskra króna. Þýskir fjölmiðlar hafa hins vegar gefið út að skoðun á reikningum bankans bendi til þess að lánsfjárþörfin sé mun meiri, eða allt að 50 milljarðar evra. - kg



**BJÖRGUNARAÐGERÐ** Angela Merkel kanslari og Peer Steinbrück, fjármálaráðherra Þýskalands, tilkynntu í gær að allt yrði gert til að koma fasteignalánabankanum Hypo Real Estate til bjargar. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisreikningur í fyrra:

# 5,4 milljarðar fóru í trúmál

**TRÚMÁL** Samkvæmt ríkisreikningi fóru tæpir 5,4 milljarðar króna í liðinn „Trúmál og önnur félagsmál“ árið 2007. Fjárheimildir gerðu ráð fyrir 5,4 milljörðum þannig að liðurinn var aðeins undir áætlun.

Útgjaldafrekasti liðurinn er sóknargjöld, en þau eru rétt rífir tveir milljarðar. Þá fara 1,4 milljarðar til Þjóðkirkjunnar, 360 milljónir í jöfnunarsjóð sókna, 257 í kirkjumálasjóð og 83 milljónir í Kristnisjóð. Kirkjugarðarnir fengu 787 milljónir á síðasta ári.

Til samanburðar má nefna að 5,3 milljarðar króna fóru í liðinn „Flugsamgöngur“ í fyrra. - kóp

Söfnun Rauða krossins:

# Átta milljónir komnar í hús

**SÖFNUN** Um átta milljónir söfnuðust á höfuðborgarsvæðinu í söfnun Rauða krossins, Gengið til góðs, á laugardag. Enn á eftir að telja hve mikið safnaðist á landsbyggðinni og í símasöfnun, en hún er enn í gangi.



SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR

„Við fengum það góð viðbrögð frá þeim sem voru heima, menn vissu af okkur og voru reiðubúnir með fé, að við vonumst til að þeir sem ekki fengu heimsókn taki þátt í símasöfnuninni,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.

Féð sem safnast verður notað til að sameina fjölskyldur í Kongó. - kóp

Opinn málfundur á morgun:

# Fyrrum samviskufangi talar

**MANNRÉTTINDI** Rússneski blaðamaðurinn og umhverfissinninn Grígorí Pasko mun á morgun, þriðjudaginn 7. október, flytja erindi á opnu málþingi sem Íslandsdeild Amnesty International heldur honum til heiðurs í Norræna húsinu.

Pasko hlaut alþjóðlega frægð er hann var dæmdur til margra ára vinnubúðavistar í Rússlandi eftir að hann vakti athygli á því að rússneski flotinn losaði kjarnorkuúrgang í Japanshaf.

Málþingið, sem hefst kl. 8.30, er líka haldið til minningar um rússnesku blaðakonuna Önnu Politkovsaju, sem var myrt þann 7. október fyrir tveimur árum. - aa

# Matur hamstraður og símtölum í hjálparsíma fjölgar

**Töluvert var um að fólk hamstraði matvörur í verslunum um helgina. Mikið var að gera í bensínsölu hjá N1 á föstudag. Mikil aukning hefur orðið á símtölum til hjálparsíma Rauða krossins undanfarið.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er allt búið að vera brjálað hérna yfir helgina, eins og í öðrum Krónuverslunum um allt land. Ég skil þetta ekki alveg, því framkvæmdastjóri Krónuverslananna hefur gefið það út að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur, að ekkert breytist,“ segir Patrick Pinto, aðstoðarverslunarstjóri í verslun Krónunnar við Granda.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, ráðlagði fólki á föstudag að birgja sig upp af vörum því búast mætti við skorti á innfluttum vörum á næstunni. Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Kaupáss sem rekur Krónuna, sagði sambærilega stöðu ekki hafa komið upp hjá Krónunni.

Að sögn Patricks hafa viðskiptavinir aðallega birgt sig upp af vörum sem endast vel, eins og hveiti, sykri, spagettíi og kotasælu. Hann merkir ekki aukningu í sölu á mjólk og svipuðum vörum. Patrick býst við svipuðum fjölda viðskiptavina fram eftir viku.

Bjarni Sæmundsson, verslunarstjóri Bónuss í Kauptúni í Garðabæ, segir afar misjafnt milli viðskiptavina hversu mikið þeir hafi keypt um helgina. „Sumir eru greinilega dálítið örvæntingarfullir og birgja sig upp af innfluttum vörum eins og dósamat. Þeir virðast hafa minni áhyggjur af kjötvörum og slíku. Aðrir eru pollrólegir yfir þessu öllu saman,“ segir Bjarni.

Ragnheiður Þorsteinsdóttir, vaktstjóri hjá N1 á Hringbraut, segir ekki hafa verið óvenjumikið um að fólk tæki bensín yfir helgina, en Hermann Guðmundsson, forstjóri fyrirtækisins, sagði í Viðskiptablaðinu á föstudag að N1 ætti olíu sem myndi duga í þrjátíu til fjörutíu daga að öllu óbreyttu. „Það var mjög mikið að gera á föstudaginn, en svo róaðist þetta eftir því sem leið á helgina,“ segir Ragnheiður.

Elfa Dögg Leifsdóttir, verkefnisstjóri Hjálparsíma Rauða krossins, segir mikla fjölgun hafa orðið á símtölum til hjálparlínunnar undanfarið, eða fimmtán til tuttugu fleiri á dag. Margir séu að hringja í fyrsta skipti og flestir hafi þeir áhyggjur af lánum sínum sem séu í erlendri mynt. Hún segir suma sem hringja vera á barmi örvæntingar.

„Fólk er í andlegu þroti. Flestir bera sig vel en sumir eru mjög örvilnaðir og jafnvel tilbúnir til örþrifaráða. Hins vegar fáum við reglulega þannig símtöl. Óvissan nagar fólk og sest á sálina í því,“ segir Elfa Dögg.

Andrés Skúlason, oddviti á Djúpavogi, segir fólk á sínum slóðum beita æðruleysi og allir séu tilbúnir að taka því sem höndum ber. „Ég gæti trúað að erfiðleikarnir verði meiri hjá einstaklingum á þenslusvæðum heldur en í fámenni, þar sem fólk hefur skuldsett sig mikið. Á krepputímum er ákveðin tilhneiging til þess að fólk flytji út á land, og við gætum alveg eins átt von á slíku nú,“ segir Andrés.

kjartan@frettabladid.is, kolbeinn@frettabladid.is



**TÓMAR HILLUR** Fólk flykktist í matvöruverslanir yfir helgina, margir í þeim tilgangi að hamstra matvörur. Vörur með langan endingartíma seldust best, að sögn verslunarstjóra í Bónus og Krónunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Fólk er í andlegu þroti. Flestir bera sig vel en sumir eru mjög örvilnaðir og jafnvel tilbúnir til örþrifaráða.“
>
> **ELVA DÖGG LEIFSDÓTTIR**
> HJÁLPARSÍMA RAUÐA KROSSINS


Hótel- og veitingafólk!
Rýmingarsala á lagervörum



Kokkajakkar, rúmföt, borðbúnaður, dúkar, munnþurrkur og margt fleira

Húsaco heildverslun - Akralind 4 - 201 Kópavogi
sími 5442290 - www.husaco.is
Opið virka daga frá kl: 10 - 17
Húsaco


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
veðurfræðingur

**VINDASAMT** Í dag og á morgun verður býsna hvasst á landinu. Sýnu hvassast verður í dag á sunnan- og vestanverðu landinu og á hálendinu. Þar gæti vindur slegið í storm. Á morgun verður hins vegar hvassast á Vestfjörðum og norðan til á landinu. Það lægir á miðvikudag.



Á MORGUN
8-18 m/s,hvassast með norðurströndinni og á Vestfjörðum.

MIÐVIKUDAGUR
5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Billund | 14° |
| Ósló | 7° |
| Stokkhólmur | 10° |
| Gautaborg | 14° |
| Helsinki | 9° |
| Eindhofen | 17° |
| Amsterdam | 17° |
| London | 16° |
| Berlín | 14° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 16° |
| París | 17° |
| Basel | 19° |
| Barcelona | 24° |
| Alicante | 26° |
| Algarve | 24° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




ENNEMM / SÍA / NM35739

KJÖRKASSINN



*Telur þú að í sjónmáli sé lausn á vanda fjármálakerfisins á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 48% |
| Nei | 52% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefur þú tekið út fjármuni úr banka að undanförnu vegna efnahagskreppu?*

Segðu þína skoðun á visir.is.

Guðbjörg Matthíasdóttir seldi hlut sinn í Glitni rétt fyrir þjóðnýtinguna:

# Einn stærstu hluthafa Glitnis slapp

**EFNAHAGSMÁL** Athafnakonan Guðbjörg Matthíasdóttir seldi lungann úr 1,71 prósents hluti sínum í Glitni á fimmtudaginn 25. eða föstudaginn 26. september en snemma dags mánudaginn 29. var tilkynnt um að bankinn yrði þjóðnýttur. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Guðbjörg var sú eina af tuttugu stærstu hluthöfum bankans sem seldi hlut sinn í vikunni áður en ríkið yfirtók stóran hluta bankans.



**GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR** Guðbjörg var sú eina af stærstu hluthöfum bankans sem seldi hlut sinn rétt fyrir þjóðnýtingu.



**GUNNLAUGUR SÆVAR GUNNLAUGSSON** Gunnlaugur er ráðgjafi Guðbjargar í viðskiptum og náinn vinur Davíðs Oddssonar.

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, helsti ráðgjafi Guðbjargar í viðskiptum á undanförnum árum, sagði að tímasetningin væri hrein tilviljun. Gerður hefði verið sölurréttarsamningur um hlut hennar sem gilti í eitt ár þegar Glitnir keypti hlut hennar í TM í september í fyrra. Söluréttурinn hafi aðeins verið virkur í tvo daga þegar hann var nýttur.

Gunnlaugur Sævar er náinn vinur Davíðs Oddssonar Seðlabankastjóra og kom fram í frétt Stöðvar 2 að hann hefði til að mynda verið veislustjóri í fimmtugsafmæli hans. Sonur Guðbjargar, Einar Sigurðsson, vinnur í Glitni. - kdk

Þorvaldur Gylfason:

# Eigum að leita í reynslubanka Norðmanna

**EFNAHAGSMÁL Íslensk stjórnvöld eiga að leita eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ekki er einsdæmi að vestrænt ríki leiti til sjóðsins eftir hjálp, til að mynda gerðu Bretar það fyrir um fjörutíu árum. Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Þorvaldar Gylfasonar, prófessors í hagfræði, í Silfri Egils í gær.**

**Að auki sagði hann að einnig þyrfti að leita aðstoðar Svía og Norðmanna auk Dana og Finna. Furðaði hann sig á því að ekki væri búið að leita í reynslubanka Norðmanna.** - kdk

Lögreglan á Suðurnesjum:

# Ráðist á lögreglu í Keflavík

**LÖGREGLUMÁL** Tveir lögreglumenn á Suðurnesjum meiddust við hnefahögg og spörk þegar ráðist var á þá í fyrrinótt. Tildrög árásarinnar voru þau að á laugardagskvöldið fóru lögreglumenn í fjölbýlishús í Keflavík og hugðust handtaka þar æstan mann.

Þrír félagar mannsins brugðust hins vegar ókvæða við og ætluðu að koma félaga sínum undan lögreglu. Allt fólkið var þá handtekið og fékk að gista fangageymslur lögreglunnar. - kdk

Íslandsmót skákfélaga:

# Bolungarvík er í efsta sæti

**SKÁK Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga fór fram um helgina. Eftir fjórar umferðir er Taflfélag Bolungarvíkur í efsta sæti með 24,5 vinninga. Í öðru til þriðja sæti eru Skákdeild Fjölnis og Taflfélagið Hellir með 21,5 vinninga.**

**Alls taka 54 sveitir þátt í mótinu í fjórum deildum sem er metþátttaka. Keppendur eru nærri 400, þar af um 20 stórmeistarar.**

**Seinni hluti Íslandsmóts skákfélaga verður haldinn á Akureyri í vor.** - pal



**STÆRRI** Nýji turninn sem fyrirhuguð er bygging á í Dubai verður hærri en Burj-Dubai turninn, sem hér sést. NORDICPHOTOS/AFP

Annar risaturn í Dubai:

# Kílómetra hár turn byggður

**DUBAI, AFP** Yfirvöld í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, þar sem brátt lýkur byggingu á hæsta skýjakljúfi heims, tilkynntu í gær að til stæði að hefja byggingu enn hærri skýjakljúfs.

Sá verður yfir kílómetri að hæð. Það er hærra en sem nemur lengd tíu amerískra fótboltavalla, og þrefaldrar Chrysler-byggingar í New York.

Áætlanir gera ráð fyrir að turninn verði yfir áratug í byggingu. Honum er ætlað að vera kjarninn í nýjum, ört vaxandi borgarhluta sem kallaður er Nýja-Dubai.

Turninn verður rúmlega tvö hundruð hæðir og í honum verða um 150 lyftur. - kg

# Barnaníðingar fá væga dóma að mati dómara

**Viðtöl sem sérfræðingur í refsirétti tók við sex starfandi dómara sýna að þeim þykja dómar yfir þeim sem brjóta kynferðislega á börnum of vægir. Engar vísbendingar séu um að þrýstingur almennings og fjömiðla hafi áhrif á dóma.**

**RANNSÓKN** Dómar yfir kynferðisbrotamönnum gegn börnum eru of vægir. Þetta viðhorf kemur fram í viðtölum Svölu Ólafsdóttur, sérfræðings og kennara í refsirétti við Háskólann í Reykjavík, við sex starfandi dómara. Viðtölin eru liður í rannsókn sem hún vinnur að sem hluta af meistararitgerð sinni í afbrotafræði.



**SVALA ÓLAFSDÓTTIR**

„Því er gjarnan haldið fram að dómstólar séu farnir að hlaupa á eftir almenningsálitinu og kröfum almennings um fleiri sakfellingar og þyngri refsingar. Engar rannsóknir styðja þó þá fullyrðingu,“ segir Svala.

Dómurum er oft legið á hálsi að sinna þessum málum ekki af nægilegri festu og þeim brigslað um skeytingarleysi. Svala segist ekki hafa fundið fyrir því viðhorfi meðal dómara og nefnir sem dæmi ummæli eins dómarans sem séu dæmigerð fyrir viðhorf þeirra: „Mér finnst þessi mál og þessi brot ... það skelfilegasta sem maður getur eiginlega hugsað út í. Og brotin sjálf eru alveg hræðileg og jafnast á við verstu líkamsmeiðingar eða limlestingar eða manndráp.“

Svala segir að markmiðið með rannsókninni hafi verið að kanna persónuleg viðhorf dómara fremur en hrein lagaleg viðhorf þeirra. Úrvinnslu úr viðtölunum er ekki lokið en unnið er að henni. Í gögnunum komi fram „sterkar vísbendingar um að rótin að þessari þróun, þar sem frásögn þolanda fær aukið vægi, sé skýr vitund dómaranna sjálfra um eðli og alvarleika þessara brota.“



**EKKI SLAKAÐ Á SÖNNUNARKRÖFUM** Svala segir að þótt frásögn barna ein og sér sé oftar notuð til grundvallar sakfellingu sé það ekki vegna þrýstings almennings heldur aukinnar þekkingar á brotunum og skýrslutöku af börnum.

Svala telur að ekki liggi fyrir vísbendingar um að þrýstingur almennings eða fjölmiðla hafi valdið þeirri þróun sem birtist í að sakfelling sé byggð á frásögn þolanda. Hún útskýrir að aukinn skilningur á alvarleika brotanna hafi á hinn bóginn leitt til sérstakrar og aukinnar viðleitni til að leggja mat á trúverðugleika frásagnar meints brotaþola til að meta hvort óhætt þyki að leggja hana til grundvallar sakfellingu, þótt við lítið annað sé að styðjast.

Bakgrunnur þessa mats er oftar en ekki sérfræðilegar álitsgerðir, sem aftur byggjast á almennum rannsóknum á trúverðugleika vitna, einkum barna. Með þessari þekkingu segir hún menn telja sig geta metið betur en ella hvenær frásögn er trúverðug og að með því að beita henni sé ekki slakað á sönnunarkröfum. Dómarar virðist auk þess mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að láta ekki undan þrýstingi um að slakað verði á kröfum um sönnun fyrir sekt sakbornings þótt þrýstingur almennings og fjölmiðla reynist oft mikill. karen@frettabladid.iss




Lagt til að framlög til háskóla og rannsókna hækki um rúmlega tuttugu prósent:

# 40 milljarðar í rannsóknir og skóla

**ALÞINGI** Framlög til háskóla og rannsókna nema 21,4 milljörðum króna á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Er það hækkun um 20,6 prósent frá fjárlögum þessa árs. Framlög til framhaldsskóla verða 19,7 milljarðar og hækka um tæp þrettán prósent.

Háskóla Íslands eru ætlaðir tæpir ellefu milljarðar króna á næsta ári. Er það talsverð hækkun á milli ára og skýrist hún að stórum hluta af sameiningu HÍ og Kennaraháskólans en einnig af auknum framlögum til kennslu og rannsókna. Háskólinn í Reykjavík fær 2,3 milljarða, Háskólinn á Akureyri 1,5 milljarða og Landbúnaðarháskólinn fær 540 milljarða. Þá fær Rannsóknasjóður 815 milljónir.

Framhaldsskólarnir fá samtals 19,7 milljarða. Verkmenntaskólinn á Akureyri fær framhaldsskóla mest; rúman milljarð, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti fær 940 milljónir, Borgarholtsskóli 880 milljónir og Fjölbrautaskólinn í Ármúla fær 830 milljónir. - bþs



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Fær tæpa ellefu milljarða króna á fjárlögum næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



KAUPÞING
*Hugsum lengra*



# Samstillt átak, sameiginlegur ávinningur

Rekum smiðshöggið á söfnun Krabbameinsfélagsins
fyrir nýjum stafrænum greiningartækjum.
Kaupþing er aðalstyrktaraðili Krabbameinsfélags Íslands.

ENNEMM / SÍA / NM35670

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað er talið að risavíkingamyndin, sem bandarískir kvikmyndagerðarmenn stefna á að taka hér á landi á næstunni, muni kosta?*

2 *Hver er langtekjuhæsti rithöfundur heims?*

3 *Hversu oft hafa KR-ingar orðið bikarmeistarar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Mannréttindafrömuðir frá Kína og Rússlandi líklegir Nóbelsverðlaunahafar:

# Friðarverðlaun til Kínverja eða Rússa

**SVÍÞJÓÐ, AP** Mannréttindasinnar frá Kína og Rússlandi eru taldir líklegastir til að fá friðarverðlaun Nóbels, sem afhent verða í vikunni. Ítali, Sýrlendingur og Ísraeli eru hins vegar efstir á blaði þegar bókmenntaverðlaunin ber á góma.

Á meðan verðlaunanefndirnar sitja sveittar yfir afrekum ársins á sviðum vísinda, friðar og bókmennta fara getspekingar mikinn og eru háar fjárhæðir lagðar undir á þá sem taldir eru munu hreppa hnossið og verðlaunaféð upp á 1,3 milljónir dala.

Valið í læknisfræði, eðlisfræði, efnafræði og hagfræði er venjulega afgreitt í vísindasamfélaginu en valið hjá friðar- og bókmenntanefndunum er yfirleitt umdeildara.



**NÓBELSVERÐLAUN** Halldór Laxnes fékk bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1955.

Einn meðlima sænsku Nóbelsstofnunarinnar, sem veitir verðlaunin í bókmenntum á fimmtudag, vakti mikla reiði meðal bókmenntaunnenda í Bandaríkjunum, þegar hann sagði Bandaríkjamenn of þröngsýna og fáfróða til að standast Evrópubúum snúning í bókmenntaheiminum.

Horace Engdahl, formaður Nóbelsnefndarinnar, hafnar því að stjórnmál hafi nokkuð með val nefndarinnar að gera.

Nóbelsverðlaunin eru afhent 10. desember en þann dag árið 1986 lést Alfreð Nóbel, stofnandi verðlaunanna. **- kdk**

Hækkun OR á heitu vatni:

# Sögð vera olía á verðbólgubálið

**KÓPAVOGUR „Hækkunin er sem olía á verðbólgubál og kemur því á versta tíma,“ segir einróma bæjarráð Kópavogs sem mótmælir harðlega ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um 10 prósent hækkun á heitavatnsgjaldi.**

**Bæjarráðið segir skjóta skökku við að hækkunin sé rökstudd með vísan til fjárfestinga Orkuveitunnar. Það geti vart hafa verið ætlunin að þær myndu leiða til slíkra verðhækkana hjá almenningi: „Bæjarráð Kópavogs skorar á eigendur Orkuveitunnar, þar sem Reykjavíkurborg fer með langstærstan eignarhlut, að endurskoða ákvörðunina.“ - gar**

Þrettán árásir tilkynntar:

# Ofbeldi og rán í höfuðborginni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningar um þrettán líkamsárásir aðfaranótt sunnudags.

Í einu tilfellinu réðust tveir menn að manni í miðborginni, börðu hann illa og rændu af honum veskinu. Maðurinn var fluttur á slysadeild en lögregla leitaði árásarmannanna enn í gær. Þá var maður laminn með kylfu í Hafnarfirði. Hann var fluttur á slysadeild með kúlu á höfði en ofbeldismaðurinn færður í fangageymslu.

Einn var fluttur á slysadeild eftir að hafa lent í áflogum í Austurstræti. Um fimmleytið réðust svo tveir menn á konu sem var á leið til vinnu og rændu hana. **- kdk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fjórir ökumenn handteknir

Fjórir ökumenn voru handteknir á Suðurnesjum aðfaranótt sunnudags. Einn vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna og þrír vegna akstur undir áhrifum áfengis.

## SUÐURLAND

### Saga rafstöðva við Sogið

Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hyggst láta skrifa sögu Grafningshrepps og rafstöðva við Sog.



**TJÖRNES** Tjörnes er skagi á milli Skjálfandaflóa og Axarfjarðar. Kaupstaðurinn Húsavík sem nú er hluti af sveitarfélaginu Norðurþingi stendur sunnarlega á vestanverðu nesinu en byggðin í Tjörneshreppi nær frá Reyðará sem fellur til sjávar í Héðinsvík.

Sveitungar í Tjörneshreppi ötulir við minkadráp:

# Minkar hverfa af Tjörnesi

**NÁTTÚRA** Talið er að minkur sé horfinn í Tjörneshreppi. „Að baki þessum árangri liggur mikil vinna og árvekni veiðimanna okkar,“ segir á vefsíðu svæðisins tjorneshreppur.is.

Róbert Arnar Stefánsson líffræðingur segir að með mjög markvissu átaki hafi það sýnt sig víða um land að mjög góður árangur geti náðst í baráttunni við minkinn. Það sé hins vegar erfitt að meta hvort tekist hafi að útrýma minkunum. „Tómar gildrur gefa þó vísbendingu um að góður árangur hafi náðst,“ sagði hann þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

Á Tjörnesi var ákveðið að hefja skipulagðar veiðar árið 2006 með því markmiði að útrýma mink af svæðinu. Ári síðar fannst ekkert greni en í október það ár veiddist í gildru eitt dýr og síðan ekki söguna meir til dagsins í dag, eins og segir á síðu svæðisins. Ef ekkert dýr finnst í gildrum veiðimanna í október-nóvember vona sveitungar að sýnt þyki að hægt sé að halda útbreiðslu minks í skefjum.

Minkaveiðar hófust fljótlega eftir að minkar fóru að breiðast um landið, en árið 1939 var byrjað að greiða fyrir veiðarnar úr opinberum sjóðum til að reyna að stemma stigu við fjölgun þeirra í landinu. Tjörneshreppur er utan þess svæðis sem ríkið hefur veitt 160 milljónum til, vegna sérstaks átaks í baráttunni við minkinn. **- kdk**

# Á þriðja tug milljóna í dagpeninga

**Ríkisráð Íslands, ráðherrar og forseti, hafa fengið rúmlega 21 milljón í dagpeninga frá því að núverandi ríkisstjórn tók við og makarnir tvær miljónir.**

**STJÓRNSÝSLA** Síðan núverandi ríkisstjórn tók við hafa ráðherrar þegið rúmlega 18,4 milljónir í dagpeninga. Upphæðirnar eru mismunandi eftir ráðherrum, en allir hafa þó þegið eitthvað. Fimm makar ráðherra hafa þegið dagpeninga, samtals ríflega tvær milljónir.

Nokkurn tíma tók að fá svar við fyrirspurn Fréttablaðsins um dagpeninga. Þess vegna hafa sumir ráðherra þegið meira fé en kemur fram hér, þeir hafa farið í ferðalög á meðan beðið var eftir svörum annarra.

Eðli málsins samkvæmt hefur utanríkisráðherra þegið mest. Síðan ríkisstjórnin tók við og fram til 15. september þáði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tæpar átta milljónir í dagpeninga. Ingibjörg fór í 32 ferðir. Maki ráðherra hefur enga dagpeninga þegið. Síðan þá hefur ráðherra í það minnsta farið til New York og væntanlega þegið dagpeninga fyrir það.

Nokkra athygli vekur að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur þegið tæplega 2,9 milljónir króna í dagpeninga. Maki hennar hefur aldrei fengið greidda dagpeninga. Þorgerður hefur fengið um milljón meira í dagpeninga en forsætisráðherra.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur greitt tæplega 2,2 milljónir í dagpeninga fyrir Björn Bjarnason ráðherra og um 470 þúsund fyrir maka hans. Ráðuneytið er ekki stórt en málefni Schengen eru á þess könnu.

Í svari forsætisráðuneytisins frá 10. september kemur fram að Geir H. Haarde hafði þegið 1,9 milljónir í dagpeninga og maki hans 540 þúsund. Síðan þá hefur forsætisráðherra farið á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur fengið lægsta fjárhæð greidda í dagpeninga, eða 527 þúsund. Tveir aðrir ráðherrar hafa þegið minna en milljón; Kristján Möller samgönguráðherra með 628 þúsund og Jóhanna Sigurðardóttir með 605 þúsund. Enginn maka þessara ráðherra hefur þegið dagpeninga. Aðrir ráðherrar hafa allir þegið yfir milljón krónur.

Forseti Íslands er hluti af ríkisráðinu. Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við og fram í september á þessu ári hafa verið greiddar út tæpar 2,8 milljónir í dagpeninga til forsetans. Dorrit Moussaieff hefur aldrei þegið dagpeninga.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**RÍKISRÁÐIÐ** Ráðherrar og forseti hafa þegið rúmlega 21 milljón króna í dagpeninga síðan ríkisstjórnin tók við. Makar hafa þegið rúmar tvær milljónir, en ekki þiggja allir makar dagpeninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DAGPENINGAR RÍKISRÁÐS FRÁ 23. MAÍ 2007






# TÖLVUNÁM á haustönn 2008

Computer and office courses for beginners and advanced users

## Viðskiptagreinar

### Bókhald 1
Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl.

- **Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur.**
- **Bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.**

Lengd 100 stundir. Verð kr. 94.000,- Allt kennsluefni innifalið. Hefst 23. október, kennt er þrisvar í viku, morgun- og kvöldnámskeið í boði.



## Almenn tölvunámskeið

### Almennt tölvunám
Sérstakleg hagnýtt námskeið fyrir þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

- **Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur**

Lengd 63 stundir. Verð kr. 44.900,- Allt kennsluefni innifalið. Hefst 20. október, kennt er tvisvar í viku, morgun- og kvöldnámskeið í boði.

### Byrjendanámskeið
Hefst 3. nóvember. Lengd 42 stundir. Verð kr. 32.900,-

### Excel 1
Hefst 5. nóvember. Lengd 21 stundir. Verð kr. 24.000,-

## Vefur • Grafík • Myndvinnsla

### Photoshop – grunnur
Stutt námskeið ætlað byrjendum í myndvinnslu í tölvum. Lengd 21 std Verð kr. 24.000,- Kennslubók innifalin. Hefst 15. október, kennt er mán og mið kl 18 – 21:30

### Photoshop ljósmyndun
Námskeið fyrir þá sem komnir eru nokkuð af stað í meðferð stafrænna ljósmynda. Lengd 30 stundir. Verð kr. 29.000,- Hefst 15. október, kennt er mán og mið kl 18 – 21:30

### Grafísk hönnun
Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.

- **Photoshop – Illustrator – InDesign**

Lengd 105 stundir. Verð kr. 116.000,- Allt kennsluefni innifalið. Hefst 28. október, kennt er þriðjudaga og fimmmtudaga kl. 18–21.30 og annan hvern laugardag kl. 9–12.30.

### Stafrænar myndavélar
Vinsælt þriggja kvölda námskeið um stafrænar myndavélar og um meðhöndlun og vinnslu stafrænna mynda í heimilistölvunni. Lengd 14 stundir. Verð kr. 15.000,- Hefst 29. október.

## Microsoft sérfræðinám

### Kerfisstjórn Windows Server 2008
Þessi námsbraut er arftaki gömlu MCSA gráðunnar. Nemendur útskrifast með tvær prófgráður, annars vegar „MCITP Server Administrator 2008" og hins vegar „MCTS í Exchange 2007." Innritun á vorönn hafin.

### MCTS SQL Server 2008
Í dag eru hjörtun í tölvukerfum gagnagrunnar og er starfsfólk með gagnagrunnsmenntun eitt það eftirsóttasta. Sett verður upp námsbraut í SQL Server 2008 í samvinnu við Miracle þar sem farið verður í helstu atriði sem koma að uppsetningu, rekstri og viðhaldi á nýjustu útgáfu gagnagrunnsins frá Microsoft. Hefst 25. nóvember.

### Microsoft System Center Configuration Manager
Fimm daga námskeið í uppsetningu, innleiðingu og rekstri á SCCM 2007 sem einfaldar kerfisstjórum til muna rekstur á upplýsingakerfum ásamt því að draga verulega úr kostnaði við uppsetningu og dreifingu hugbúnaðar.
Kennari verður Lárus Milan Bulat SCCM sérfræðingur hjá Pfizer lyfjarisanum í London. Hefst 17. nóvember,

### Microsoft Dynamics CRM 4.0 Applications
Þriggja daga námskeið þar sem kennd er notendahliðin á öllum helstu kerfum CRM 4.0 svo sem sölu-, markaðs- og þjónustukerfi.
Námskeið ætlað öllum þeim sem hafa í hyggju að innleiða Microsoft CRM 4.0 kerfið, þjónusta það eða notendum þess. Hefst 20. október.

### Cisco Certified Network Associate – CCNA
Áhugavert og krefjandi nám fyrir Microsoft tæknimenn og þá sem sjá um rekstur netkerfa í Cisco umhverfi.
Næsta námskeið hefst 20. janúar. Innritun hafin.

Microsoft® GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík
www.isoft.is • Sími 511-3080



**AFGANI Í KABÚL** Situr á bedda og spjallar í farsímann í húsarústum í Kabúl í gær. MYND NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar við Hábraut kvarta undan leka úr steypubílum Borgar:

# Borg mun bregðast hratt við

**UMHVERFISMÁL** „Ég vissi ekki af þessu en þetta hefur komið fyrir áður og þá var brugðist hratt við og hreinsað upp,“ segir Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri steypustöðvarinnar Borgar. Svo verði einnig nú.

Íbúar við Hábraut í Kópavogi hafa kvartað undan því við Fréttablaðið að steypubílar frá stöðinni keyri götuna, sem er brött, með þeim afleiðingum að steypan lekur út og á götuna.

„Bílstjórum okkar hefur verið sagt að keyra ekki Hábrautina en það hafa orðið mannabreytingar hjá okkur svo ég get ekki útilokað að þetta sé eftir okkar bíla,“ segir Hermann.



**HÁBRAUT Í KÓPAVOGI** Íbúar við Hábraut segja þessa steypu eftir steypubíla Borgar, sem fari sífellt bratta brekkuna, þrátt fyrir að það leki úr bílunum.

„Við erum allir af vilja gerðir til að bregðast við því ef eitthvað er ekki nógu gott í umgengni okkar utan athafnasvæðisins,“ segir hann. Í byrjun júlí hafi Borg einnig kynnt Kópavogi hugmyndir að úrbótum innan athafnasvæðisins, til að mynda um að keyra þaðan efni í landfyllinguna á Kársnesi, en því hafi enn ekki verið svarað nema með því að tillögurnar séu til skoðunar.

„Það er unnið að því að koma þessu burt en bærinn hefur ekki sýnt því neinn áhuga. Við getum auðvitað ekki verið þeir einu sem eru samstarfsfúsir. Það þarf tvo til,“ segir Hermann. - kóþ

Ungir framsóknarmenn:

# Krefjast aðgerða og átelja stjórn

**STJÓRNMÁL** Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna átelur ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki tekið á þrengingum í efnahagslífi fyrir rúmu ári.

Síðan hafi talsmenn stjórnarflokka skellt skollaeyrum við varnaðarorðum framsóknarmanna og annarra.

Ungir framsóknarmenn vilja greiða fyrir erlendri fjárfestingu, meðal annars með uppbyggingu stóriðju. Auka þurfi gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar verulega og hefja vaxtalækkunarferli. Heimili og fyrirtæki geti ekki staðið undir vaxtabyrðinni. - kóþ

Dvalar- og hjúkrunarheimili:

# Fjölbýlum aldraðra fækkað

**ALDRAÐIR Rýmum fyrir aldraða á dvalar- og hjúkrunarheimilum fækkaði um fimmtíu milli áranna 2006 og 2007. Dvalarrýmum fækkaði um 75 en hjúkrunarrýmum fjölgaði um 25. Þetta kom fram hjá Hagstofunni.**

**Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir að þetta eigi sér eðlilegar skýringar. Unnið hafi verið að því að fækka fjölbýlum og einnig dvalarrýmum. Rekstraraðilar hafi í auknum mæli gert tvíbýli að einbýli og slegið saman herbergjum.** - ghs



**ALIFUGLAR** Bæjarstjórn Ölfuss vill ekki alifugla á vatnsverndarsvæði.

Bæjarstjórn Ölfuss:

# Hættir við leyfi fyrir alifuglabú

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarfulltrúar minnihlutans í Ölfusi gagnrýna að ekki er leyft að reisa alifuglabú á Hafnarsandi eins og áður var samþykkt. „Það er mjög óheppilegt að framkvæmdaðilar séu dregnir á asnaeyrum svo mánuðum skiptir um staðarval,“ bókaði minnihlutinn. Að sögn meirihlutans er stefnan sú að grófari iðnaður sé vestan við byggðina í Þorlákshöfn en fínni iðnaður upp með Hafnarsandi að vatnsverksmiðjunni að Hlíðarenda. „Rekstur alifuglabús getur haft í för með sér lyktarmengun bæði frá fugli og úrgangi. Svæðið sem um ræðir er vatnsverndarsvæði Þorlákshafnarbúa auk þess sem risin er vatnsverksmiðja á svæðinu.“ - gar

# Nýta olíuborholur til leitar að jarðvarma fyrir orkuver

**Enex hefur stofnað orkufyrirtæki í Ungverjalandi í samstarfi við þarlent gas- og olíufyrirtæki og ástralskan fjárfestingarsjóð. Markmiðið er að reisa jarðvarmavirkjun innan fárra ára.**

**ORKUMÁL** Orkufyrirtækið Enex, sem er hlutafélag í eigu Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest, á þriðjungshlut í nýju fyrirtæki í Ungverjalandi sem hefur það að markmiði að reisa fyrstu jarðvarmavirkjun landsins. Ætlunin er að nýta upplýsingar fengnar úr gas- og olíuborholum til að finna nægilegan jarðvarma fyrir orkuver. Stofnkostnaður fyrirtækisins er óverulegur en fjárfestingar næstu ára munu hlaupa á milljörðum króna.



**CHRISTIAN RIGOLLET**

Stofnun fyrirtækisins er samstarfsverkefni Enex, ungverska gas- og olíufélagsins MOL og ástralska fjárfestingarsjóðsins Green Rock Energy International. Hvert um sig á þriðjungshlut og nefnist fyrirtækið Central European Geothermal Energy Ltd. (CEGE).

CEGE er ætlað að verða leiðandi í nýtingu á jarðvarma í Ungverjalandi með samvinnu eigenda þess á breiðum grundvelli. Orkurannsóknir, þróun og rekstur jarðvarmavirkjana verða meginhlutverk fyrirtækisins með rafmagnsframleiðslu jarðvarmavirkjana að takmarki.

Christian Rigollet, forstöðumaður verkefna í Mið- og Austur-Evrópu hjá Enex, segir að samstarf MOL og Enex hafi hafist árið 2003 með forrannsóknum og borunum. Þær kostuðu um 1.600 milljónir króna og bar Enex um þriðjunginn. Stofnkostnaður nýs fyrirtækis er um tíu milljónir króna en fjárfestingar í nýjum verkefnum munu hlaupa á milljörðum. „Það hefur tekið nokkurn tíma að fullvissa forsvarsmenn MOL um stofnun fyrirtækis með jafna eignarhlutdeild. Enex er lítið fyrirtæki en MOL gífurlega stórt og fjársterkt.“ Christian segir að þrjú til fjögur svæði í Ungverjalandi lofi mjög góðu. „Við erum að bera þessi svæði saman til að meta hvert þeirra er hentugast og líklegt til arðbærrar virkjunar.“

> Enex er lítið fyrirtæki en MOL gífurlega stórt og fjársterkt.
>
> **CHRISTIAN RIGOLLET**
> FORSTÖÐUMAÐUR HJÁ ENEX

MOL hefur í gegnum árin safnað upplýsingum um jarðvarma úr holum sem fyrirtækið hefur borað víðs vegar um Ungverjaland. Þessar borholur hafa verið nýttar til að eyrnamerkja líklega virkjunarkosti. Fyrirtækin hafa öll lagt til sérfróða starfsmenn í rannsóknum á jarðvarma og stefnt er að því að reisa fyrstu jarðvarmavirkjun Ungverjalands. Vonir standa til að bygging hennar geti hafist árið 2010 og fullbyggð virkjun verði gangsett innan þriggja ára. Fyrstu áætlanir gera ráð fyrir að hún muni framleiða allt að tíu megavött af rafmagni.

CEGE einangrar starfsemi sína ekki við Ungverjaland heldur er áætlað að þróa áþekk verkefni í nágrannalöndum.

svavar@frettabladid.is



**FORKÖNNUN** Hið nýja orkufyrirtæki sem Enex á aðild að í Ungverjalandi heitir Central European Geothermal Energy Ltd. Stofnkostnaður þess er um tíu milljónir króna. Fjárfestingar í nýjum verkefnum munu hlaupa á milljörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ORKUFYRIRTÆKIÐ ENEX

Enex sérhæfir sig í þróun verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku, sölu lausna, ráðgjöf, hönnun, byggingu, og rekstri jarðvarmavirkjana ásamt orkusölu til endursöluaðila.
Félagið nýtir tækniþekkingu og reynslu íslenskra fyrirtækja á sviði jarðvarma og vatnsafls og leitar að samstarfsaðila á hverjum markaði á sviði tækni, eignarhalds og fjármögnunar.

Starfsstöðvar félagsins eru í Reykjavík, Berlín í El Salvador, Peking í Kína, Wolfratshausen í Þýskalandi og Los Angeles í Bandaríkjunum.
Enex er í eigu Geysir Green Energy (73%) og Reykjavík Energy Invest (26%) ásamt ráðgjafarstofum í íslenska orkugeiranum. Hlutdeildar- og dótturfélög Enex eru IAE Inc., Enex Kína, Enex Power Germany GmbH, Enex Deutschland GmbH & Co. KG og Slovgeoterm a.s.


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


**Neytendur:** Skeggtíska í kreppunni:

# *Síð skegg það sem koma skal?*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það vill oft gleymast að lífið sjálft er ekki skráð í Kauphöllinni. Skeggið á hökunni á þér vex til dæmis óháð gengi krónunnar. Það er ekki gefins að raka sig.

Rakvélarblöð eru orðin svo dýr að eftir þeim þarf að spyrja sérstaklega á kössunum í Bónus. Nú þarf auðvitað að nota hvert blað til hins ýtrasta.

Styrmir Sævarsson leggur til eitt sparnaðarráð sem hann segist hafa lært í Þýskalandi: *„Notið gamlan tannbursta til þess að hreinsa drulluna af gömlum rakvélarblöðum til að lengja líf þeirra!“*

Annað raksturstengt sem tekur í buddunа er rakakrem til að bera á sig eftir rakstur. Sjálfur notaði ég lengi Hugo Boss aftershave, en nú er túpan komin í 5.000 krónur og því sjálfhætt með það. Í Body Shop fann ég ágætis krem sem gerir sama gagn á rúmlega þúsund kall.

Svo er auðvitað inni í myndinni að hætta að raka sig og í kreppunni (má kalla þetta kreppu núna?) fjölgar væntanlega skeggjuðum mönnum. Líttu á björtu hliðarnar. Ef þú hættir að raka þig núna þá þarftu ekki að kaupa þér gerfiskegg þegar þú ferð í jólasveinabúninginn á aðfangadagskvöld!



**RASPUTIN VAR ÞEKKTUR FYRIR MIKINN SKEGGVÖXT** Og sitthvað fleira eins og Boney M sungu um.



Myndin var tekin þegar starfsfólk Happdrættis DAS kom í heimsókn á Hrafnistu.

# Kærar **þakkir** til miðaeigenda í Happdrætti DAS

fyrir breytingar





eftir breytingar

Heimilisfólk og starfsfólk Hrafnistu í Reykjavík sendir bestu þakkir til miðaeigenda í Happdrætti DAS, sem og til starfsfólks happdrættisins, fyrir að gera drauminn um ánægjulegt ævikvöld að veruleika. Það hefur gerst með fjármögnun viðamikilla framkvæmda á deildum Hrafnistu í Reykjavík. Breytingarnar fólu í sér sameiningu tveggja herbergja í eitt með sérbaði, auk þess sem byggt var við nýtt þjónusturými á hverri hæð þar sem heimilisfólk getur komið saman, spjallað, tekið í spil og átt ánægjulegar stundir.

Happdrætti DAS hefur verið bakhjarl allra framkvæmda sem átt hafa sér stað á Hrafnistuheimilum í rúmlega hálfa öld. Með stuðningi frá Happdrætti DAS hafa orðið straumhvörf í aðbúnaði aldraðra á Íslandi.

Í 25 ára sögu Byggingarsjóðs aldraðra hefur Happdrætti DAS lagt um hálfan milljarð króna á núvirði í sjóðinn. Hefur það fjármagn verið nýtt til uppbyggingar þjónusturýma fyrir aldraða á landsbyggðinni.

Við ítrekum þakkir okkar til Happdrættis DAS og allra þeirra sem kaupa miða í happdrættinu.

Heimilisfólk og starfsfólk á Hrafnistu í Reykjavík.

das

HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 43539 09.2008



**LEIKUR MEÐ BOLTA** Þessi fallegi ísbjörn í dýragarðinum í Búdapest í Ungverjalandi brá á leik í gær, á alþjóðadegi dýra. MYND NORDICPHOTOS/AFP

Íslendingur tók við barnabótum í Noregi eftir flutning heim til Íslands:

# Dæmdur í 36 daga fangelsi

**NOREGUR** Íslenskur karlmaður var nýlega dæmdur í 36 daga fangelsi í héraðsdómi í Romsdal í Noregi fyrir að hafa misnotað velferðarkerfið og tekið við barnabótum í nokkurn tíma eftir að hann flutti aftur heim til Íslands.

Maðurinn bjó með fjölskyldu sinni í Molde í Noregi árin 2002-2003 og fékk þá barnabætur fyrir börn sín tvö. Þegar fjölskyldan flutti til Íslands árið 2003 var ekki látið vita af því og hélt því maðurinn áfram að taka við greiðslum úr velferðarkerfinu vegna barnanna.

Heildarupphæðin sem fjölskyldan fékk nemur tæplega 1,2 milljónum íslenskra króna.



**FÉKK DÓM** Dómari í Noregi taldi sakborninginn ekki eiga sér neinar málsbætur.

Þegar athygli mannsins var vakin á því að hann hefði fengið greiðslur sem hann ekki átti rétt á endurgreiddi hann upphæðina fyrir utan tæplega 7.800 norskar krónur, eða rúmlega 115 þúsund íslenskar, sem voru fyrndar, að sögn Romsdals budstikke. Með dómnum var hann þó dæmdur til að greiða þá peninga líka til baka.

Maðurinn bar fyrir rétti að vinir hefðu sagt honum að barnabæturnar héldu áfram að berast í nokkurn tíma eftir að hann flytti heim og svo myndu greiðslurnar sjálfkrafa hætta. Maðurinn sagðist hafa tekið við greiðslunum í góðri trú og væri því ekki sekur.

Dómarinn taldi hins vegar að það hefði verið gróft af honum að kynna sér ekki málið betur. - ghs

Dæmdur til að greiða sekt:

# Sveik út á kort annars manns

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur hefur verið dæmdur í sekt fyrir að hafa svikið út vörur og peninga með debetkorti annars manns. Pilturinn var dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness til að greiða 60 þúsund krónur í ríkissjóð.

Samtals sveik pilturinn út peninga og vörur fyrir um 42 þúsund krónur á allmörgum stöðum. Hann mætti ekki fyrir dóm og var málið því lagt í dóm að honum fjarstöddum.

Var talið sannað að hann hefði svikið út umræddar upphæðir og var hann því dæmdur til greiðslu sektar sem fyrr segir. - jss

Ráðstöfunarfé ráðherra:

# Nemur samtals 87 milljónum

**STJÓRNMÁL Ráðherrar ríkisstjórnarinnar fá samtals 87 milljónir króna til frjálsrar ráðstöfunar á næsta ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, sömu fjárhæð og á yfirstandandi ári.**



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

**Menntamálaráðherra fær mest fé, eða átján milljónir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fá níu milljónir, dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og iðnaðarráðherra fá átta milljónir og fjármálaráðherra fær sex.**

**Þeir fimm ráðherra sem eftir standa fá allir fimm milljónir króna til ráðstöfunar.** - bþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með stolinn sófa í eftirdragi

Þrír menn voru handteknir við umferðareftirlit um helgina. Voru þeir með talsvert þýfi, meðal annars sófa á kerru. Ekki er vitað hvaðan hann kom.

### Uppdópuð í bíl í borginni

Lögregla handtók fjóra aðfaranótt sunnudags í bíl við Lágmúla. Við leit fannst nokkuð af fíkniefnum. Ekki var hægt að yfirheyra fólkið vegna þess í hve annarlegu ástandi það var.

# Skuldlaust fyrirtæki blómstrar í kreppu

**Afkoma ársins 2007 var mjög góð hjá Forlaginu og útgáfa á árinu verður meiri en í fyrra. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir meira lesið á samdráttartímum. „Ætlum ekki að velta öllum hækkunum út í verðlagið,“ segir stjórnarmaður.**

**BÓKAÚTGÁFA** Bókaútgáfan Forlagið, sameinuð Edda og JPV-útgáfa, skilar miklum hagnaði í ár, eða nálægt 120 milljónum. Þar á bæ var eins árs starfsafmæli fagnað um mánaðamótin.

Fyrirtækið er eitt af fáum skuldlausum fyrirtækjum í landinu.

„Þetta er ávöxtun upp á 300 prósent af eiginfé, en það segir ekki neitt. Fyrirtækið er vel fjármagnað og borgar ekki vaxtagjöld. Við lögðum líka allt í þetta,“ segir Árni Einarsson, stjórnarmaður í Forlaginu og formaður stjórnar Máls og menningar.

Árni vísar þarna til þess að Mál og menning seldi í fyrra húseign sína að Laugavegi 18 til að kaupa útgáfuhluta forlagsins Eddu af Björgólfi Guðmundssyni.

Jóhann Páll Valdimarsson í JPV-útgáfu lagði sitt fyrirtæki á móti og úr varð Forlagið.

Árni segir ekki hægt að bera saman rekstur Eddu og Forlagsins, vegna þess hve Forlagið skuldi lítið. Einnig hafi fólkið þar á bæ lært af reynslunni. „Þetta er hagkvæmur rekstur. Við vorum með eitthvað um 26 starfsmenn í fyrra og það er enginn flottræfilsháttur á okkur.

Því miður féllum við í þá gryfju [í Eddu] að eyða of miklu í sameiningunni. Það voru aðrir tímar. Í staðinn fyrir sex hæðir erum við nú á tveimur, og önnur þeirra er kjallari,“ segir hann.

Sameiningin við JPV hafi gengið vel og því sé útlit fyrir sterka bókaútgáfu næstu árin. Framleiðsla fyrirtækisins er að miklu leyti innlend og því hefur gengi krónu ekki úrslitaáhrif á rekstur.

Um jólaútgáfuna segir Árni að góðir samningar hafi verið gerðir um prentun innanlands snemma hausts. „Og fólkið fær að njóta þess. Við ætlum ekki að velta öllum hækkunum út í verðlagið og vonum að við fáum stuðning til þess að stilla verðhækkunum í hóf.“ klemens@frettabladid.is

## ÍSLENDINGAR LESA MEIRA Í KREPPUNNI




„Þetta er ákaflega krefjandi umhverfi en bækur hafa alltaf selst vel á krepputímum. Íslendingar virðast þá lesa meira,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Fyrirtækið áformar að gefa út hátt í 350 titla í ár, að kennslubókum, endurútgáfum og endurprentunum meðtöldum. Það mun vera heldur meira en Edda og JPV gáfu áður út, sitt í hvoru lagi.

„Sameiningin hefur gengið vonum framar og við horfum bjartsýn fram á veginn,“ segir Egill Örn á eins árs afmæli fyrirtækisins.



**KAUHAJOKI** Fórnarlambanna hefur verið minnst með kertaljósum.

Skólamorðið í Finnlandi:

# Talaði við vini í miðju morði

**FINNLAND Matti Juhani Saari, ungi maðurinn sem skaut skólafélaga sína og kennara í Kauhajoki í Finnlandi nýverið, skaut um 200 skotum inni í skólabyggingunni. Rannsókn lögreglu hefur einnig sýnt að Saari talaði við vini sína meðan á fjöldamorðinu stóð, meðal annars hringdi fyrrverandi kærasta í hann, að sögn dagblaðsins Hufvudstadsbladet. Hann sagðist þá vera á klósettinu.**

**Talið er að Saari hafi skipulagt mun meira blóðbað en raunin varð. Hann skaut um nokkur hundruð skotum inni í skólanum og var alls ekki búinn með skotfærin þegar hann stytti sér aldur. Þremur stúdentum tókst að flýja en ekki hefur enn verið hægt að yfirheyra þá.** - ghs


Vantar þig undirbúning í stærð-, eðlis- og efnafræði fyrir háskólanám?

Opni Háskólinn í HR







Námskeið í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði fyrir nemendur með stúdentspróf og a.m.k. 12 einingar í stærðfræði framhaldsskóla hefjast á vorönn 2009

**Kennsla hefst 8:15 á daginn og lýkur 14:35**

**Námskeið 1 og 2: 12. janúar – 27. febrúar. 2009** Próf 2. – 6. mars 2009

Stærðfræði (algebra): 90 kennslustundir Efnafræði: 90 kennslustundir og verklegar æfingar

**Námskeið 3: 9. mars – 30. apríl. 2009.** Próf 4. maí 2009 Stærðfræði (rúmfræði): 90 kennslustundir

**Námskeið 4: 9. mars – 15. maí. 2009.** Próf 18. maí 2009 Eðlisfræði: 120 kennslust. og verkl. æf.

Allar nánari upplýsingar veita: **Málfríður Þórarinsdóttir s. 599 6438 netfang: malfrid@ru.is**

**Vilborg Jónudóttir s. 599 6255 netfang vilborg@ru.is**

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

opnihaskolinn.is




**FÉKK VIÐURKENNINGU** Kristján Ragnarsson var heiðraður fyrir störf í þágu sjávarútvegs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján Ragnarsson:

# Heiðraður fyrir framlag sitt til sjávarútvegs

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssamband íslenskra útvegsmanna heiðraði á liðinni Kristján Ragnarsson fyrir störf hans í þágu íslensks sjávarútvegs. Kristján var um árabil formaður LÍÚ.

Við sama tækifæri voru Íslensku sjávarútvegsverðlaunin veitt. Mörg verðlaun voru veitt og hlaut Kristbjörn Árnason, skipstjóri á Sigurði VE-15 frá Vestmannaeyjum, viðurkenningu sem framúrskarandi íslenskur skipstjóri. Þá fékk útgerðin Bergur-Huginn í Vestmannaeyjum viðurkenningu og fiskvinnslan Skinney-Þinganes á Höfn í Hornafirði. - kóp




*Í starfi mínu legg ég meginánherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

# Fyrst og fremst í heilsudýnum



## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu á góðu verði

**Scape Wallhugger - Eitt með öllu**

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

| Scape | Verð |
|---|---|
| 120x200 | 309.900 |
| 160x200 | 479.900 |
| 180x200 | 499.900 |
| KING SIZE | 519.900 |



IQ-CARE ein allra besta heilsudýna í heimi.

**Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði**

| Proflex | Verð |
|---|---|
| 160x200 | 279.900 |
| 180x200 | 299.900 |

**6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með**

**Chiropractic®**

**Amerísku heilsudýnurnar**



Ný sending af vinsælu sængurverasettunum.

Ný teppasett.

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




**AKUREYRI**

Svefn & heilsa ★★★★★




**REYKJAVÍK**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

**FRÉTTASKÝRING: Úrelding olíunnar** NiMH $H_2$ $C_2H_6O$ DME $CO_2$ $O_2$ Li-ion **4. hluti**

# Almenningssamgöngur á 21. öld

**Hægt er að gera einkabílinn óháðan jarðefnaeldsneyti með raf- og lífeldsneytisvæðingu. En almenningssamgöngur geta líka leikið hlutverk í að gera Ísland óháð innfluttu eldsneyti og í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Lausnin er þó ekki „léttlestakerfi“.**

Til að gera Ísland minna háð innflutningi dýrs og mengandi jarðefnaeldsneytis er unnt - og reyndar nauðsynlegt - að gera fleira en að flýta fyrir rafvæðingu einkabílsins. Önnur leið er að gera almenningssamgöngur skilvirkari og meira aðlaðandi svo að minni þörf skapist á akstri einkabíla í mesta þéttbýlinu.

Þá þarf að gera vöruflutninga skilvirkari og minnka þörf þeirra fyrir eldsneyti. Í ljósi þess að þriðjungur allrar neyzlu jarðefnaeldsneytis Íslendinga er olíueyðsla fiskiskipaflotans myndi muna mestu um að finna leiðir til að knýja skip með öðrum orkugjöfum en olíu. Um þá möguleika verður fjallað síðar en hér verður sjónum beint að því hvað hægt er að gera til að gera aðrar landsamgöngur en einkabílaakstur minna háðar jarðefnaeldsneyti og hvernig þær geta dregið úr akstri einkabíla og þar með minnkað heildareldsneytisþörf samfélagsins.

Skipulagsmál skipta líka miklu máli í þessu samhengi; væri þeirri hugsun gefið meira vægi í borgarskipulaginu að gera íbúunum kleift að sinna daglegum nauðsynjaerindum á borð við innkaup og ferðir til og frá vinnu eða skóla án þess að þurfa á bíl að halda myndi það hjálpa mjög til við að draga úr bílaumferð.

### Ímynd og skilvirkni

Megnið af daglegri bílaumferð á Íslandi fer fram á götum höfuðborgarsvæðisins. Daglegur akstur hvers einkabíls er að jafnaði innan við 50 kílómetrar og á meirihluta heimila eru minnst tveir bílar í rekstri. Með betri almenningssamgöngum sem fleiri vildu nota væri hægt að draga verulega úr þessum akstri. Til þess að bæta almenningssamgöngur þannig að þetta markmið næðist þarf hins vegar að gera meira en að skipta út díselknúnum strætisvögnum fyrir metangasvagna, svo dæmi sé nefnt um það sem verið er að gera í að uppfæra strætisvagnakerfið á höfuðborgarsvæðinu. Hugmyndir um „léttlestarkerfi“ eru heldur ekki raunhæf leið að þessu marki; einfaldlega vegna þess hve dreifð byggðin er yrði slíkt kerfi allt of dýrt, og auk „léttlesta“ á stofnleiðum yrði hvort eð er að reka strætisvagnaleiðir út um hin dreifðu úthverfi borgarinnar.



**METNAÐUR Í STOKKHÓLMI** Strætisvagn af stærri gerðinni, sem útbúinn hefur verið með etanól-raftvinndrifi Scania, á götu í Stokkhólmi. Þar í borg eru síðustu díselolíuknúnu strætisvagnarnir á útleið. LJÓSMYND/SCANIA

> Reykjavík gæti tvímælalaust lært af reynslu Stokkhólms af innleiðingu vistvænni samgangna.



**ULLA HAMILTON**
FER MEÐ UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUMÁL Í BORGARSTJÓRN STOKKHÓLMS

Ein meginröksemd þeirra sem styðja hugmyndir um „léttlestir“ er að þær eru rafdrifnar og hafa allt aðra og meira aðlaðandi ímynd en hefðbundnir strætisvagnar. En þessum kostum „léttlesta“ er hægt að ná með öðrum og kostnaðarminni aðferðum. Til lengri tíma litið er hægt að sjá fyrir sér raf-/metangasdrifna tvinnvagna sem væru eins og blendingur leigubíls og hefðbundins strætisvagns. Sjá má fyrir sér að leiðakerfi þeirra væri sveigjanlegt og stýrt af GPS-staðsetningartækni og tengt farsímakerfinu, þannig að hver farþegi geti stigið um borð nær þeim stað sem hann er staddur á og frá borði nær áfangastað en hið lítt sveigjanlega leiðakerfi nútímans býður upp á. Þægindi verði stóraukin og biðtími eftir fari styttur mjög.

### Nýjungar lofa góðu

Til skemmri tíma litið lofa þær nýjungar góðu sem strætisvagnaframleiðendur eru að vinna að. Dæmi um það fékk greinarhöfundur að sjá í heimsókn hjá sænska vörubíla-, strætisvagna- og rútuframleiðandanum Scania. Þar er unnið að ýmsum nýjungum, en ein sú allra áhugaverðasta er rafmagns-etanól-tvinndrifinn strætisvagn sem er byggður upp á einingum sem hægt er að raða saman eftir þörfum (sjá nánar hér að neðan). Í samanburði við díselknúinn vagn losar þessi tvinndrifs-vagn, sem er knúinn rafmagni en etanól-dísilvél sér rafmótornum fyrir raforkunni, allt að 90 prósentum minna af koltvísýringi og eyðir minnst fjórðungi minna eldsneyti. En það sem er jafnvel mikilvægara en sá útblásturs- og eldsneytissparnaður sem næst með þessari tækni þá eru líkur á því að svo nýstárlega hannaður strætisvagn, sem býður upp á meiri þægindi og auðveldari umgengni fyrir farþegana, geti breytt ímynd strætisvagna þannig að fleira „venjulegt“ fólki, sem annars er erfitt að fá til að stíga út úr bílnum sínum upp í strætó, til að velja að ferðast með slíkum almenningsvagni.

### Án olíu í Stokkhólmi

Scania hóf strax fyrir hálfum öðrum áratug að sjá almenningssamgöngusamlagi Stór-Stokkhólms, SL, fyrir líf-etanóldrifnum strætisvögnum. Þar með hefur safnast mikil reynsla hjá SL af rekstri lífeldsneytis-strætisvagna. Enginn díselknúinn strætisvagn er á götunum lengur innan miðborgar-umferðarskattsmarkanna í Stokkhólmi og síðustu díselvagnarnir á Stór-Stokkhólmssvæðinu eru á útleið. Í þeirra stað koma bæði etanól- og gasdrifnir vagnar. Þá eru sorphirðubílar borgarinnar brátt allir knúnir metangasi sem að mestu kemur úr þar til gerðri nýtingarstöð lífræns úrgangs. Og nú í vetur koma á götur Stokkhólms nokkrir tilraunavagnar frá Scania sem eru hefðbundnir útlits en útbúnir raf-etanóltvinndrifi tilraunavagnsins sem getið var hér að framan.

Nú þegar eru enn fremur flestir leigubílar Stokkhólms lífeldsneytisbílar (knúnir E85, lífdísel eða metangasi) og borgin hefur efnt til samstarfs við orkufyrirtækið Fortum um tilraunir með tengiltvinnbíla, en eitt af helztu markmiðum þeirra tilraunar er að finna út úr því hvar í borgarlandslaginu hagstæðast sé að koma upp hleðslustöðvum fyrir tengiltvinn- og rafbíla.

Miðborgar-umferðarskattskerfið, sem var fyrst komið upp í tilraunaskyni en var síðan ákveðið í almennri atkvæðagreiðslu um leið og síðustu borgarstjórnarkosningar fóru fram að skyldi verða varanlegt frá 1. ágúst 2007, hefur eitt og sér dregið úr umferð í miðborginni og þar með bæði mengun og umferðarteppum.

### Reynsla sem læra má af

Allar þessar lausnir eiga þátt í að draga úr eldsneytiseyðslu en þó sérstaklega útblæstri koltvísýrings og annarra mengandi efna frá ökutækjum og bæta þar með lífsgæði íbúanna.

Ulla Hamilton, sem fer með umhverfis- og samgöngumál í borgarstjórn Stokkhólms, segir markvisst unnið að metnaðarfullum markmiðum á þessu sviði. Spurð hvort hún telji borg eins og Reykjavík geta lært af reynslu Stokkhólms segir hún tvímælalaust svo vera.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

## Tvinndrifstæknin hefur innreið sína í þung farartæki

**Scania hefur þróað „strætisvagn framtíðarinnar“ sem er búinn etanól-tvinn-rafdrifi og er samsettur úr einingum sem gerir hönnunina mjög sveigjanlega og opnar fyrir hagkvæma möguleika á klæðskerasniðnum útfærslum.**

Með tvinndriftækninni vinnst bæði mikill eldsneytissparnaður – hann er talinn nema minnst 25 prósentum – og með því að láta aflgjafann fyrir rafmótorinn ganga fyrir lífeldsneyti er með þessari tækni hægt að draga úr koltvísýringsútblæstri um allt að 90 prósentum, miðað við sambærilegan dísilknúinn vagn.

Að sögn Nils-Gunnars Vågstedts, sem stýrir tvinntækniþróuninni hjá Scania í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Södertälje suðvestur af Stokkhólmi, verður tvinndrifsbúinn strætisvagn að vera 20-30 prósentum sparneytnari en hefðbundinn til að réttlæta aukakostnaðinn við að fjárfesta í þessari dýrari tækni. Krafa sé gerð um að tvinndrifsbúnaðurinn endist eins lengi og vagninn sjálfur.

### Samsettur úr einingum

Yfirbygging tvinndrifsvagnsins er öll úr áli og er sett saman úr fjórum höfuðeiningum:

- *farþegaeiningunni í miðjunni þar sem engar hjólskálar spilla rýminu,*
- *framendann þar sem ökumaðurinn situr fyrir miðju (líkt og í sporvagni eða járnlest) ofan á framöxlinum,*
- *afturendann þar sem allt drifkerfið er í einni einingu ofan á stýranlegum afturhjólunum,*
- *toppstykkinu þar sem pláss er fyrir orkugeymslueiningar (ofurþétta eða rafgeyma), rafmagns-loftkælingu, miðstöð og loftræstikerfi, og pláss fyrir gastanka (ef gas er valið sem orkugjafi brennsluvélar tvinndrifkerfisins, en það gæti einmitt hentað vel hér á landi þar sem Reykjavíkurborg á metangasið sem upp úr gömlu öskuhaugunum kemur).*

Um 80 prósent hlutanna sem vagninn er samsettur úr er þegar í framleiðslu í Omni-strætisvagnalínu Scania.



**TVINNDRIF** Það byltingarkennda við „framtíðarstrætó“ Scania er að allur drifbúnaðurinn rúmast í einingu ofan á stýranlegum afturhjólunum. MYND/SCANIA



**STRÆTISVAGN FRAMTÍÐARINNAR?** Meðal einkenna á tvinndrifs-strætisvagni Scania er að hjólin eru út við hornin og gólfið í vagninum er slétt og lágt. LJÓSMYND/SCANIA

Prófanir á tvinndrifkerfinu eru hafnar í hefðbundnum strætisvögnum á götum Stokkhólms, en að sögn Vågstedts eru enn nokkur ár í að þessi tækni verði komin á það stig að hægt verði að markaðssetja hana.

### Mest sparast í borgarakstri

Vågstedt segir lykilforsenduna fyrir því að tvinndriftæknin verði samkeppnishæf vera orkugeymslukerfið. Í tilraunavögnunum er notazt við ofurþétta frekar en hefðbundna rafgeyma, en ástæðan fyrir því er að hægt er að hlaða raforku mun hraðar inn á ofurþétta og sækja hana út af þeim aftur en hægt er jafnvel í nýjustu gerð liþíumrafhlaðna. Gallinn við ofurþétta er að orkugeymslugeta þeirra er mun minni en rafhlaðna.

Þar sem rafmagnsgeymslutæknin sé nú í örri þróun segist Vågstedt sjá fyrir sér að tvinntækni eigi eftir að hefja innreið sína fyrir alvöru í bæði farþega- og vöruflutningabíla á næstu árum. Tvinntæknin bjóði upp á mestan eldsneytissparnað í borgarakstri, þar sem oft þarf að hemla og taka af stað. Því verði „full-tvinndrif“ í strætisvögnum, sorphirðubílum, innanbæjar-vörudreifingarbílum og fleiri slíkum vinnubílum. „Mildari“ útfærslur af tvinndrifi henti betur í langaksturs-vörubíla og rútur. Það eitt að endurvinna hemlunarorku bjóði upp á minnst 10 prósenta eldsneytissparnað í þungum farartækjum og því muni borga sig að hafa að minnsta kosti „mildustu gerð“ slíks tvinndrifsbúnaðar í nær öllum slíkum ökutækjum.



**NILS-GUNNAR VÅGSTEDT**

FJÓRÐA GREININ AF FJÓRUM

Námskeiðsgjald
**4.500 kr.**

# TAKTU VÖLDIN

# „ÚR MÍNUS Í PLÚS“

# OG ÞÚ VERÐUR ÞINN EIGIN BANKASTJÓRI

# Í BORGARLEIKHÚSINU 13. OKTÓBER

Skráning á spara.is og í síma 587 2580 og 577 2025

**25**
**milljóna lán**
heildargreiðsla á 40 árum
**139 milljónir**

**þú sparar**
**65**
**milljónir**

Með veltukerfi spara.is getur þú stytt lánstímann og sparað svo um munar

Miðað við styttingu lánstíma um 15 ár, 3,9% verðbólgu og 5,1% vexti.

**15**
**milljóna lán**
heildargreiðsla á 40 árum
**83 milljónir**

**þú sparar**
**39**
**milljónir**

Með veltukerfi spara.is getur þú stytt lánstímann og sparað svo um munar

Miðað við styttingu lánstíma um 15 ár, 3,9% verðbólgu og 5,1% vexti.

„Það er engin fjárhagsvandi svo erfiður að ekki sé hægt að leysa hann“
**Ingólfur H. Ingólfsson**



**Það sem þú getur gert:**

- Greitt hratt niður skuldir án þess að bæta við greiðslubyrðina
- Sparað milljónatugi í vexti og verðbætur
- Byggt upp sparnað og eignir

...allt þetta með þeim peningum sem þú átt nú þegar!

**EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐ VERÐA Í BOÐI Í HAUST**

| | |
|---|---|
| Reykjanesbær | 7. okt. kl. 18:15 til 22:15 |
| Borgarleikhús | 13. okt. kl. 18:15 til 22:15 |
| Ísafjörður | 21. okt. kl. 18:15 til 22:15 |
| Borgarleikhúsið | 3. nóv. kl. 18:15 til 22:15 |
| Selfoss | 11. nóv. kl. 18:15 til 22:15 |

**FJÁRHAGSKERFI HEIMILISINS**

Nýtt tölvukerfi verður kynnt á námskeiðinu sem sameinar bókhalds- og uppgreiðslukerfi spara.is og ýmsar reiknivélar sem finna hagstæðasta lánið og besta sparnaðinn. Þetta er fjárhagskerfi fyrir þá sem vilja ná árangri í fjármálum og hafa gaman af peningunum sínum.

SPARNAÐUR

Sparnaður ehf greiðir niður námskeiðið
ÚR MÍNÚS Í PLÚS úr 9.000 kr í 4.500 kr haustið 2008.

Holtasmára 1  201 Kópavogur  Sími: 577 2025  www.sparnadur.is

www.spara.is - Fjármál heimilanna ehf - 587 2580

spara.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vistvænni samgöngur:

## Gera þarf betur

**AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR**

Íslendingar voru nú um helgina minntir með óþægilegum hætti á ókostina sem fylgja því að búa á úthafseyju er forsvarsmaður eins olíufélagsins greindi frá því að vegna gjaldeyrisskorts í viðskiptabönkunum væri erfitt að fá keypt eldsneyti til landsins og olíufélögin hefðu aðeins 30-40 daga birgðir.

Yfir 300.000 tonnum af innfluttu eldsneyti, bensíni og díselolíu, er brennt í bílvélum Íslendinga á hverju ári. Eins og þróunin á heimsmarkaðsverði olíu og gengi íslenzku krónunnar hefur verið þarf að greiða tugi milljarða króna fyrir þennan innflutning. Það væri því ekki lítil lyftistöng fyrir þjóðarbúið ef innlend raforka (og ræktað eða tilbúið eldsneyti) kæmi að mestu í staðinn fyrir þessa innfluttu orku, en á því er raunhæfur möguleiki ef alvara er gerð úr því að flýta fyrir því að hér komist raf- og tengiltvinnbílar í umferð í stórum stíl. Til þess að það megi verða stendur það upp á ríkisvaldið að skapa áþreifanlega hvata til að þannig bílar komist hér á göturnar um leið og bílaframleiðendur bjóða upp á þá. Nýgerður samningur iðnaðarráðuneytisins við Mitsubishi-iðnrisann japanska um prófanir á nýjum rafbíl og uppbyggingu þjónustunets við rafbíla hérlendis er skref í rétta átt. En betur má ef duga skal.

Geir H. Haarde forsætisráðherra lét þess getið í stefnuræðu sinni á Alþingi síðastliðið fimmtudagskvöld að ríkisstjórnin hefði ákveðið að breyta reglum um gjaldheimtu af ökutækjum og eldsneyti þannig að hagrænir hvatar sköpuðust til að íslenzkur almenningur veldi sér vistvænni bíla. Þar hlýtur Geir að hafa verið að vísa til tillagna sem lagðar voru fyrir ríkisstjórnina í vor og eru afrakstur vinnu sérskipaðs starfshóps sem fulltrúar fjögurra ráðuneyta áttu sæti í. Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneytinu er hins vegar vinna við gerð lagafrumvarps á grundvelli þessara tillagna ekki hafin þar sem ríkisstjórnin hefði enn ekki tekið ákvörðun um að það skyldi gert. Enda sér þess hvergi stað í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi að gert sé ráð fyrir nokkrum breytingum á því fyrirkomulagi gjaldheimtu af bílum, eldsneyti og umferð sem nú er við lýði.

Fréttirnar af því að til eldsneytisskorts gæti komið í landinu voru reyndar líka áminning um að ríkisstjórnin sýndi ábyrgðarleysi þegar hún ákvað að selja eldsneytistankana í Hvalfirði, sem ríkið erfði eftir Varnarliðið, til einkaaðila í stað þess að nýta þá til að geyma varaeldsneytisbirgðir fyrir þessa bílaháðu eyþjóð. Það sýnir sig nú í gjaldeyrisskortinum hve skynsamleg sú ráðstöfun hefði verið – svo lengi sem bílar hinnar bílaháðu þjóðar ganga fyrir innfluttu eldsneyti. Það er spurning um orkuöryggi.

En það eru fleiri aðilar sem þurfa að gera betur. Í greinaflokki um „úreldingu olíunnar“ sem birtur hefur verið í Fréttablaðinu undanfarna daga er minnzt á fordæmi sænsku borgarinnar Växjö, sem með metnaðarfullri umhverfisstefnu hefur orðið sér úti um nafnbótina „grænasta borg Evrópu“. Í ljósi þess að í orkubúskap Reykvíkinga vegur endurnýjanleg orka enn þyngra en í „grænustu borg Evrópu“ ætti það að vera Reykvíkingum hvatning til að setja sér markmið sem gera myndu borginni kleift að gera tilkall til þessa titils. Langstærsti mengunarvaldurinn í borginni er umferðin. Til að ná þessu marki þyrftu því bæði ríki og borg að taka saman höndum um að stuðla að sjálfbærri samgöngubyltingu, þjóðarhag og ímynd Íslands til framdráttar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bara uppvaskið eftir

Nú er veislan búin á Íslandi, segir í grein The Guardian í gær. Ekki nóg með það, nú er kominn tími fyrir „krúttkynslóðina“ svokölluðu að fara að skíta út á sér hendurnar eða svo segir Siggi Hall í þeirri sömu grein. Síðan segir Siv Friðleifs í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni að þessar þrengingar hafi það í för með sér að hin kvenlegu gildi munu eiga meira upp á pallborðið eftirleiðis. Einhverjir kynnu að túlka þetta sem svo að það stefni bara í allsherjar uppvask.



### Engar klisjur á minni vakt

Stjórnmálamenn eiga það til að svara í klisjum þegar umræðan er að fara á hættulegar slóðir. Undanfarna daga hafa margir stjórnarliðar sagt að nú sé tími til að leita að lausnum en ekki sökudólgum. Agli Helgassyni var þó nóg boðið þegar hann fékk að heyra rulluna margendurtekna í þætti sínum í gær og brást ókvæða við. „Þetta er búið að gerast á ykkar vakt,“ sagði hann við Pétur Blöndal og Ágúst Ólaf Ágústsson. Það er ljóst að nú eiga stjórnmálamenn ekki að komast upp með einhverjar klisjur; alltént ekki á vaktinni hans Egils.



### Söguleg seinheppni

Nýtt Mannlíf er komið út og kennir þar margra grasa. Meðal þeirra sem skrifa í nýja tölublaðið er sjálfur Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Hannes er menntaður í stjórnmálafræði og sagnfræði og nýtist sú menntun honum áreiðanlega í greininni, en hún ber titilinn Söguleg seinheppni. Í henni er fjallar Hannes um ótrúlegar yfirsjónir og ranga spádóma.

Spennandi verður að sjá hvort Hannes fjallar um efnahagsstefnu síðustu ára undir stjórn Davíðs Oddssonar og þá spádóma sem stjórnarliðar hafa viðhaft.

**jse@frettabladid.is**
**kolbeinn@frettabladid.is**

# Gegnum dimman kynjaskóg



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**Í DAG** | Meðan beðið er

Þegar þetta er skrifað upp úr hádegi á sunnudegi fer vaxandi sú nagandi tilfinning að beðið sé eftir Godot. Algjört ráðleysið endurspeglast í Pétri Blöndal að tala um það í Silfrinu að selja Þjórsá…

Þegar þetta er birt verður vonandi búið að tilkynna eitthvað. Varla þó að Davíð Oddsson muni að eigin frumkvæði láta af störfum og við taki Jón Sigurðsson eða annar slíkur maður sem nýtur almenns trausts innanlands sem utan, eins og eðlilegast væri að gera eftir svo afdráttarlaust skipbrot peningastefnunnar; varla heldur að nú verði fenginn til ráðgjafar Þorvaldur Gylfason sem mánuðum og árum saman hefur varað við afleiðingum ríkjandi stefnu… og varla er heldur að vænta yfirlýsingar um aðildarumsókn að ESB og evruupptöku – það er allt annað og algjörlega óskylt mál að sögn forsætisráðherrans. Varla er nokkurs að vænta því að núverandi ríkisstjórn er pattstjórn og eingöngu við völd vegna þess að engin önnur stjórn virðist möguleg. En vonandi verður eitthvað um risalán frá útlöndum.

Nei, þegar maður situr á sunnudegi og bíður eftir efnahagsráðstöfunum, bíður og bíður en ekkert gerist annað en að sjálf biðin verður eins og inntak tilverunnar – þá fer maður að hugsa um skáldskap.

**Þinn draumur býr þeim mikla mætti yfir**… Og hvað er nærtækara en að hugsa um Stein Steinar á þessu afmælisári hans? Skáldinu sem fyrst orti um íslenska drauminn eins og hann er, sagði okkur satt og verður því aldrei heiðraður með styttu, þó að reynt hafi verið að þagga niður í honum með geðlurðulegum lögum.

Er ástandið ekki núna eins og í ljóði eftir hann? Einhvern veginn hroðalegt og ankannalegt, aumt og hálegt?

Og þá er ég ekki bara að tala um þetta: „Það bjargast ekki neitt, það ferst, það ferst. / Það fellur um sig sjálft og er ei lengur.“

Nei – annað ljóð hefur leitað enn meira á hugann undanfarna daga: „Í draumi sérhvers manns.“ Svona byrjar það: „Í draumi sérhvers manns er fall hans falið. / Þú ferðast gegnum dimman kynjaskóg / af blekkingum, sem brjóst þitt hefur alið / á bak við veruleikans köldu ró.“

Þetta er einmitt ort um okkur. Fyrst kemur staðhæfingin eins og sleggja og svo er hún útskýrð betur: Á bak við veruleikans köldu ró – það er að segja hlutirnir eru einhvern veginn í raun og veru – hefur brjóst okkar alið blekkingar í slíkum mæli að þær eru orðnar að dimmum kynjaskógi.

Svo kemur næsta erindi og nú er draumurinn tekinn að færa sig upp á skaftið: „Þinn draumur býr þeim mikla mætti yfir / að mynda sjálfstætt líf, sem ógnar þér. / Hann vex á milli þín og þess, sem lifir, / og þó er engum ljóst hvað milli ber.“

**Draumurinn um yfirráðin**

Hver er sá draumur sem Steinn Steinarr orti hér um? Draumurinn sem varð okkur að falli? Draumurinn sem óx okkur yfir höfuð. Draumurinn sem „lykur um þig löngum armi sínum, / og loksins ert þú sjálfur draumur hans.“

Það er sá draumur að vera annar en maður er í raun og veru. Og aðferðin við að gera þennan draum að veruleika er að fá lánaða peninga til að kaupa dót sem láta mann líta einhvern veginn öðruvísi út. Það er enginn eðlismunur á einkaþotu útrásargosans og pallbíl meðaljónsins. Hvort tveggja er dýr leikmunur.

Aðstæður frá 2004 voru þessari draumlyndu þjóð sérlega hættulegar: nóg af ódýru lánsfé um allan heim, og hægt að kaupa og kaupa, því dýrara því meiri maður var maður. Við skulum ekki rifja upp öll þau ömurlega dæmi sem við höfðum fyrir augunum um framgöngu auðmannanna.

En okkur dreymdi sennilega um nútímann, að hafa hann á valdi okkar. Við vildum eignast hann, og eignast um leið Evrópu og allt það sem hún hefur. Vera menn með mönnum, umfram allt þjóð meðal þjóða. Sá draumur varð okkur að falli. Útrásin var árás, lýsti sér í því að vilja eignast það sem aðrir höfðu, vera það sem aðrir voru; spila í Albert Hall, leggja undir sig stolt annarra þjóða eins og vandalar að ráðast inn í Róm; álengdar sátum við hin, við þessir venjulegu Íslendingar, og fórum hjá okkur. Allan tímann hafði maður þessa nagandi tilfinningu að þetta væri ekki í alvörunni.

Enda var þetta bara draumur. Og nú þegar við erum vöknuð þurfum við að berjast gegnum dimman kynjaskóg…

# Króna eða evra

**UMRÆÐAN**

Gunnar Tómasson skrifar um efnahagsmál



**GUNNAR TÓMASSON**

Gengsvísitala Seðlabanka Íslands hækkaði um 53% frá upphafi árs til 27. september 2008. Um ástæðu þessa gengishruns er ýmist bent á breyttar aðstæður á alþjóðamörkuðum eða ótilgreindan veikleika krónunnar þar sem flestir aðrir gjaldmiðlar hafa sloppið við svipaðar hrellingar.

Nýlega töldu Einar Benediktsson og Jónas H. Haralz Ísland hafa tvo kosti: annaðhvort að fylgja fram núverandi peningakerfi í endurbættri mynd, eða eiga með einhverjum hætti aðild að myntbandalagi Evrópu og Seðlabankinn gerði sjálfur grein fyrir því hvernig endurbæta megi núverandi kerfi. Hér er komið að kjarna málsins, því gengishrun krónunnar er rökrétt afleiðing þess kerfis sem Seðlabanki Íslands kom á fót 2001 og felst í því að gefa lánastofnunum lausan tauminn varðandi umfang og fjármögnun útlánaþenslu innanlands og utan að forskrift þeirrar hugmyndafræði sem kallast The Washington Consensus.

„Aukið frjálsræði er forsenda fyrir stöðugu gengi“ er kennisetning hugmyndafræðinnar á sviði gjaldeyrismála í framsetningu Jóns Sigurðssonar viðskiptaráðherra/seðlabankastjóra á Alþingi 1991. Þessi kennisetning er hins vegar ekki gjaldgeng sem vegvísir við stjórn gjaldeyrismála við þær aðstæður sem hafa verið aðall íslenzkra peningamála. Því, eins og höfundur lýsti yfir á fundi með forsætisráðherra Steingrími Hermannssyni og öðrum ráðherrum 1989, peningamálum landsins hafði ekki verið stjórnað um langt árabil, sbr. útlánaþenslu upp á 3450% (ekki ritvilla!) á árunum 1980-1989. Á meðan svo væri í pottinn búið væri algjör fásinna að afnema öll höft á fjármagnsflutningum. Upp úr 1990 stefndu stjórnvöld að tengingu krónunnar við ECU mynteiningu Evrópubandalagsins (síðar evru) með samstilltri stjórn peninga- og ríkisfjármála en það gekk ekki upp. Í kjölfar einkavæðingar bankanna varð útlánaþensla aftur af þeirri stærðargráðu að samrýmdist ekki 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans.

Svo lengi sem stjórn peningamála tekur ekki mið af markmiðum stjórnvalda um verðbólgu og greiðslujöfnuð við útlönd er tómt mál að tala um upptöku evru hvort sem er utan eða innan ESB. Sú tilgáta að peningalegt jafnvægi verði bezt tryggt með því að gefa lánastofnunum lausan tauminn hefur þegar orðið þjóðinni dýrkeypt rugl.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**BLÓMAVASAR** verða að vera hreinir þegar blóm eru sett í þá því lítils háttar óhreinindi geta stíflað rásirnar í blómaleggjunum svo blómin deyja strax. Blómin eru auk þess til mun meiri prýði í hreinum vösum en óhreinum.


FRÉTTABLAÐIÐ

;ALLT

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





SIEMENS

Aneta

Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is




Lífið er ljúft í danska antíksófa Eyjólfs Eyjólfssonar óperusöngvara sem hér drekkur úr merkilegum antíkbolla frá Snape á Englandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heimilislegur hobbitastíll

**Það er sjálfstæði og karakter í heimilisbrag hafnfirska óperusöngvarans Eyjólfs Eyjólfssonar. Hver hlutur er valinn af kostgæfni og smekkvísi, en listamaðurinn dregst að heimilum þar sem öllu ægir saman.**

„Ég gerði dauðaleit að ódýrum antíksófa og fann loks í Antíkbúðinni í Hafnarfirði á átján þúsund krónur,“ segir Eyjólfur sem undanfarið hefur komið sér fyrir í hafnfirsku stúdíói. „Ég ætlaði fyrst að kaupa, en tók svo blessunarlega íbúð á leigu; nú feginn og kátur í kreppunni,“ segir Eyjólfur og skellir upp úr.

Í stofunni stendur virðulegt antíkborð frá afa Eyjólfs og á veggjum hanga málverk sem hann hefur fengið í arf. „Aðalatriðið er að hafa fallega hluti í kringum sig, sem helst hafa persónulegt gildi og sögu. Ég heillast af heimilislegum hobbitastíl þar sem öllu ægir saman á smekklegan hátt og margt er að skoða,“ segir Eyjólfur og lætur fara vel um sig í sófanum þar sem Ikea-kollur þjónar sem stofuborð.

„Ég er hrifinn af íslenskri nytjalist og hef á kollinum íslenska olíulukt og leirskál, en í karöflunni eru nýútsprungnar pelargóníur frá ömmu,“ segir Eyjólfur sem fékk útsaumspakka úr Þjóðminjasafninu frá ömmu sinni um síðustu jól. „Mynstrið er Skaftafellsrósin, unnin upp úr Sjónabók Einars Jónssonar í Skaftafelli. Ég saumaði hana út á vordögum og fannst blátt áfram æðislegt, ekki síst að sitja að saumum og hlusta á útvarpið,“ segir Eyjólfur sem hyggst fylla nýja sófann með púðum úr íslenskum krosssaumi. „Það færir manni svo mikla gleði að dunda við eitthvað sem tengir mann við land sitt og sögu, svo ég tali ekki um eigið handverk þegar upp er staðið,“ segir Eyjólfur og hagræðir bústinni kú á sófanum.

„Kýrin er mitt uppáhaldsdýr því hún er svo góð og merkileg skepna. Ég var fjögur sumur í sveit í Hraungerði í Flóa, þar sem ég fór í fjósið kvölds og morgna, en gæfasta kýrin hét Tá, af því hún var með litla tá fyrir ofan eina klaufina. Þetta er því Táin mín.“

*thordis@frettabladid.is*


Patti lagersala VERÐHRUN

Bjóðum 10 hornsófa 4 mismunandi áklæði

aðeins kr. 99.900,- verð áður 186.900



landsins mesta úrval af sófasettum - yfir 200 tegundir

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

;ALLT FERÐIR

Alla miðvikudaga og laugardaga

Vertu viðbúinn

Tilboð til 15. október á hjólbörðum

**Slepptu því að lenda í röð** - komdu til okkar núna og fáðu hágæða Bridgestone loftbóludekk fyrir veturinn á tilboðsverði

15% afsláttur af öllum heilsársdekkjum fyrir fólksbíla og jeppa

20% afsláttur af umfelgun fyrir fólksbíla og jeppa



Bridgestone loftbóludekk eru umhverfisvænn kostur

Engir naglar = minna svifryk

Við geymum dekkin á dekkjahóteli fyrir þig!

ALORKA

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

REYKJAVÍK - Tangarhöfði 1, s. 577 3080

AKUREYRI - Réttarhvammur 1, s. 464 7900

www.alorka.is

VISA MasterCard

Umboðsaðili á Íslandi fyrir

BRIDGESTONE

;ALLT NÁM

Alla þriðjudaga

**MÓSAÍKFLÍSAR** eða aðrar flísar er sniðugt að leggja á borðplötur sem eru orðnar ónýtar. Ef sköpunargleðin er mikil getur útkoman orðið algjört listaverk.




## Til leigu í Skútuvogi 1G

**Skrifstofuhúsnæði—187 fm**



Um er að ræða gott skrifstofurými sem er 187 fm að stærð. Góð lofthæð er í plássinu og í miðju rýminu eru þakgluggar sem gefa góða birtu. Góð eldhúsaðstaða vel búin tækjum.

Miklir möguleikar.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvogi 1 h– Barkarvogsmegin. Upplýsingar gefur Kjartan s: 585-8900 / 894-4711.
e-mail : kjartan@jarngler.is



;ALLT HEILSA
Alla fimmtudaga




## GÓÐ RÁÐ fyrir þig og umhverfið

### Bílskúrinn – Hiti



Lækkun á innihita: Algengur hiti í húsum hér á landi er 23-25°C, en rannsóknir sýna að 20°C innihiti er kjörhiti, þ.e. með tilliti til loftgæða og líðan íbúa. Hafa ber í huga að hitakostnaður hækkar um 7 prósent ef hiti er hækkaður um eina gráðu. Það er til dæmis óþarfi að kynda mikið á sólríkum dögum og auðvelt að lækka hitann áður en farið er að heiman.

Gott er að nýta affall heita vatnsins af íbúðarhúsinu til að hita bílskúrinn. Athuga kælingu sem bílskúrshurðin veldur og þá sérstaklega þéttingu hurðarinnar með karminum. Þess vegna er tilgangslaust að hita hann mikið upp.

*Meira um alla hluti í bílskúrnum á: http://www.natturan.is/husid/1253/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**




Hawa

Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli.

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is






;ALLT
TÍSKA
Alla fimmtudaga




Rauður krani kætir.

# Litríkir kranar

**Ný blöndunartæki og kranar geta gerbreytt svip baðherbergisins.**

Nú hefur Gustavsberg framleitt nýja og litríka línu sem nefnist Coloric. Hún er í ýmsum útfærslum og getur hentað fyrir vaska, baðker og sturtur. Um fimm liti er að velja: rauðan, bláan, svartan, silfurlitan og kampavínslitan. Liturinn er innbrenndur sem þýðir að yfirborðið er sterkt og lítil hætta á rispum.

Coloric-blöndunartækin frá Gustavsberg eru framleidd úr lituðu áli og því endurvinnanleg. Þá er tæknileg útfærsla þeirra þannig að þau draga úr vatnsnotkun. Þannig standast Coloric-blöndunartækin kröfur um umhverfisvæn heimilistæki.

Gustavsberg á sér langa sögu. Framleiðsla fyrirtækisins á postulíni hófst í Svíþjóð 1825. Hér á landi er merkið vel þekkt og fæst meðal annars hjá BYKO.

*- gun*



Kampavínslitur er flottur á gestaklósettið.



Þetta bláa blöndunartæki gerir baðferðina enn skemmtilegri fyrir börnin.

# Heimilið skreytt að hausti

**Þótt enn sé dágóður tími til jóla er ekki of snemmt að setja upp haust- og vetrarskreytingar. Fallegar skreytingar má gera úr ýmiss konar efniviði náttúrunnar, eins og laufum og berjum.**

Kransar þurfa ekki að vera eingöngu sýnilegir á jólunum. Þvert á móti má gera fallega kransa úr ýmiss konar efniviði náttúrunnar sem aðgengilegur er á haustin og veturna. Greinar, lauf, könglar og þess háttar er vinsælt í kransa og gaman getur verið að lífga upp á skreytingarnar með blómum og grænum plöntum. Með lækkandi sól fer tími kertanna að renna upp og það býður upp á ýmiss konar kertaskreytingar.

Fallegar skreytingar skapa stemningu hvort sem er á jólum eða öðrum tíma. Með því að skipta á dæmigerðu jólaskrauti og jólablómum fyrir önnur árstíðabundin blóm má ná fram allt öðrum hughrifum. Einnig geta skreytingar á veisluborði gert mikið fyrir matarboð.



Blómaskreytingaklúbburinn hjá Garðyrkjufélagi Íslands hefur haldið námskeið í kransagerð og öðrum skreytingum og einnig hafa verið haldin námskeið í Blómavali og Garðheimum. Nýverið kom út hjá Vöku-Helgafelli bókin Haust- og vetrarskreytingar eftir Edle Catharina Norman í íslenskri þýðingu Önnu Sæmundsdóttur en þar kennir ýmissa grasa. Má þar fá skemmtilegar hugmyndir og læra góð handtök við skreytingar.

*hrefna@frettabladid.is*



Kertaljós er notalegt og ýmsir möguleikar til í kertaskreytingum. NORDICPHOTOS/GETTY



Sjálfsagt er að hengja upp fallega kransa að hausti þó að jólin séu ekki komin.



Hjartalaga kransar eru fallegir hvort sem er á jólum eða við önnur tækifæri.

GULL kistan

NÝTT Á MARKAÐI · FISKUR ER FJÁRSJÓÐUR

Þurrkaður saltfiskur tilbúinn til útvötnunar



Gullkistan er falleg gjafaaskja sem inniheldur 300 g af þurrkuðum saltfiskbitum, leiðbeiningar um útvötnun og girnilegar uppskriftir á fjórum tungumálum.
Tilvalin gjafavara fyrir vini og vandamenn innanlands og utan.



Sendum hvert á land sem er.
Pantaðu á ektafiskur.is undir Gullkistan eða hringdu í okkur í síma 466 1016.

EKTA Fiskur
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

ALLT MATUR
Alla föstudaga





# ÞARFT ÞÚ AÐ SELJA?

Það kostar þig EKKERT að skrá eignina þína hjá okkur.

Löggiltir fasteignasalar með þér alla leið.

Sími 511 5005

Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGINNI FASTEIGNASALA

... það borgar sig!

Frum

HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • www.husin.is



# fasteignir

6. OKTÓBER 2008



## Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma

Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar.

S: 590 7600

Stóreign | Fremstir í atvinnufasteignum

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk.




Norðurbakki 5b er nálægt góðum útivistarsvæðum.

# Sjónvarpsdyrasími, hiti í gólfi og hljóðeinangrun

**Fasteignasalan Ás hefur til sölu 94,3 fermetra þriggja herbergja íbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði.**

Eignin er á þriðju hæð í lyftuhúsi við Norðurbakka og henni fylgir stæði í bílageymslu.

Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi þar sem verða flísar á gólfi. Raflagnir eru teiknaðar af Helga í Lumex, halogen í stofu og hjónaherbergi. Gólfhiti verður í öllum rýmum íbúðar með sér hitastýringu í hverju rými. Auka lofthæð er í íbúðinni. Innréttingar og tæki verða frá EGG. Sjónvarpsdyrasími verður í íbúðinni.

Húsið er uppsteypt á hefðbundinn hátt og klætt báruformaðri klæðningu og filthúðað með lituðu steinlími. Auka hljóðeinangrun er á milli hæða því ofan á hefðbundna plötu koma gólfhitalagnir steyptar í trefjasteypu. Gluggar og hurðir eru ál/tré frá Ideal Combi og svalahurðir eru rennihurðir. Svalir skilast flísalagðar og verandir íbúða á 1. hæð verða úr fúavörðu lituðu timbri.

Stutt í góð útivistarsvæði.

Allar frekari upplýsingar og bæklinga má nálgast hjá Ás fasteignasölu.


## Ertu í húsnæðis hugleiðingum?

Eru breytingar í vændum?

Þarftu hentugra húsnæði?

Vantar stærra húsnæði?

Sími sölumanna er 535 1000

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala íbúðarhúsnæðis • Lágmúli 7 • 108 Rvk.



**Á ils.is getur þú:**

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

# Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# Komdu peningunum þínum

# í öruggt skjól í nýrri eign







**GLÆSILEGAR SÝNINGARÍBÚÐIR**
– hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna íbúðina þína







**Kynntu þér eignir á sölu hjá Bygg á heimasíðu þeirra, bygg.is**

**Lundur • Langalína • Jónshús • 17. júní torg**

**Hafið samband við söluaðila og bókið skoðun.**

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31
Hilmar: 896 8750

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is
Viggó: 824 5066

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

BYGG

Glæsilegar, vandaðar íbúðir

- Vandaðar innréttingar úr eik frá Brúnás
- Innihurðir og flísar frá Agli Árnasyni
- AEG eldhústæki frá Ormsson
- Gólfhiti í baðherbergi
- Álklæðning utanhúss

FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA

BÚUM BETUR

BYGG

www.bygg.is

# Búseti auglýsir

**Þverholt 13** Íbúð: 101
270 Mosfellsbær



2 herb. 73,3 fm2
Almennt lán

Afhending að ósk eiganda:
Laus strax

Búseturéttur - hámarksverð: 2.038.611 -kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.485.293 -kr
Búsetugjald: 96.473 -kr

**Gvendargeisli 17** Íbúð: 502
113 Reykjavík



2 herb. 60,2 fm2
Almennt lán

Afhending að ósk eiganda:
Laus skv. samkomul.

Búseturéttur - hámarksverð: 1.823.224 -kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.823.224 -kr
Búsetugjald: 109.479 -kr

**Gvendargeisli 17** Íbúð: 204
113 Reykjavík



4 herb. 96,0 fm2
Almennt lán

Afhending að ósk eiganda:
Strax

Búseturéttur - hámarksverð: 3.538.988 -kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 3.538.988 -kr
Búsetugjald: 134.961 -kr



Eigum lausar vandaðar leiguíbúðir að **Berjavöllum 4 í Hafnarfirði,** 3ja herbergja með þvottavél, þurrkara, uppþvottavél, ísskáp og örbylgjuofni. Mánaðarleiga **136.917**,- allt innifalið nema eigið rafmagn og innbústrygging.

**Umsóknarfrestur til 14. okt. - úthlutun. 15. okt.**

**Búseti hsf.**
Skeifunni 19, 108 Reykjavik • Sími 520 5788
www.buseti.is • Netfang buseti@buseti.is

# Til leigu

**Stangarhylur Reykjavík.**

90fm skrifstofuhúsnæði á annari hæð. Hægt að skipta í tvö bil. Verð 120 þúsund á mánuði.

**Hliðarvegur Kópavogi.**

Til leigu ca 180 fm verslunarhúsnæði á fyrstu hæð. Þarf að innrétta. Góð bílastæði. Verð samkomulag.

**Lyngás Garðabæ.**

Til leigu ca 385 fm. iðnaðarhúsnæði. Tvær mjög stórar og háar innkeyrsludyr, mjög mikil lofthæð. Verð 1.250 krónur per. fm.

**Bæjarlind Kópavogi.**

Til leigu ca 200 fm. skrifstofuhúsnæði á efstu hæð. Gífurlegt útsýni. Verð 330 þúsund per mán.

**Upplýsingar í síma 895-8299 og 847-1986.**

# Öldugata 48

220 Hafnarfjörður
Á besta stað í Firðinum

**Stærð: 88 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1961**
**Brunabótamat: 15.750**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan







**Bókaðu skoðun í s. 692 1649**

**Verð: 20.500.000**

Komið inn í forstofugang. 3 svefnherb. 2 rúmgóð með innbyggðum skápum og eitt lítið með lausum skáp. Baðherbergið með opnanlegum glugga, baði og sturtu. Eldhús með hvítri viðarinnréttingu og rúmgóðum borðkrók, uppþvottavél og ísskápur fylgja. Stofan er rúmgóð með suðurglugga og útgengi á svalir. Á gólfum er nýtt parket á stofu, borðstofu og eldhúsi, en eldra parket á herbergjum og gangi, dúkur á baðherb. Í sameign er geymsla íbúðar, þvottahús og hjólageymsla. Stutt er í skóla og leikskóla.

Ólafur Geir
Sölufulltrúi
**6921649**
oligeir@remax.is



Elísabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali
elisabet@remax.is



**RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is**

# FREMSTIR Í ATVINNUFASTEIGNUM



## Hlíðarsmári 6

### Kópavogi

Stóreign er með þessa 1.901 m2 eign til sölumeðferðar. Húsið hentar einkar vel til skrifstofu, þjónustu og verslunarreksturs. Í dag er 5. og 6. hæð glæsilega innréttuð með parketi á gólfum, glerskilrúmum og innfelldri lýsingu. Einnig er jarðhæðin innréttuð eins og eru gólfsíðir gluggar sem gætu hentað verslunarrekstri. Möguleiki er að skipta húsinu upp í nokkrar sjálfstæðar einingar.

- Húsið afhendist fullbúið að utan og innan.
- Gott bílaplan við húsið.
- Jarðhæðin tilvalin fyrir verslun eða þjónustu.
- Húsið vel staðsett við aðal samgönguæð.
- Góður fjárfestingakostur.
- Byggingarár 2007

**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7, -s. 590-7600.**




## Álfheimar 74

### Glæsibær

**Til leigu tvær skrifstofuhæðir, 6. og 7. hæð í einu af glæsilegustu húsum höfuðborgarinnar.**

- **Hentar vel undir skrifstofur lögmanna, endurskoðenda ofl.**
- **Í húsinu er fyrir meðal annars læknastofur, heilsurækt og skrifstofur.**
- **6. hæðin er 842 m2 sem mögulegt er að skipta í tvo hluta.**
- **7. hæðin er 584 m2 sem mögulegt er að skipta einnig í tvo hluta.**
- **Leigusali getur innréttað eftir þörfum leigutaka.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 – s. 590-7600**

# heimili FASTEIGNASALA


Bogi Pétursson lögg. fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali


Einar Guðmundsson lögg. fasteignasali

**Sími 530 6500**
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson, Einar Guðmundsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar



**Þórðarsveigur - lyfta og bílskýli**
Ný glæsileg 112 fm íbúð í góðu lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli. Þrjú rúmgóð herbergi og björt stofa. Laus fljótlega.
**Verð 31,0 millj.**



**Laugarnesvegur - 3ja herbergja.**
Góð og mikið endurbætt 85 fm íbúð. Nýtt eldhús og vönduð gólfefni. Góðar suð-vestur svalir og stór skjólgóður bakgarður.
**V. 22,9 m.**




**Árkvörn - 4ra m/ bílskúr.**
Björt og falleg ca 117 fm endaíbúð með sérinngangi í Ártúnsholti. Stór og góð stofa og rúmgóð þrjú svefnherb. Suðursvalir og frábært útsýni. **Bílskúr fylgir.**
**Verð 33,7 millj.**



**Suðurhólar - 4ra til 5 herbergja**
Góð mikið uppgerð 105 fm íbúð Nýjar innréttingar og gólfefni, björt stofa með útgengt á suður svalir og gott útsýni.
**Tilboð óskast.**



**Bræðrarborgarstígur - 2ja herb.**
Glæsileg íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. öll gólfefni og innréttingar. **Stórar vestur svalir með útsýni.**



**Skipasund - góð 3ja herbergja.**
Björt og falleg risíbúð í reisulegu steinhúsi á þessum vinsæla stað í Sundunum.
**Verð 16,9 millj. Mjög góð fyrstu kaup.**



**Karfavogur - endaraðhús með bílskúr**
Fallegt, vel skipulagt og fjölskylduvænt raðhús í lokuðum botnlanga á góðum stað í Vogahverfi. Stórar og bjartar stofur og fjögursvefnherbergi. **Skipti á góðri hæð eða minni eign mögul.**



**Fróðengi - 3ja herbergja.**
Glæsileg ca 96 fm endaíbúð. Tvö góð svefnherb. og stór stofa. Þvottahús í íbúð. Suðursvalir með útsýni. Stutt í alla þjónustu m.a. framhaldsskóla ofl. **V.22,7 millj.**



**Kórsalir- útsýni - bílageymsla**
Sérlega björt og falleg 125 fm íbúð á 3. hæð lyftuhúsi. Íbúðin var upphaflega teiknuð sem 4ja herb en einu herbergi var fórnað til að fá stórar og góðar stofur. Góðar suðursvalir með frábæru útsýni. **V. 31,9 m. Áhv 21,5 milj. hagstætt lán.**



**Rekagrandi - 3ja með bílageymslu.**
Góð 85 fm íbúð á 4 hæð og ásamt stæði í bílageymslu. Snyrtileg sameign, mikið útsýni, Sérgeymsla í sameign og þvottahús.
**Verð: 24,8**

# ÍBÚÐAREIGENDUR TAKIÐ EFTIR

Höfum áhugasaman fjársterkan kaupanda af góðum 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðum á verðbilinu 15 -25 millj. á höfuðborgarsvæðinu sem henta vel til útleigu. Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu þá

**SAMBAND STRAX Í SÍMA 530-6500.**

**Heimili Fasteignasala • Síðumúla 13 • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

## Vertu velkomin á opin hús

RE/MAX Lind

### Mosarimi 13 - 112 RVK




Opið hús í dag frá 19:30 - 20:00

Bjarta og fallega 76,3 fm, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 1.hæð að Mosarima í Reykjavík. Stutt í Spöngina, skóla, leikskóla

**Verð:** 21.900.000
**Herbergi:** 3ia
**Stærð:** fm Sölumaður Benni Ólafs

### þverás 10 - 110 RVK




Opið hús í dag frá 19:00 - 19:30

Frábæra eign á einum eftirsóknasta stað í Árbænum. Möguleiki er fyrir hendi að stækka eignina. Góð neðri sérhæð með góðum garði.

**Verð:** 22.500.000
**Herbergi:** 3ia
**Stærð:** 0,1 Sölumaður Benni Ólafs

### Stararimi 57 - 112 RVK




Opið hús í dag frá 17:00-17:30

Stórglæsileg neðri sérhæð með fallegu útsýni til vesturs á mjög rólegum stað í Grafarvogi. MÖGULEIKI Á YFIRT. LÁNA. Botn gata.

**Verð:** 28.800.000
**Herbergi:** 4ra
**Stærð:** 125,8 fm Sölumaður Benni Ólafs

### Engjahlíð 5 - 220 Hafnarfjörður




Opið hús í dag frá 17:30 - 18:00

Mjög falleg vel skipulögð íbúð á 3 hæð í góðu fjölbýli á þessum vinsæla stað í mosahlíð í Hafnarfirði bjalla m Góð eign á góðum stað....

**Verð:** 19.900.000
**Herbergi:** 3ia BJALLA MERKT REMAX
**Stærð:** fm Sölumaður Benni Ólafs

### Birkimelur 8b - 107 RVK




Opið hús í dag frá 18-18:30

Falleg íbúð í nýuppgerðu fjölbýli í vesturbænum. Fallegar upprunalegar innréttirngar.
Uppl. Páll 861-9300

**Verð:** 26,900.000
**Herbergi:** 4
**Stærð:** 97,1

### Ásakór 1 - 203 Kópav. Bílskúr




Opið hús í dag frá 20:30 - 21:00

Stór og vel skipulögð glæsileg íbúð með bílskúr í nýja Kórahverfinu í Kópavogi á jarðhæð með verönd til suðurs.Bílskúr rétt hjá

**Verð:** 36.700.000
**Herbergi:** 4ra
**Stærð:** 72,7 fm Sölumaður Benni ´Olafs

### Álfaborgir 25 - 112 RVK




Opið hús í dag frá 18:00 - 18:30

Bjarta og fallega 78,9 fm, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi af svölum á 3h. til v.Stutt í skóla leikskóla og versanir. Frábært útsýni...

**Verð:** 21.500.000
**Herbergi:** 3ia
**Stærð:** 78,9 fm Sölumaður Benni ´Olafs

### Laugavegur 141- 101 RVK




Opið hús í dag frá 20:00 - 20:30

Góð 2ja herbergja mjög hlýleg íbúð 41.3 fm á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Eign á góðum stað í 101 Frábær fyrstu kaup.Bjalla merkt REMAX

**Verð:** 15,200,000
**Herbergi:** 2ia
**Stærð:** 43,1 fm Sölumaður Benni ´Olafs

### Klukkuberg 23 - 220 Hafnarfj.




Opið hús í dag frá 18:30 - 19:00

Falleg eign á tveimur hæðum, sér inngang á einum glæsilegasta útsýnisstað Hafnarfj. Laus við kaupsamning velkomin í opið hús...

**Verð:** TILBOÐ TILBOÐ
**Herbergi:** 4ra
**Stærð:** 105,8 fm Sölumaður Benni lafs

### Hringbraut 109 - 105 RVK




Opið hús. þriðjud..7 okt. 17:30 - 18:00

Falleg 3ja herbergja íbúð með bílskúr á 1 hæð bjalla merkt REMAX . Íbúðin er laus við kaupsamning. Frábær fyrstu kaup.

**Verð:** 19.900.000
**Herbergi:** 3ia Merkt Remax á bjöllu!!
**Stærð:** 106,3 fm Sölumaður Benedikt Ólafs.


**Páll Guðmundsson**
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is


**Benedikt Ólafsson**
Sölufulltrúi
**661 7788**
benolafs@remax.is


**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

RE/MAX Lind

**Gunnar – Hannes & teymi**

Ekkert teymi á Íslandi selur fleiri fasteignir en við!



Þórdís Hermannsdóttir · Kristín Skjaldardóttir · Ingunn Björnsdóttir · Sigurður Samúelsson · Friðfinnur Magnússon · Kristján Kristjánsson · Skúli Örn Sigurðsson · Þórarinn Thorarensen

# Tvö öflugustu söluteymi landsins sameina krafta sína

**Tvöfaldur kraftur til að selja þína eign**

## Hringdu núna!



**822 3702**
Gunnar Valsson

**699 5008**
Hannes Steindórsson

Tveir söluhæstu sölufulltrúar RE/MAX í Evrópu 2007

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 200 Kópavogur - S: 520 9500 - Þórarinn Jónsson Lögg. fasteignasali

hof fasteignasala

**564 6464**
Stórhöfða 33
110 Reykjavík
hof@hofid.is
www.hofid.is

Guðm. Björn Steinþórsson, lögg. fasteignasali



**HRAUNTUNGA – HAFNARFJÖRÐUR** Fallegt 160 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 50 fm bílskúr, alls 210 fm. Þetta er ekta fjölskylduhús í barnvænu hverfi. Stórt eldhús með þvottahúsi innar, stórar stofur, og fjögur góð svefnherbergi.
**Verð 53,3 millj.**



**SMÁRARIMI - AFH. STRAX** Yfirtaka möguleg á 18 millj. á 4,15% vöxtum og 10 millj. á 5,2% ! Eig. tilbúnir í að skoða skipti á minni eign. Nýtt 198,4 fm einbýlishús á einni hæð. Seljandi klárar flísalögn að utan.
**Verð 56,9 millj.**



**FREYJUGATA – ÚTSÝNI**
Falleg 3-4ra herbergja risíbúð í þríbýlishúsi, skiptis í tvö svefnherb., saml. stofur og sólstofu með stórum suðursvölum. Íbúðin var öll endurgerð fyrir ca 15 árum, m.a. þak, gluggar, lagnir ofl.
**Verð 25,4 millj.**



**EYKTARHÆÐ – GARÐABÆR**
Glæsilegt 266 fm einbýlishús á góðum útsýnisstað. Eignin skiptist m.a. í þrjú svefnherbergi, þrjár stofu, turnstofu, tvö baðherb. og flísalagðan bílskúr. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Hægt að fá afh. fljótlega.



**SKIPHOLT – LAUS** Góð 4-5 herbergja íbúð á 4. hæð í nýl. viðgerðu fjölbýlishúsi , skiptist í þrjú svefnherb., tvær stofur, lítið baðherb. og stórt eldhús. Íbúðinni fylgir aukaherbegi í kjallara með aðgangi að saml. baðherbergi.



**FLYÐRUGRANDI – JARÐHÆÐ** Falleg 65 fm 2ja herbergja íbúð vinsælu fjölbýlishúsi, íbúðin skiptist í forstofu, vinnukrók, rúmgott svefnherbergi og eldhús sem er opið við stóra parketlagða stofu, þaðan er útg. á hellulagða verönd.



**LAUFRIMI - SÉRINNGANGUR.** Góð 96 fm endaíbúð á 2. hæð í átta íbúða húsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, ágætt baðherb, þvottahús, rúmgóða stofu og opið eldhús með útg. á góðar suðursvair.
**Verð 25,9 millj.**



**LYNGMÓAR – GARÐABÆR** Falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt innbyggðum bílskúr, alls 126 fm. Smart íbúð með nýl. endurnýjuðu eldhúsi og baðherbergi, öll gólf eru flotuð og glærlökkuð. Yfirbyggðar suðursvalir út af borðstofu.



**LAUTASMÁRI – JARÐHÆÐ** 119 fm íbúð á jarðh. í vönduðu fjölbýlishúsi. Stofa með útg. á stóran sólpall, þvottahús innan íb, tvö góð svefnherb. og samtengt (m/hringstiga) íbúðarherb. og snyrting í kj.
**Áhv. 26 millj. Verð 29,9 millj.**



**BAUGAKÓR – SÉRHÆÐ**
117 fm 4ra herb. jarðhæð í fjórbýlishúsi. Vandaðar innr. frá EGG, eikarparket og flísar á gólfum. Stór sólpallur með góðri skjólgirðingu. Örstutt er í alla þjónustu, m.a. íþróttaakademíuna.
**Verð 35,8 millj.**



**TRÖNUHJALLI - ÍB. MEÐ HÚSGÖGNUM** 60 fm íbúð á 2. hæð. Stór stofa með útg. á suðursvalir, stórt svefnherb., flísal. baðherb., þvottahús innaf eldhúsi, parket og flísar á gólfum. Í kj. er geymsla sem er ekki inn í stærð FMR.
**Verð 18,9 millj.**



**SKERJABRAUT – SELTJARNARNES** Góð 2-3ja herbergja efri sérhæð í tvíbýlishúsi. Skiptist í tvær stofur, svefnherbergi, gang, eldhús, baðherbergi og geymslu loft. Búið er að endurnýja eldhúsinnréttingu og gólfefni.
**Verð 19,9 millj.**




# Kjóstu besta knattspyrnumann Íslands frá 1946–2008

- Albert Guðmundsson
- Arnór Guðjohnsen
- Atli Eðvaldsson
- Ásgeir Sigurvinsson
- Eiður Smári Guðjohnsen
- Guðni Bergsson
- Pétur Pétursson
- Ríkharður Jónsson
- Rúnar Kristinsson
- Sigurður Jónsson

Stöð2 Sport í samvinnu við KSÍ stóð fyrir vali á 10 bestu knattspyrnumönnum Íslands frá 1946–2008 þar sem almenningur gat tilnefnt sína uppáhalds knattspyrnumenn. Nú standa eftir 10 frábærir knattspyrnumenn og þú getur haft áhrif á það hver verður valinn besti knattspyrnumaður Íslands.

Farðu inn á *visir.is* og hafðu áhrif!

2 SPORT

visir.is

...ég sá það á visir.is



Stóreign
Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600
Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.
storeign.is FAX 535 1009
Stóreign kynnir:

# Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma.

**Hafið samband og fáið nánari upplýsingar.**

# Stóreign

**fremstir í atvinnufasteignum**

Frum

Stóreign.is s :: 590_7600

# HEILSA

## Heilsuvörur







9 Daga hreinsiprógram frá Aloe Vera NÝTT NR. 772 2885, Sigríður & Kristján

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

Herbalife vöruúrval. Pantaðu; dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

## Nudd



**Þægindi - Slökun - Vellíðan**

Þú átt það skilið. Kynningarverð. Nýr Stíll Langarima 21, 112 Reykjavík. S. 557 9009 nuddstolar.is

Whole body massage Telepone 841 8529.

Glæsilegt heilnudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

Nice room for rent in 104. Price 50-66 ISK. Heating, electricity, washing machine/dryer Internet. Tel 697 8720.

Gistiheimili langtímaleiga Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. S. 824 4530.

Virkilega flott og vel skipulögð ný 4ra herb íbúð í Kórahverfi Kóp. 125fm+bílag og yfirb. svalir. Laus strax. ibudarleiga@visir.is, myndir: http://www.raunvis.hi.is/~alfred/hordukor

3 herb. íbúð í Hlíðunum til leigu. Uppl. í s. 770 6090.

Einbýlishús í Garðabæ, fullbúið húsgögnum, til leigu í fjóra mánuði frá 1. nóv. til 1. mars. Leiguverð kr. 250.000 á mánuði. Upplýsingar í síma 821-5526

2-3 herb. 65 fm sérhæð í tvíbýli til leigu, Reykjanesbæ. Sér inng. 80þús m/hita&rafm. Laus strax. Uppl. í s. 848 7159.

4 herb. sérhæð á Langholtsvegi. Allt sér. Verð 135.000 husaleiga.is eða s. 868 1543.

Til leigu 2 & 3 herb. íbúðir í 6 íbúða húsi í Garðinum. Íbúðirnar eru allar með sérinngangi og eru lausar nú þegar. Uppl. í s. 587 1188 & leigufelagid@verkvik.is

Mjög gott herb til leigu í Rvk. með sjónvarpi, cd., dvd og rúmi. 40 þús. á mán. 80 þús. trygging. S. 869 9766.

Glæsileg 2/3 herb 88fm íbúð í Hamravík í Grafarvogi til leigu. Laus 20Okt, 130Þ.á Mán.m.hússj. langt.leiga. Afgirtur sérgarður m.sólpalli með íbúð. Uppl í s 858-4206

30fm studio íb. á sv. 109. Laus, reykleysi og reglusemi skilyrði. Leiga 55þ S. 844 5541.

Til leigu 4. herbergja útsýnisíbúð í Salahverfi í Kópavogi. Stutt í skóla, sundlaug og almenna þjónustu. Laus frá 1. nóv. Upplýsingar í síma 848-2614

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði, stærðir frá 95 fm til 1000 fm. S. 822 4200 & 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæði**
Fyrir tjaldvagna og hjólhýsi ofl Uppl síma 770-5144




## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

Gisting í Köben.Stúdíóíbúðir jonasis@mail.dk. www.sitecenter.dk/jonaso Sími+4531106412

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Til sölu Papillon rakki, fæddur 17. ágúst 2008 Ættbók frá Hundaræktarfélagi Íslands HRFÍ Upplýsingar í síma 821-1101, Ásdís www.englakot.is

Til sölu hreinræktaðir Shieffer hvolpar með ættb. frá HRFÍ. Foreld. Jule og Fedor innfl. Visa og euro raðgr. Uppl. á netf. diddy@simnet.is.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

**Starfskraftur óskast**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

**Ritfanga- og leikfanga-verslun**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á ritfong@gmail.com

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni með bílpróf 17 ára eða eldri til starfa við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

TOPP VERKTAKAR EHF.
sími: 8609260

**Pípulagningarmenn!**
Óskum eftir vönum pípurum, góð verkefnastaða næstu árin. Uppl. gefur Kjartan í s. 844 5169

## Atvinna




## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járna-bindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmanna-þjónusta s. 661 7000.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

34 ára maður, bakari og konditor að mennt, óskar eftir vinnu. Ýmislegt kemur til greina. S. 847 9139 & 552 3691.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

SELT.IS

Bjóddu upp dótið þitt. selt.is Uppboðs- og auglýsingavefur.

Er þinn hópur að fara í fjáröflun ? Allt um styrktarsölu á www.papco.is

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

## ÞJÓNUSTA









# Vöruviðskipti í íslenskum evrum

**UMRÆÐAN**
Emil B. Karlsson skrifar um gjaldeyrismál



EMIL B. KARLSSON

Ef launþegar fara að fá laun sín greidd í evrum í auknum mæli færast um leið verslun og vöruviðskipti í sama mæli í evrur. Innflytjendur vöru og þjónustu frá Evrópu þrýsta á um að fá greitt fyrir vörur sínar í evrum eða láta vöruverðið fylgja gengisskráningu evru á hverjum tíma. Heildsalar, verslanir, iðnfyrirtæki og aðrir sem flytja inn vörur til endursölu leitast við að færa gengisáhættuna yfir á næsta stig í virðiskeðjunni. Það sem helst stöðvar þessa evruvæðingu í vöruviðskiptum er að neytendur hafa tekjur sínar í íslenskum krónum og greiða því með krónum. En með auknum skuldum heimilanna í erlendri mynt, sem nú nema nálægt 30% af skuldum heimilanna, má gera ráð fyrir auknum kröfum um að fá laun greidd í evrum.

## Notkun erlendra gjaldmiðla

Í rannsókn sem Rannsóknasetur verslunarinnar framkvæmdi fyrir viðskiptaráðuneytið nýlega kemur fram að sífellt algengara er að vöruverð endurspeglist í stundargengi evru á hverjum tíma og í einstaka tilvikum að verðmiðinn á vörunni sé beinlínis í evrum. Auðvelt er að koma þessum viðskiptaháttum við þegar innlendir kaupendur vörunnar hafa tekjur í evrum eða fallast á að taka á sig þá gengisáhættu sem fylgir viðskiptunum. Þannig er algengt að vörur sem fluttar eru inn og seldar til annarra fyrirtækja eða til opinberra aðila séu verðlagðar samkvæmt gengi evru þegar innflytjandinn greiðir erlenda birgjanum vöruna. Þó eru dæmi um að bílaumboð og aðilar í ferðaþjónustu verðleggi vöru og þjónustu til einstaklinga í evrum.

Í rannsókninni var sjónum beint að notkun erlendra gjaldmiðla í vöruviðskiptum hér á landi – einkum í verslun. Greinilega kom fram að verslunarfyrirtæki eru berskjölduð fyrir sveiflum í gengi sem valda því meðal annars að þau eiga erfitt með að gera greiðslusamninga við erlenda birgja eða skuldbinda sig til að halda ákveðnu verðlagi fram í tímann. Samningar við banka um gengistryggingar geta verið kostnaðarsamir, mikill tími og fyrirhöfn fer í að bregðast við óvæntum breytingum á gengi, haldnir eru svokallaðir krónufundir innanhúss í fyrirtækjunum þar sem rætt er hvernig skuli bregðast við stöðu gengisskráningar krónunnar hverju sinni. Of miklar verðhækkanir geta leitt til minnkandi sölu og taki fyrirtækið á sig hækkanir getur það orðið fyrirtækinu ofviða. Auk þess eru fyrirtækin venjulega skuldsett í erlendri mynt sem gerir reksturinn enn óvissari. Besti kosturinn er því fyrir fyrirtækið að það fái greitt fyrir vöruna í sama gjaldmiðli og varan er keypt í og losnar við óvissu og viðskiptakostnað sem fylgir hefðbundnum vöruviðskiptum í íslenskum krónum.

## Ljón á vegi evrunnar

Meðal þess sem fyrirtækin telja að hindri þau í að eiga viðskipti í evrum er að þau eru skuldbundin til að gera upp virðisaukaskatt, vörugjöld og önnur opinber gjöld í íslenskum krónum, verðmerkingar verða að vera í íslenskum krónum og hæpið er að gera þá kröfu til neytenda að greitt sé í öðrum gjaldmiðli en lögeyri landsins.

Þó hafa opnast nýir möguleikar til viðskipta í evrum. Meðal þeirra er notkun greiðslukorta sem gera innlendum seljendum kleift að fá uppgert í evrum, jafnframt því sem gera má ráð fyrir því að íslenskir neytendur geti gert upp kortareikninga sína í evrum ef þeir kjósa svo. Greiðslukortaviðskipti auðvelda þannig möguleika á aukinni notkun evru í vöruviðskiptum almennings.

Kannaðar voru hvaða breytingar í verslun þyrftu að eiga sér stað við upptöku annars gjaldmiðils. Samdóma álit þeirra sem leitað var til var að þær væru

*Kannaðar voru hvaða breytingar í verslun þyrftu að eiga sér stað við upptöku annars gjaldmiðils. Samdóma álit þeirra sem leitað var til var að þær væru sáralitlar.*

sáralitlar. Nú þegar veita allar stærri verslanir viðtöku evru og öðrum algengustu gjaldmiðlum og kassakerfi verslananna hafa innbyggða möguleika á að umreikna verðlag í annarri mynt. Verðmerkingar eru í flestum tilvikum framkvæmdar á rafrænan hátt og því einfalt að breyta þeim. Þá yrði allur verðsamanburður við önnur lönd auðveldari bæði fyrir verslunina og neytendur.

Aðal rannsóknamarkmið verkefnisins var að skýra að hve miklu leyti erlend mynt er notuð á vörumarkaði hérlendis og hvaða áhrif sú fjölmyntavæðingu sem á sér stað á Íslandi hefur haft á innlenda verslun. Niðurstaðan er sú að Ísland er ekki orðið fjölmyntavætt samfélag en mikill þrýstingu er af hálfu fyrirtækjanna að leita leiða til að liðka fyrir notkun erlendrar myntar.

*Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst.*





Fáðu lyfin send heim




**Apótekið.is er nýr þjónustuvefur sem annast afgreiðslu og heimsendingu á lyfseðilsskyldum lyfjum um land allt.**

**Einfalt og fljótlegt**
Til þess að njóta þjónustu á Apótekið.is með lyfseðilsskyld lyf þarf lyfseðill að berast okkur frá lækni, t.d. á rafrænan hátt. Þegar lyfseðillinn hefur borist okkur hefst afgreiðsla lyfjanna. Greiða má lyfin í gegnum Apótekið.is og að því loknu færðu þau send heim með pósti.

**Gerðu verðsamanburð**
Apótekið.is er með mjög hagstætt verð á lyfseðilsskyldum lyfjum og við hvetjum sérstaklega elli- og örorkulífeyrisþega til þess að gera verðsamanburð.

Hafðu samband við okkur í gegnum heimasíðuna Apótekið.is eða í síma 530 5888.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 43847 10/08

www.apótekið.is • Í Hólagarði • Í Hagkaupum Skeifunni • Í Hagkaupum Akureyri

Apótekið





**IOAN GRUFFUDD KVIKMYNDALEIKARI FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1973.**

*„Svo lengi sem menn átta sig á því að hamingjan fæst í gegnum fjölskyldu, vini og ást þá er peningur bara bónus þar ofan á.“*

***Ioan Gruffudd er velskur að uppruna. Hann hefur meðal annars leikið í King Arthur, Fantastic Four og Amazing Grace.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 6. OKTÓBER 1979**

## Páfi heimsækir Hvíta húsið

Á þessum degi árið 1979 varð Jóhannes Páll páfi II. fyrstur páfa til að stíga fæti inn í Hvíta húsið í Washington. Fundur hins 39. forseta og 264. rómverska páfa vakti nokkra athygli en í 200 ára sögu Bandaríkjanna höfðu fáir stjórnmálamenn viljað láta bendla sig við kaþólsku kirkjuna opinberlega.

Um 40 þúsund manns komu saman til að berja páfann augum þegar hann hélt messu fyrir um þúsund presta við dómkirkju heilags Mattheusar áður en hann hélt til Hvíta hússins þar sem hann dvaldi síðasta daginn af ferðalagi sínu um sex bandarískar borgir.

Carter forseti ávarpaði páfann á móðurmáli hans, pólsku. Þá biðluðu þeir til heimsins um kjarnorkuafvopnun og aukna hjálp til þróunarlanda. Athöfnin fór friðsamlega fram en hálfum tíma fyrir heimsókn páfa var maður handtekinn sem hafði í fórum sínum þrjár byssur og hníf.



Páfinn hitti Carter forseta á ný ári síðar og það ár bauð hann Elísabetu Englandsdrottningu velkomna í Vatíkanið. Árið 1998 hafði Jóhannes Páll páfi II. heimsótt yfir hundrað lönd og farið hringinn í kringum hnöttinn 27 sinnum. Hann lést 2. apríl árið 2005.

**MERKISATBURÐIR**

**1659** Hollenskt kaupskip sekkur í höfninni í Flatey á Breiðafirði.
**1863** Stofnað er félag til að byggja sjúkrahús í Reykjavík.
**1895** Samkomuhús Hjálpræðishersins í Reykjavík er vígt þar sem áður var gamli spítalinn við Aðalstræti.
**1919** Lög um stofnun hæstaréttar á Íslandi sett.
**1942** Húsmæðrakennaraskóli Íslands tekur til starfa undir stjórn Helgu Sigurðardóttur.
**1961** Minnst er hálfrar aldar afmælis Háskóla Íslands og Háskólabíó vígt með stærsta bíótjald í Evrópu.
**1980** Jarðstöðin Skyggnir er tekin í notkun og þar með kemst á gervihnattasamband við útlönd.



## 90 ára afmæli

**Lovísa Rut Bjargmundsdóttir**

er níræð í dag, 6. október. Hún tekur á móti gestum laugardaginn 11. október í safnaðarheimilinu í Árbæjarkirkju á milli kl. 15.00 og 18.00. Blóm og gjafir eru vinsamlegast afþakkaðar.



†

**Jóhanna S. Pálsdóttir**
Þórufelli 12 ( áður Tjarnargötu 39)
Reykjavík,

lést 22. september sl. Jarðarförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Bogi Agnarsson** **Þorgerður Jónsdóttir**
**Páll Thorberg Agnarsson**
**Sturla Agnarsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Sverrisson**
hljómlistarmaður, Prestastíg 11,Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landakots, laugardaginn 27. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 7. október kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er vinsamlega bent á líknarstofnanir.

**Sigríður Maggý Magnúsdóttir**
**Margrét Ásgeirsdóttir** **Marteinn Másson**
**Ásgeir Ásgeirsson** **Vilborg Lofts**
**Guðmundur Baldvinsson** **Helga Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og bróðir,*

**Guðmundur Birgisson**
Vesturbergi 30,

sem lést á heimili sínu 30. september sl. verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 8. október kl. 11.00.

**Gréta Vigfúsdóttir**
**Birgir Kristján Guðmundsson** **Jóna Björg Ólafsdóttir**
**Inga Vigdís Guðmundsdóttir**
**Birgir Kristjánsson** **Elín Ellertsdóttir**
**barnabörn og systkini hins látna.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

**ENDURMENNTUN HÍ: TUTTUGU OG FIMM ÁRA**

# Margir nota tækifærið og mennta sig í ýmsum fræðum

Endurmenntun Háskóla Íslands fagnar 25 ára afmæli sínu á þessu hausti og hélt af því tilefni veislu í hátíðasal HÍ sl. fimmtudag. Kristín Jónsdóttir endurmenntunarstjóri var ánægð með daginn. „Þetta var ánægjuleg samkoma og skemmtileg dagskrá,“ segir hún glaðlega. „Eins og vænta má á svona tímamótum var sagan aðeins rifjuð upp. Árið 1983 þegar Endurmenntun var stofnuð voru haldin þrjú námskeið sem öll lutu að tölvutækni og nemendur voru 65. Á síðasta ári voru hins vegar haldin 245 námskeið og nemendafjöldi hátt í sjö þúsund, þannig að starfsemin hefur hefur vaxið og dafnað.“

Fornsögunámskeiðin eru þau sem best hafa verið sótt hjá Endurmenntun gegnum árin að sögn Kristínar. „Jón Bö sló öll met en nú er hann hættur. Magnús Jónsson er tekinn við og hann hefur slegið í gegn líka og er alger hástökkvari í vinsældum. Hann er nú til dæmis með 130-140 manns á Eyrbyggjunámskeiði,“ segir hún og heldur áfram. „Áhuginn á fornsögum okkar er alveg ótrúlegur, einkum meðal eldra fólks.“

Stoltust kveðst Kristín vera af samstarfinu við ýmis fagfélög. „Það er okkar lífæð út í samfélagið,“ segir hún og nefnir framhaldsskólakennara, hjúkrunarfræðinga og fleiri stéttir. „Við fundum reglulega með fulltrúum fagfélaga og gerum jafnvel kannanir meðal félagsmanna. Þannig fáum við fram hver þörfin er fyrir námskeið og það hefur gefist mjög vel. Oft eru svo einhverjir úr háskólanum eða erlendis frá sem kenna.“

Kristín segir það einnig hafa aukist á allra síðustu árum að kúrsar innan háskólans séu opnaðir almenningi. Flestir á meistarastigi. „Þetta eru ýmis námskeið sem fólki úti í samfélaginu þykir eftirsóknarverð. Þau koma sér vel fyrir þá sem vantar þekkingu á einu ákveðnu fagsviði og hjá sumum er þetta leið í frekara nám. Það gefur líka góða raun að fá fólk með starfsreynslu inn í kúrsana með þeim yngri sem eru í fullu námi en skortir reynsluna. Úr verður skemmtileg blanda sem nýtist öllum.“

Meðal nýjunga í haust nefnir Kristín námsbrautina Markaðssamskipti – stefnumörkun og framkvæmd og aðra sem kallast Leiðsögunám á háskólastigi. „Leiðsögunámið tekur þrjú misseri og fólk getur tekið það sem aukafag í háskólanum til dæmis inn í hugvísindadeild og ferðamálafræði. Það er engin bein leið í starf fyrir ferðamálafræðinga og þá er þetta skemmtileg viðbót. Enda er mikill skortur á leiðsögumönnum. Það er til dæmis enn verið að hringja í mömmu mína sem er 78 ára þó að hún sé löngu hætt þannig að það vantar greinilega fólk í stéttina.“



**ENDURMENNTUNARSTJÓRINN** Kristín Jónsdóttir var hress í tuttugu og fimm ára afmælisteitinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Nám í verðbréfaviðskiptum er braut sem endurvakin var í haust eftir nokkurt hlé að sögn Kristínar og aðsóknin er góð. Kannski hefur heldur aldrei verið meiri þörf á vandvirkni í þeirri grein en nú. „Fjármálastofnanir senda hingað fólk og þó að fækkað hafi í fjármálageiranum þá er ljóst að margir nota tækifærið og mennta sig í þessum fræðum.“ **gun@frettabladid.is**

# Fræðslustundir í félagsmiðstöð

Fræðslufundir eru nýjung í starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar á Aflagranda 40. Þeir eru haldnir á miðvikudögum klukkan 14 og þar ber margt á góma.

Nú á miðvikudaginn mun til dæmis Gunnlaugur A. Jónsson prófessor fjalla um trúarbrögð gyðinga og framundan eru fjölmörg fleiri áhugaverð erindi.

Sem dæmi má nefna Örnefni á Íslandi sem Svavar Sigmundsson flytur, SPES hjálparstarf í Afríku sem Njörður P. Njarðvík heldur og Fransmenn á Íslandi sem Elín Pálmadóttir leggur til. Ættfræðinnar ýmsu hliðar er erindi í umsjón Guðfinnu Ragnarsdóttur og kynningar á bókum um Harald Níelsson og Lárus Pálsson leikara verða á dagskránni.

Kaffisopinn indæll er! verður síðan á dagskránni þann 10. desember og sér þá Kaffitár um fræðslu um kaffi og kaffiblöndur auk þess sem heitt verður á könnunni.

„Okkur langar að gæða starfið nýju lífi með þessum fræðslustundum og vonumst til að ná til nýs markhóps,“ segir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar, Jón Sævar Baldvinsson. **- gun**



**PRÓFESSOR GUNNLAUGUR A. JÓNSSON** Mun fjalla um trúarbrögð gyðinga næsta miðvikudag.


FRÉTTABLAÐIÐ
VESTMANNAEYJAR
TIL HAMINGJU
– Fréttablaðið fæst nú á miklu fleiri stöðum í Eyjum
Fréttablaðið hefur stórbætt dreifingu sína í Vestmannaeyjum og nú er hægt að nálgast blaðið víðsvegar um bæinn í þar til gerðum Fréttablaðskössum. Eyjamenn, látið ekki mest lesna dagblað landsins framhjá ykkur fara!
Til hamingju Vestmannaeyingar.
Fréttablaðskassar
Sunnan við Áshamra 22
Milli Áshamra 27–41
Sunnan við Foldahraun 40
Við Höfðatún 2
Við Höfðaveg 44
Við Bröttugötu 23
Norðan við Höfðaveg 3
Við Fjólugötu 1
Við Birkihlíð 22
Vestan við Helgafellsbraut 15
Vestan við Illugagötu 17
Við Hólagötu 19
Afhent í verslanir
Klettur, Strandvegi
Kráin, Boðaslóð 12
Olís, Græðisbraut 12
Ísjakinn/Bónusvídeó, Brimhólabraut 1
Flugkaffi, Vestmanneyjaflugvelli
Toppurinn, Heiðarvegi 10
Tvisturinn, Faxastíg 36
N1 Skýlið, Friðarhöfn
Vöruval, Vesturvegi 18
11/11
Krónan
Herjólfur, ferjan
Einnig bendum við á að hægt er að lesa Fréttablaðið sem pdf inni á visir.is
Nánari uppýsingar færð þú á www.visir.is/dreifing
Óskir þú frekari upplýsinga eða vilt koma á framfæri óskum um uppsetningu Fréttablaðskassa bendum við þér á að hafa samband við Pósthúsið á dreifing@posthusid.is eða í síma: 585-8330.
Pósthúsið
Allt sem þú þarft…
…alla daga

# Útsölu-markaður

í Tónabúðinni Skipholti 21



Tónabúðin flytur og sameinast Hljóðfærahúsinu í Síðumúla 20.

Allt á að seljast! – Hljóðfæri og hljóðbúnaður á ótrúlegu verði.

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ TÓNABÚÐIN

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ | TÓNABÚÐIN | SÍÐUMÚLA 20 | 108 REYKJAVÍK




NOKKUR ORÐ

Vigdís Þormóðsdóttir

# Vedderinn drap jaðarinn

Á níunda áratug síðustu aldar blómstraði nokkuð öflug jaðarrokkmenning víða í hinum vestræna heimi. Hún var þó á fáum stöðum í jafnmiklum blóma eins og í norðvesturhluta Bandaríkjanna þar sem misskildar týpur höfðu frelsi til að rokka frá sér allt vit án þess að umheimurinn hefði nokkuð út á það að setja. Svo fór allt fjandans til í byrjun tíunda áratugarins þegar tvær af þessum jaðarhljómsveitum, Nirvana og Pearl Jam skömmu síðar, slógu rækilega í gegn og grugg-stefnan svokallaða varð að tískufyrirbæri um heim allan.

Í kjölfar vinsældanna var náttúrlega úti um jaðarrokk sem slíkt; það liggur í hlutarins eðli að vinsælt efni getur ekki tilheyrt jaðrinum. Allar götur síðan hefur vinsældapopp miskunnarlaust nýtt sér útlit, sögu og hljóðheim jaðarrokksins til að markaðssetja horbjóð ýmiss konar ofan í ráðvillta unglinga. Eiginlegt jaðarrokk hefur að sama skapi tekið upp ýmsa vanhugsaða takta úr heimi vinsældatónlistar. Misskilið og pirrað fólk á sér fá athvörf í tónlistarheiminum nú til dags.

Tónlistarfræðingar eru þó flestir sammála um að sökina á þessari leiðu þróun beri Pearl Jam fremur en Nirvana, þó svo að síðarnefnda hljómsveitin hafi í raun verið sú sem hratt jaðaræðinu af stað á sínum tíma. Ástæðan fyrir því er einföld: Pearl Jam er skipuð mönnum sem hafa áhuga á keppnisíþróttum (hljómsveitin kom meðal annars einu sinni fram undir nafninu Mookie Blaylock, auk þess sem söngvarinn Eddie Vedder spilaði hafnabolta í frístundum sínum). Ljóst er að karlmenn sem hafa áhuga á íþróttakappleikjum tilheyra svo sannarlega ekki jaðrinum á einu né neinu og eru því að sigla undir fölsku flaggi þegar þeir selja sig sem vini hins misskilda. Kurt Cobain varð vissulega vinsæll, en hann hafði rænu á að hafna íþróttaáhuga alveg til hins síðasta.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott








# Þjóðin veit hvað hún vill

Það mælist í tugum þúsunda hvað miklu fleiri lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið og 24 stundir

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–54 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

**> SPEARS Í FÓTSPOR FONDA**

Ekki er öll vitleysan eins. Nú herma nýjustu fregnir af fyrrverandi sukkpöddunni Britney Spears að hún ætli sér að gefa út líkamsræktarmyndband. Britney hefur óðum verið að ná fyrra flugi í einkalífinu og hyggst deila með heimsbyggðinni hvernig er hægt að fá kroppinn í samt lag eftir áralangt sukk og svínarí.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Crowe óttaðist um DiCaprio

Leikarinn Russell Crowe segist hafa óttast mjög um vin sinn Leonard DiCaprio eftir að hann sló í gegn í stórmyndinni Titanic. Taldi hann miklar líkur á því að hann myndi ekki þola sviðsljósið sem fylgdi vinsældum myndarinnar og myndi fara út af sporinu.

Crowe kynntist DiCaprio snemma á tíunda áratugnum við tökur á vestranum The Quick and the Dead. Þá voru þeir enn tiltölulega óþekktir og urðu fljótt vinir á tökustað. Nokkru síðar átti DiCaprio eftir að leika í Titanic og Crowe í Gladiator og þá átti allt eftir að breytast. „Ég hafði dálitlar áhyggjur af honum eftir Titanic. Slík velgengni er ekki alltaf jákvæð, sérstaklega þegar maður er svona ungur," sagði Crowe. „Skyndilega eru komnar myndir af þér á nestisbox og inniskó. Það getur étið menn upp innan frá."



**RUSSELL CROWE** Hjartaknúsarinn ástralski óttaðist um vin sinn Leonardo DiCaprio.



**LEONARDO DICAPRIO** Svo virðist sem vinsældir Titanic hafi ekki stigið honum til höfuðs.

# Justin og Jessica í það heilaga

Hjörtu yngismeyja eiga eflaust eftir að bresta á næstu dögum því Sunday Mirror greindi frá því í gær að hjartaknúsarinn Justin Timberlake hefði beðið unnustu sinnar, leikkonunnar Jessicu Biel. Justin og Jessica hafa verið saman um árabil og hafa ljósmyndarar elt þau á röndum í Róm þar sem þau hafa varla getað slitið augun af hvort öðru.

Samkvæmt Sunday Mirror mun Justin hafa skellt sér á skeljarnar á síðasta degi vikuferðar þeirra í höfuðborg Ítalíu og ku ekki hafa staðið á jákvæðu svari Jessicu. Skötuhjúin voru einmitt í Róm til að vera viðstödd brúðkaup sameiginlegra vina. Sunday Mirror heldur því fram að Jessica og Justin ætli sér að giftast á næstu átján mánuðum.



**ÁSTFANGIN** Justin og Jessica hafa verið ákaflega ástfangin í Róm og ljósmyndarar getað fengið krassandi myndir af skötuhjúunum.

# Tökum lokið á stórmynd Þóris

**Tökum er lokið á stórmyndinni Valhalla Rising en meðal framleiðanda hennar er Þórir Snær Sigurjónsson.**

Valhalla er alvöru víkinga/ævintýramynd sem segir frá kappanum One Eye en hann ferðast á framandi slóðir og berst við vætti og önnur ill öfl. Leikstjóri myndarinnar er Nicholas Winding-Refn, sá hinn sami og gerði Pusher-tríólógíuna sem naut töluverðra vinsælda hér á landi. Aðalleikarinn ætti einnig að vera Íslendingum að góðu kunnur en það er Mads Mikkelsen, þrjóturinn úr síðustu Bond-mynd og einn aðalleikaranna úr Rejseholdet-sjónvarpsþáttunum góðkunnu sem sýndir voru á RUV fyrir nokkrum árum.

„Þetta gekk ágætlega. Reyndar lék veðrið í Skotlandi okkur grátt en þetta hafðist fyrir rest," segir Þórir en þótt aðalleikarinn og leikstjórinn séu báðir frá Danmörku er myndin öll leikin á ensku. Þórir segir að því miður hljómi engin íslenska í myndinni, eitthvað sem mörgum þykir sjálfsagður hlutur þegar víkingar eiga í hlut á annað borð.

Þórir segir Mads í raun vera eina „nafntogaða" leikarann í myndinni en fjöldi þekktra, skoskra leikara komi þó við sögu. Má þar helst nefna Gary Lewis sem lék í Niceland auk þess sem hann var pabbinn í balletmyndinni Billy Elliot.

- fgg



**FRAMLEIÐIR ÆVINTÝRAMYND** Tökum á kvikmyndinni Valhalla Rising er lokið en hún er ævintýramynd með víkingablæ.



**ÞRJÓTUR ÚR BOND** Mads Mikkelsen ættu flestir að þekkja sem La Chiffre úr Bond-myndinni Casino Royal.



Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild

Nýjung á Íslandi

**Mx12-verðtryggður** innlánsreikningur

- Viltu fá vexti greidda mánaðarlega?
- Viltu að raunvirði höfuðstólsins haldist?
- Viltu að sparnaðurinn þinn sé verðtryggður?

Þá er **Mx12-verðtryggður** fyrir þig!

Lágmarksinnborgun við stofnun Mx12 reiknings er **1.000.000 kr.** Vextir eru **6,7-7,0%**, stighækkandi eftir innstæðu. Reikningurinn er bundinn í 36 mánuði en þú getur ráðstafað vöxtunum að eigin óskum. Mx12-verðtryggður innlánsreikningur er tilvalinn sparnaðarkostur fyrir þá sem vilja lifa á vöxtunum.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

KAUPÞING
Hugsum lengra

NÝTT Í BÍÓ!



| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MIRRORS | kl. 10.30 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 5.30 - 8 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MIRRORS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| RAFMÖGNUÐ REYKJAVÍK | kl. 10.15 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| BABYLON A.D. | kl. 8 og 10 | 16 |
| LUKKU LÁKI - Ísl. Tal | kl. 6 (650 kr.) | L |
| JOURNEY 3D - DIGITAL 3D | kl. 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 8 og 10 | L |



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PATHOLOGY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| PATHOLOGY | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| WILD CHILD | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 5:50 | L |
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 16 |
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5:50 - 8 | L |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5:50 | VIP |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| PATHOLOGY | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 8:10 | L |
| WILD CHILD | kl. 6 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| SMART PEOPLE | kl. 6 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| WILD CHILD | kl. 10:10 | L |

RIFF KVIKMYNDAHÁTÍÐ

| | | |
|---|---|---|
| UP THE YANGTZE | kl. 8 | |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BABYLON A.D. | kl. 8 - 10 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 8 | L |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 8 | 16 |
| MIRRORS | kl. 10:20 | 16 |


# Bubbi kominn hringinn

**Bubbi Morthens er hvatvís og er sjaldan orða vant. Þegar honum liggur eitthvað á hjarta segir hann hlutina umbúðalaust. Í meira en kvartöld hefur hann tjáð sig um alla skapaða hluti í íslensku þjóðfélagi og verið eins og hálfgerður hitamælir í rassi þjóðarinnar. Nú er Bubbi kominn hringinn. Aftur í Kassagerðina og aftur orðinn hundfúll út í peningaöflin sem hann var svo hrifinn af fyrir nokkrum árum. Hér er Bubbi í sjö einföldum stikkorðum.**



## 1980 GÚANÓ-BUBBI

Gúanórokkarinn Bubbi og Pollock-bræður kynnast í Kassagerðinni. Boðið er upp á verkalýðspönk og samstöðu með þeim lægst settu. Þú á vondu kapítalistana!

## 1987 FJÖLSKYLDU-BUBBI



Bubbi og Brynja gifta sig. Brynja, ég elska þig. Ástin spilar sífellt stærra hlutverk í textum Bubba. Ungi reiði maðurinn er á hröðu undanhaldi.



## 2005 HUGVERKASJÓÐS-BUBBI

Þorgils Óttar Mathiesen hjá Sjóvá, Bjarni Ármannsson hjá Íslandsbanka og Bubbi handsala samning um hugverkasjóð. Upphæðin sem Bubbi fékk fyrir viðvikið var aldrei gerð opinber en talað var um 70 milljónir. Samningurinn fól í sér „sanngjarna og örugga ávöxtun“ og „fjárhagslegur grundvöllur Bubba“ var treystur.





## 2006 GÓÐÆRIS-BUBBI

Bakhjarlar glæsilegra afmælistónleika Bubba, Bjarni Ármannsson hjá Glitni og Árni Pétur Jónsson hjá Vodafone skrifa upp á dílinn. Svo sungu allir þrír saman Stál og hnífur.

## 2007 JEPPA-BUBBI



„Ég endurnýja bílana mína á ellefu mánaða fresti og skipti alltaf um lit,“ segir Bubbi um nýja „arctic-frost“ litaða Land Roverinn sem kostaði 7,5 millur hjá umboðinu. Það var ekki hátt verð að mati Bubba.

## 2008 JAKKAFATA-BUBBI



Geir H. Haarde lagði baráttu Bubba gegn kynþáttafordómum lið í upphafi þessa árs og söng Lóa litla á brú með honum á tónleikum í Austurbæ. Skömmu áður hafði Bubbi sungið lögin sín klæddur í hvít jakkaföt ásamt Stórsveit Reykjavíkur á tvennum nýárstónleikum í Laugardalshöll. Hann hafði prufukeyrt Stórsveitar-prógrammið í fimmtugsafmæli Ólafs í Samskipum í byrjun árs 2007. Þar kom Elton John líka fram.

## 08.10.2008 KREPPU-BUBBI

Bubbi segir kreppuna hafa bitnað illilega á sér. Hann vonast til að halda húsinu sínu í Kjósinni og ætlar að berjast. Hann mótmælir hruni þjóðarbúsins og heimtar svör á Austurvelli kl. 12 á hádegi miðvikudaginn 8. október og vonast eftir fjölmenni. Fyrir helgi var hann svo að spila klassíkerana í Kassagerðinni. Bubbi er kominn hringinn. Eins og við hin.

# Ástarbréf til 68 kynslóðarinnar

**KVIKMYNDIR**

**68 kynslóðin/Einungis fæðing**

Sýnd á RIFF.

★★

Mynd sem segir of lítið nýtt.



68 kynslóðin tengist í hugum margra París, en eins og kemur fram í heimildarmyndinni var hún að mestu leyti bandarískt fyrirbæri. Fólk mótmælti bandarískri hernaðarhyggju meðan það tók upp lifnaðarhætti hippa í San Francisco, Bandaríkin voru eftir sem áður það sem allt kvarðaðist um.

Myndin er ástarbréf til 68 kynslóðarinnar, þar sem fólk er óspart hvatt til þess að ganga í fótspor hennar í dag. Leikstjórinn tekur fram að hann var rétt að fæðast á þessum tíma, en meiri fjarlægð gagnvart efninu hefði þó verið æskileg. Það áhugaverðasta hér eru viðtöl við Havel og Milos Forman og samanburður á því sem var að gerast í Prag á sama tíma. Í París voru menn að mótmæla undir merkjum kommúnismans en í Prag voru menn að mótmæla gegn honum. Sá munur er þó ekki krufinn til mergjar, og í raun segir myndin lítið nýtt.

Einungis fæðing er sú nýjasta í langri röð allt of langra mynda sem fjalla um daglegt líf einhvers einstaklings. Hér er fjallað um Jóhann Eyfells sem býr til listaverk á nautgripabýli í Texas. Sýndar eru svipmyndir úr lífi hans í bland við viðtöl. Þar lýsir hann lífsspeki sinni sem er að mörgu leyti dulræn, án þess þó að hulunni sé almennilega svipt af. Þó er myndin um hálftíma of löng. Lagt er upp með áhugaverða spurningu, „hvað fær níræðan mann til þess að hefja nýtt líf á nýjum stað?“ Þeirri spurningu fæst þó ekki endilega svarað.

**Valur Gunnarsson**

# Gervais vill hætta að leika

Breski grínistinn Ricky Gervais ætlar ekki að snúa sér alfarið að leiklistinni, þrátt fyrir góða dóma fyrir nýjustu mynd sína Ghost Town. „Ég ætla ekki að helga líf mitt leiklistinni, alls ekki. Að leika eitt af aðalhlutverkunum er mjög gaman og ég lít á það sem mikinn heiður en ég ætla ekki að sækjast eftir því,“ segir Gervais, sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum The Office og Extras. „Mig hefur aldrei langað að vera leikari og ég aldrei litið á mig sem slíkan. Viðurkennum það, ég er ekki góður leikari en ég hef gaman af því að leika. Ég ætla frekar að halda áfram að skrifa og leikstýra,“ segir hann.



**RICKY GERVAIS** Breski grínistinn ætlar ekki að einbeita sér að leiklistinni í framtíðinni.

# ÓDÝRT Í BÍÓ!

## SJÁÐU VINSÆLUSTU MYNDIR LANDSINS Á AÐEINS 650 kr. Í REGNBOGANUM!




650 kr.




650 kr.




650 kr.




650 kr.




650 kr.

REGNBOGINN

## > Sænskt félag á eftir Þórði

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun sænskt úrvalsdeildarfélag hafa fylgst náið með Þórði Ingasyni, markverði Fjölnis, seinni part sumars og mun hann að öllum líkindum fara utan til reynslu á næstu vikum. Hinn tvítugi Þórður hefur átt frábært sumar með Grafarvogsfélaginu og hefur reyndar áður vakið athygli erlendra félaga, þrátt fyrir ungan aldur. En hann fór til að mynda á lánssamningi til enska úrvalsdeildarfélagsins Everton þegar hann var aðeins sautján ára gamall. Þórður hefur leikið með öllum yngri landsliðum Íslands og á þar alls fimmtán landsleiki að baki.



**sport**
sport@frettabladid.is

**FJÖLNISMAÐURINN GUNNAR MÁR GUÐMUNDSSON:** FER TIL REYNSLU TIL NORSKA FÉLAGSINS LYN

# *Hef alltaf stefnt að því að spila erlendis*

Gunnar Már Guðmundsson, miðjumaðurinn stóri og stæðilegi hjá Fjölni, heldur utan til Noregs í dag þar sem hann mun verða á reynslu hjá norska Íslendingafélaginu Lyn. Fyrir hjá Lyn eru þeir Theodór Elmar Bjarnason, Indriði Sigurðsson og Arnar Darri Pétursson.

„Þetta er spennandi dæmi og ég er búinn að vita af þessu í nokkrar vikur. Ég veit í sannleika sagt ekki hvernig þetta kom til en ég frétti af þessu í gegnum umboðsmann og er að fara út til æfinga hjá Lyn á morgun [í dag] og verð þar í tæpar tvær vikur,“ segir Gunnar Már.

Gunnar Már viðurkennir að hann hafi lengi stefnt að því að komast út og hann ætlar að sjá til hvað kemur út úr þessu.

„Þetta skýrist allt á næstu vikum en maður verður náttúrlega að standa sig vel á þessum æfingum til þess að eitthvað gerist. Annars hef ég alltaf stefnt að því að komast eitthvað út og spila



og þetta er því vonandi skref í rétta átt,“ segir Gunnar Már sem staðfesti að fleiri erlend félög hefðu spurst fyrir um sig en vildi ekki fara nánar út í það að svo stöddu.

Gunnar Már vakti gríðarlega athygli fyrir spilamennsku sína með spútnikliði Fjölnis í sumar og fékk til að mynda sérstakt hrós frá Ólafi Jóhannessyni, þegar landsliðsþjálfarinn var spurður út í þá leikmenn sem hefðu heillað sig í Landsbankadeildinni í sumar.

Gunnar Már eða „Herra Fjölnir“ eins og hann er stundum kallaður hefur fylgt Grafarvogsfélaginu úr neðstu deild og upp í þá efstu á skömmum tíma og var í fyrrakvöld valinn besti leikmaður sumarsins á lokahófi Grafarvogsfélagsins.

Nýliðar Fjölnis enduðu í sjötta sæti í Landsbankadeildinni ásamt því að komast í úrslit VISA-bikarsins, þar sem félagið tapaði annað árið í röð.

„Eftir uppganginn hjá Fjölni síðustu ár hefði vissulega verið gaman að enda tímabilið á bikarmeistaratitli, það hefði toppað gott sumar. En svona er þetta víst stundum, að tapa, maður verður bara að taka því,“ segir Gunnar Már.

## ÚRSLIT

*Meistaradeildin í handbolta*

Haukar-Zaporozhye 26-25 (13-17)

**Mörk Hauka (skot):** Freyr Brynjarsson 4 (7), Sigurbergur Sveinsson 4/2 (11/2), Elías Már Halldórsson 3 (3), Gísli Jón Þórisson 3 (6), Kári Kristján Kristjánsson 3 (6), Pétur Pálsson 2 (3), Gunnar Berg Viktorsson 2 (5), Andri Stefan 2 (7), Arnar Pétursson 1 (1), Einar Örn Jónsson 1 (3), Arnar Jón Agnarsson 1 (4), Hafsteinn Ingason (1)
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 9 (31/1 29%), Gísli Guðmundsson (3)
**Hraðaupphlaup:** 9 (Freyr 3, Elías 2, Arnar, Sigurbergur, Gísli, Kári)
**Fiskuð víti:** 2 (Kári 2)
**Utan vallar:** 10 mínútur
**Mörk Zaporozhye:** Sergiy Onufriyenko 10/1 (15/1), Sergiy Burka 7 (14), Yevgen Gurkovsky 3 (3), Oleksandr Pedan 3 (5), Olexiy Ganchev 1 (2), Ievgen Konstantinov 1 (3),
**Varin skot:** Soltan Majeri 14 (33/1 42,4%), Gennadiy Komok 2 (9/1 22,2%)
**Hraðaupphlaup:** 3 (Onufriyenko 3)
**Fiskuð víti:** 1 (Ganchev)
**Utan vallar:** 10 mínútur



**FYRSTA MARKIÐ** Gunnar Heiðar opnaði markareikning sinn í dönsku úrvalsdeildinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Á skotskónum fyrir Esbjerg

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði mark Esbjerg í 1-0 sigri félagsins gegn AGF í dönsku úrvalsdeildinni í gær.

Þetta var fyrsta mark Gunnars Heiðars fyrir Esbjerg í dönsku úrvalsdeildinni en Eyjapeyinn gekk í raðir danska félagsins á rúmar 25 milljónir króna frá Hannover í Þýskalandi.

Annar Íslendingur var á skotskónum í Danaveldi í gær en Rúrik Gíslason skoraði í 1-1 jafntefli Viborgar gegn Hvidovre í dönsku 1. deildinni. - óþ

# Ótrúlegur varnarleikur hjá Haukum

**Íslandsmeistarar Hauka léku frábæran varnarleik og sýndu mikinn baráttuanda þegar þeir unnu frækinn sigur, 26-25, gegn úkraínska liðinu Zaporozhye í fyrsta leik sínum í Meistaradeild Evrópu í gær.**

**HANDBOLTI** Haukar unnu ótrúlegan sigur á úkraínska liðinu Zaporozhye í fyrsta leik sínum í Meistaradeildinni í ár, 26-25. Gestirnir voru fjórum mörkum yfir í hálfleik og náðu mest sjö marka forystu en frábær endasprettur Hauka tryggði liðinu góðan sigur á brothættu liði.

Haukar byrjuðu leikinn ágætlega. Framliggjandi vörn þeirra í upphafi gekk vel sem og sóknarleikurinn þar sem Haukar áttu greiða leið inn á línu gegn slakri 5-1 vörn Úkraínumananna.

Haukar voru marki yfir, 9-8, þegar rúmt korter var liðið af leiknum en þá breyttu gestirnir í 6-0 vörn sem Haukar áttu fá svör við. Zaporozhye skoraði fimm mörk í röð og munaði enn fjórum mörkum á liðunum þegar flautað var til leikhlés, 13-17.

Markverðir Hauka vörðu aðeins tvö skot í fyrri hálfleik og voru lengi í gang í þeim síðari en það kom ekki að sök því varnarleikur Hauka í síðari hálfleik var stórbrotinn.

„Við spiluðum varnarleik sem íslensk lið eru ekki vön að leika í alþjóðlegum handbolta. Það er meiri hefð fyrir 6-0 og 5-1 vörn en við ákváðum að reyna að sprengja þetta upp. Markvarslan var lítil og þá verður maður að gera eitthvað annað en að bíða og leyfa þeim að skjóta,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, um varnarleik sinna manna í seinni hálfleik.

Gestirnir skoruðu þrjú fyrstu mörk síðari hálfleiksins og komust sjö mörkum yfir en þá hrökk varnarleikur Hauka í gang. Zaporozhye kom aðeins 15 skotum á mark Hauka í síðari hálfleik og skoraði fimm mörk á 27 síðustu mínútum leiksins.

„Ég trúði því ekki hvernig við byrjuðum seinni hálfleikinn. Menn virtust missa trúna þegar við klikkuðum úr fyrsta færinu og því er ég mjög ánægður með að ná að mynda þennan kraft. Við eigum eftir að mæta verulega sterkum liðum í þessari keppni og það þýðir ekkert að slaka á þó hin liðin skori úr hraðaupphlaupum.



**KRAFTUR** Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, hrósaði strákunum sínum sérstaklega fyrir að hafa spýtt í lófana og sett meiri kraft í leik sinn á lokakaflanum og náð þar með að innbyrða frábæran sigur í sínum fyrsta leik í Meistaradeildinni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Maður verður að berjast allan tímann.“

Haukar jöfnuðu metin þegar 10 mínútur voru til leiksloka, 22-22. Gestirnir skoruðu tvö næstu mörk en Haukar sýndu mikinn styrk í því að brotna ekki niður og tryggðu sér góðan sigur í fyrsta leik sínum í Meistaradeildinni í ár.

### Frábær endasprettur

„Spennustigið var ívið of hátt og þess vegna vorum við á eftir bæði í vörninni og markvörslu. Það lýsir sér líka í sóknarleiknum þar sem sækjum ekki í breiddina eins og við ætluðum okkur heldur sækjum við inn á miðjuna á turnana þeirra. Það er ekki vænlegt til árangurs því þar eru þeir sterkir,“ sagði Aron.

„Við gerðum okkur þetta sjálfir erfitt fyrir framan af leik en ég er mjög ánægður með kraftinn síðustu 20 mínúturnar þegar við spilum mjög sterka 3-2-1 eða 3-3 vörn og eins keyrðum við þau hraðaupphlaup sem við ætluðum að gera allan leikinn. Menn slepptu af sér beislinu og gerðu hlutina betur og réttar,“ sagði glaðbeittur Aron í leikslok.

### Úkraínumenn ósáttir

Vyacheslav Didushenko, þjálfari Zaporozhye, var vægast sagt svekktur yfir að hafa kastað því sem virtist ætla að vera auðveldur sigur frá sér með afleitum síðari hálfleik og þá sér í lagi á síðustu mínútunum.

„Við stjórnuðum leiknum en erum með marga unga leikmenn sem hafa ekki leikið áður í Meistaradeildinni. Okkur skorti reynslu í lokin. Haukar gerðu alla hluti rétt í lokin og því fór sem fór.

Við gáfum þeim tækifæri að koma inn í leikinn með slökum sóknarleik okkar. Við áttum að klára leikinn en Haukar gerðu vel.“ - gmi




Mótorsport

Race of the Champions

13.-15. desember

Verð á mann í tvíbýli:
69.900 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur með morgunverði og aðgangsmiði á Race of the Champions.

Stærsta sportbílasýning í heimi

The Race Car Show

9.-11. janúar 2009

Fararstjóri er Kristján Einar, Formúlu 3 ökumaður.

Verð á mann í tvíbýli:
69.900 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur með morgunverði, rúta, miði á bílasýninguna og íslensk fararstjórn.

Fiton/SÍA

Nánar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Fjalar Þorgeirsson, markvörður Fylkis, er með lausan samning í lok október:

# Enn óviss með framhaldið

**FÓTBOLTI** Fylkismenn gengu nýverið frá ráðningu Ólafs Þórðarsonar sem þjálfara meistaraflokks félagsins og næsta mál á dagskrá hjá Árbæjarfélaginu er að huga að leikmannamálum, enda margir lykilmenn félagsins með lausa samninga á næstunni.

Markvörðurinn Fjalar Þorgeirsson er einn þeirra lykilmanna en hann hefur sterklega verið orðaður við nýkrýnda Íslandsmeistara FH undanfarið.

„Ég hef ekki heyrt frá neinum félögum enda væri það ólöglegt,“ segir Fjalar en samningur hans við Fylki rennur út í lok október og félög hafa ekki heimild til þess að ræða hann fyrr en eftir 15. október næstkomandi.

Fjalar kvaðst vera tiltölulega óviss um framhaldið hjá sér þegar Fréttablaðið tók stöðuna á honum í gær en hann ætlar alltént fyrst að ræða við Fylkismenn.

„Það var leikmannafundur með nýja þjálfaranum [Ólafi Þórðarsyni] í gærkvöld þar sem hann fór yfir málin og útskýrði hvernig hann vildi hafa hlutina og ég tel bara að það hafi verið farsæl lausn hjá Fylki að fá hann aftur til félagsins. Næsta skref er svo væntanlega að stjórnarmenn Fylkis ræði við þá leikmenn sem eru samningslausir á næstunni og ég á von á því að fá samningstilboð frá þeim fljótlega. Ég mun svo bara skoða málin út frá því og sé þá til hvort að eitthvað annað sé í boði,“ segir Fjalar að lokum. - óþ



**ÖFLUGUR** Fjalar hefur verið lykilmaður hjá Fylki undanfarin þrjú sumur en samningur hans við Árbæjarfélagið rennur fljótlega út. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Forhlustun alla vikuna!
Útgáfudagur **10. október**
NÝTT!
Vertu fyrstur til að heyra!
Þann 10. október kemur út ný breiðskífa með hljómsveitinni **Nýdönsk**.
Notendur Tónlist.is fá nú einstakt tækifæri til að hlusta á plötuna, sem ber nafnið **Turninn,** strax í dag, og út alla vikuna.
Farðu inn á **www.tónlist.is** og vertu fyrstur til að heyra!
Tónlist.is
Útgáfutónleikar **21. október í Háskólabíói**

## ÚRSLIT

### *Powerade-bikar karla úrslit*

KR-Grindavík 98-95 (51-51)
**Stig KR:** Jason Dourisseau 29, Jón Arnór Stefánsson 18, Jakob Örn Sigurðarson 17, Helgi Már Magnússon 11, Darri Hilmarsson 11, Fannar Ólafsson 8, Skarphéðinn Ingason 4.
**Stig Grindavíkur:** Brenton Birmingham 26, Páll Axel Vilbergsson 21, Damon Bailey 19, Helgi Jónas Guðfinnsson 11, Þorleifur Ólafsson 9, Páll Kristinsson 6, Guðlaugur Eyjólfsson 2, Arnar Freyr Jónsson 1.

### *Powerade-bikar kvenna úrsl.*

Keflavík-KR 82-71 (46-38)
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 25, Pálína Gunnlaugsdóttir 15, Svava Ósk Stefánsdóttir 14, Takesha Watson 11, Rannveig Randversdóttir 7, Ingibjörg Vilbergsdóttir 6, Lóa Dís Másdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir 1.
**Stig KR:** Hildur Sigurðardóttir19, Guðrún Ámundadóttir 18, Sigrún Ámundadóttir 17, Helga Einarsdóttir 6, Kristín Jónsdóttir 5, Rakel Viggósdóttir 4, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 2

### *Enska úrvalsdeildin*

West Ham-Bolton 1-3
0-1 Kevin Davies (30.), 0-2 Gary Cahill (34.), 1-2 Carlton Cole (69.), 1-3 Matthew Taylor (86.).
Chelsea-Aston Villa 2-0
1-0 Joe Cole (21.), 2-0 Nicolas Anelka (44.).
Man. City-Liverpool 2-3
1-0 Stephen Ireland (19.), 2-0 Javier Carrido (41.), 2-1 Fernando Torres (55.), 2-2 Fernando Torres (73.), 1-3 Dirk Kuyt (90.).
Portsmouth-Stoke 2-1
1-0 Peter Crouch (25.), 1-1 Ricardo Fuller (48.), 2-1 Jermain Defoe (51.).
Tottenham-Hull 0-1
0-1 Geovanni (9.).
Everton-Newcastle 2-2
1-0 Mikel Arteta(17.), 2-0 Marouane Fellaini(35.), 2-1 Steven Taylor (45.), 2-2 Damien Duff (47.).

### *Spænska úrvalsdeildin*

Real Madrid-Espanyol 2-2
0-1 Tamudo (20.), 1-1 Raúl (24.), 1-2 Luis Garcia (31.), 2-2 Raúl (45.).

### *Ítalska úrvalsdeildin*

Reggina-Catania 1-1
0-1 Michele Paolucci (68.), 1-1 Andrea Costa (80.). Emil Hallfreðsson sat allan leikinn á varamannabekk Reggina.
Siena-Roma 1-0
1-0 Mario Frick (45.).
Juventus-Palermo 1-2
0-1 Fabrizio Miccoli (24.), 1-1 Alessandro Del Piero (39.), 1-2 Levan McHedlidze (81.)
Cagliari-AC Milan 0-0

### *Norska úrvalsdeildin*

Bödo/Glimt-Valerenga 1-2
Birkir Bjarnason lék í 80 mín. með Bödo/Glimt.
Lilleström-Fredrikstad 1-2
Garðar Jóhannson seinna mark Fredrikstad.
Lyn-Rosenborg 1-2
Theodór Elmar Bjarnason og Indriði Sigurðsson léku allan leikinn með Lyn.

# Keflavík og KR Powerade-meistarar

**Kvennalið Keflavíkur bætti enn einum titlinum í safnið eftir 82-71 sigur gegn KR í úrslitaleik Powerade-bikars kvenna í Laugardalshöll í gærdag. KR vann Grindavík, 98-95, í úrslitaleik hjá körlunum.**

**KÖRFUBOLTI** Í gær fóru fram úrslitaleikirnir í Powerade-bikar kvenna og karla. Í kvennaflokki hafði Keflavík betur gegn KR en í karlaflokki fór KR hins vegar með sigur af hólmi gegn Grindavík.

Leikur KR og Grindavíkur fór fjörlega af stað. Hraðinn var mikill og greinilegt að leikmenn ætluðu að skemmta þeim fjölmörgu áhorfendum sem mættir voru í Laugardalshöllina. Jafnt var á flestum tölum en Grindvíkingar voru oftar yfir. Staðan í hálfleik var 51-51.

Í þriðja leikhluta náðu KR-ingar fljótt yfirhöndinni, komust mest í 12 stiga forskot og virtust ætla að taka leikinn í sínar hendur. En Grindvíkingar voru fljótir að átta sig, komust yfir og höfðu eins stigs forystu þegar síðasti leikhlutinn hófst, 73-72.

Síðasti leikhlutinn var svo æsispennandi. Hraðinn var mikill og mikið skorað. KR komst í 95-90 þegar tvær mínútur voru eftir, Grindavík minnkaði muninn í tvö stig og Páll Axel Vilbergsson jafnaði í 95-95 með þriggja stiga körfu þegar 12 sekúndur voru eftir. KR fékk síðustu sóknina og Jason Dourisseau skoraði sigurkörfuna með glæsilegu þriggja stiga skoti um leið og tíminn var úti. Stórskemmtilegur leikur á enda og KR-ingar fögnuðu gríðarlega.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, var ánægður í leikslok.

„Þetta er búin að vera flott keppni. Fín umfjöllun, fín mæting og KR er að vinna þennan bikar í fyrsta sinn í sögu félagsins þannig að við erum mjög sáttir. En fyrst og fremst er þetta flott fyrir íþróttina og hvetur fólk til að mæta í vetur,“ sagði Benedikt og bætti við: „Ég get ekki verið sáttur við að fá á mig 95 stig í einum leik en sóknarlega vorum við flottir. Við fundum aldrei taktinn í vörninni í dag en það verður ekki tekið af Grindvíkingum að þeir spiluðu frábæran sóknarleik.“

### Keflavíkursigur hjá stelpunum

KR-stúlkur hófu leikinn af krafti, settu þrjár þriggja stiga körfur í upphafi og staðan var orðin 16-21 í lok fyrsta leikhluta.

KR byrjaði annan leikhluta af miklum krafti með Hildi Sigurðardóttur sem herforingja í sóknarleiknum. En í stöðunni 33-21 fyrir KR þá fór Keflavíkurvörnin í gang, þær fengu auðveldar körfur og skoruðu 25 stig gegn aðeins 5 stigum KR. Staðan í hálfleik var 46-38.

Í þriðja leikhluta hægðist töluvert á leiknum. KR náði að minnka muninn fljótlega en Keflavík hafði alltaf yfirhöndina. Fyrir síðasta leikhlutann var staðan 62-60 Keflavík í vil og spennan í hámarki. Keflavík hélt forystunni en í stöðunni 72-66 skoraði Birna Valgarðsdóttir góða þriggja stiga körfu, jók muninn í 9 stig og þann mun náði KR ekki að brúa. Lokatölur 82-71 og Keflavíkurstúlkur því Powerade-meistarar.

Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, var sáttur í leikslok .

„Mínar stelpur voru ekkert sérstaklega góðar í dag. KR-liðið spilaði vel, betur en ég átti von á, en við vorum betri fyrst við unnum með 11 stigum.“ - sjj




**LAGT Á RÁÐIN** Þjálfarinn Benedikt Guðmundsson hjá KR fer hér yfir málin með Jóni Arnóri Stefánssyni og Jakobi Erni Sigurðarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**SIGURGANGAN HELDUR ÁFRAM** Íslandsmeistarar Keflavíkur héldu áfram á sigurbraut gegn KR-stúlkum í úrslitaleik Powerade-bikarsins í gær. Þær vörðu þar með titilinn sinn en þær unnu Powerade-bikarinn einnig í fyrra, þá gegn Haukastúlkum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ANFIELD** Útlit er fyrir að Liverpool muni notast við Anfield-leikvanginn lengur en til stóð vegna frestunar á byggingu Stanley Park. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stjórnarformaður Liverpool:

## Stanley Park verður að bíða

**FÓTBOLTI** Rick Parry, stjórnarformaður Liverpool, staðfesti í viðtali við BBC Sport í gær að framkvæmdum á nýjum leikvangi félagsins, Stanley Park, yrði slegið á frest vegna óhagstæðs efnahagsástands. Parry þverneitaði jafnframt orðrómi um að Liverpool væri að skoða möguleikann á því að deila heimavelli með erkifjendum sínum í Everton, en bláa félagið í Liverpoolborg er einnig að skoða möguleikann á að byggja nýjan leikvang.

„Vegna yfirstandandi efnahagsástands er ekki hagkvæmt að slá lán fyrir byggingu nýja leikvangsins en það þýðir ekki að hann sé lengur á dagskrá, alls ekki. Aðeins er um seinkun á framkvæmdum að ræða og sögusagnir um að við séum að ræða við Everton um að deila leikvangi eru ekki á rökum reistar,“ segir Parry.

Áætlað er að bygging Stanley Park muni kosta Liverpool um 350 milljónir punda en upphaflega var gert ráð fyrir því að leikvangurinn yrði tekinn í notkun í ágúst árið 2011. - óþ

Toppliðin Chelsea og Liverpool unnu bæði sína leiki í gærdag og Hull heldur áfram að koma á óvart:

# Ótrúlegur viðsnúningur hjá Liverpool

**FÓTBOLTI** Chelsea og Liverpool tróna á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir leiki gærdagsins og þar á eftir koma, merkilegt nokk, nýliðar Hull í þriðja sætinu.

Chelsea átti ekki í erfiðleikum með Aston Villa á heimavelli sínum í gær og vann 2-0 með mörkum Joe Cole og Nicolas Anelka. Sigurinn þýðir að Chelsea heldur toppsætinu og bætir enn frekar í sarpinn við þá leiki sem félagið hefur leikið á heimavelli sínum, Brúnni, án taps í ensku úrvalsdeildinni. Sigurinn gegn Aston Villa var 85. leikurinn í röð án taps.

„Miðað við að ég var án fimm byrjunarliðsmanna þá myndi ég hiklaust segja að þetta hafi verið besta frammistaða Chelsea á þessari leiktíð,“ segir Luiz Felipe Scolari, knattspyrnustjóri Chelsea.



**SNILLINGUR** Brasilíumaðurinn Geovanni hefur slegið í gegn með Hull. NORDIC PHOTOS/GETTY




**NEITUÐU AÐ GEFAST UPP** Leikmenn Liverpool sýndu úr hverju þeir eru gerðir gegn Manchester City í gær þegar þeir unnu upp tveggja marka forskot og unnu að lokum frækinn sigur, 2-3. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool hélt í við Chelsea í toppbaráttunni með frábærum sigri gegn Man. City á Borgarleikvanginum í Manchester en staðan var 2-0 fyrir City í hálfleik.

Fernando Torres minnkaði muninn í 2-1 snemma í seinni hálfleik en stuttu síðar fékk Pablo Zabaleta að líta rauða spjaldið fyrir tæklingu á Xabi Alonso. Torres jafnaði svo leikinn með skallamarki áður en Hollendingurinn Dirk Kuyt skoraði sigurmarkið á lokaandartökum leiksins og þar við sat. Sigurinn var þó ekki tekinn út með sældinni hjá Liverpool því varnarmaðurinn sterki Martin Skrtel var borinn af velli eftir að hafa meiðst illa en óvíst er hversu alvarleg meiðslin eru.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var sáttur í leikslok.

„Við sýndum það í úrslitaleik Meistaradeildarinnar gegn AC Milan að við gefumst aldrei upp sama hvort við erum 2-0 undir eða 3-0 undir. Það sem skiptir máli er að hafa trúna allt til leiksloka og það skilaði nú þremur stigum,“ segir Benitez.

### Ramos kominn á endastöð?

Hull hélt áfram að koma á óvart með 0-1 útisigri gegn Tottenham og nú hljóta dagar Juandes Ramos, knattspyrnustjóra Tottenham, í stjórastól Lundúnafélagsins senn að vera taldir. Brasilíumaðurinn Geovanni skoraði sigurmarkið beint úr aukaspyrnu á 8. mínútu.

Grétar Rafn Steinsson átti góðan leik í 1-3 útisigri Bolton gegn West Ham en Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópnum.

Hermann Hreiðarsson kom inn á og lék lokamínúturnar í heimasigri Portsmouth gegn Stoke.

Þá skildu Everton og Newcastle jöfn, 2-2 á Goodison Park. - óþ





STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## > Jessica Biel

„Brostu… því annars gætir þú misst af því að kynnast enhverjum sem getur breytt lífi þínu.“ Biel leikur í spennumyndinni Stealth sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON HEYRIR HVORKI NÉR SÉR**

## *Alltaf sama gamla vonda lagið*

Undanfarin ár hafa hellst yfir þjóðina bandarískar langlokur sem eiga að vera bæði fyndnar, sorglegar, dramatískar og raunsæjar. En eru ekkert af þessu. RÚV hefur verið í broddi fylkingar þar á bæ með þáttum í þessum flokki og nægir þar að nefna October Road, Everwood, Six Degrees og What about Brian? Sem betur fer eru Mæðgurnar horfnar yfir móðuna miklu því þær gátu ært sjónvarpsáhorfendur með óðamálskenndum leik. Stöð 2 – þótt ótrúlegt megi virðast – hefur reynt að halda sig fjarri slíkri vitleysu. Stöðin státar þó af einni vinsælustu vitleysu allra tíma: Grey's Anatomy.



Þetta innihaldsrýra sjónvarpsefni sameinast svo í einum glæp: sama laginu. Fyrir nokkrum vikum uppgötvaði ég nefnilega að undir öllum atriðum í öllum þessum þáttum hljómar sama stefið í mismunandi útgáfum. Það hefst með smá gítarspili, svo kemur lágstemmd karl- eða kvenmannsrödd sem syngur nokkur vemmileg ástarorð og áhorfandinn fær það á tilfinninguna að nú sé komið að leiðarlokum. Einhverjir ætli að kyssast, skilja eða ná sáttum. En nei, lagið hækkar í smá stund og lækkar síðan aftur. Einhverjir kyssast, skilja eða ná sáttum og svo þögn. Og svo hefst það aftur, nema í nýrri útfærslu og einhvers uppgjörs er að vænta.

Og þegar ofan á þessa staðreynd bætast hrikaleg áhrif frá Mægðunum, allir leikararnir rembast eins og rjúpan við staurinn að koma textanum eins hratt frá sér og mögulegt er, þá er ekkert annað í stöðunni en að slökkva á sjónvarpinu og bíða eftir að hamförunum ljúki. Því miður þá á „lagið“ það stundum til að blöffa.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.15** Saga Indlands
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** Flood
STÖÐ 2



▶ **21.10** My Boys
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** CSI. New York
SKJÁREINN



▶ **22.00** All The King's Men
STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (5:26) (e)

**18.00 Kóalabræðurnir** (61:78)

**18.12 Herramenn** (23:52)

**18.25 Út og suður** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Saga Indlands** (The Story of India) (4:6) Breskur heimildarmyndaflokkur um Indland fyrr og nú. Sagnfræðingurinn Michael Wood fer í mikla reisu um landið og leitar uppi sögulegar minjar þess og skoðar söguna í leit að vísbendingum um hver framtíð þessa fjölmennasta lýðræðisríkis og elsta menningarsamfélags í heimi verður.

**21.15 Sporlaust** (Without a Trace)(1:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery og Marianne Jean-Baptiste.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Sportið** Í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.

**22.45 Leyninefndin í Listasafninu** (4:4) (AK3: Akademiens Kommitté för Kontroll av Kultur)

**23.30 Spaugstofan** (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.35 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Garfield 2**

**10.00 Ævintýraferðin**

**12.00 Wall Street**

**14.05 Garfield 2**

**16.00 Ævintýraferðin**

**18.00 Wall Street**

**20.05 Stealth**

▶**22.00 All the King's Men** Bandarísk mynd um stjórnmálamanninn Willie Stark. Anthony Hopkins, Jude Law, Sean Penn og fleiri stórleikarar fara með aðalhlutverkin.

**00.05 Special Forces**

**02.00 House of 1000 Corpses**

**04.00 All the King's Men**

**06.05 Aquamarine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (163:300)

**10.15 Grey's Anatomy** (8:9)

**11.10 Hæðin** (3:9)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Meet the Fockers**

**14.55 Newlywed, Nearly Dead** (4:13)

**15.30 Derren Brown: Hugarbrellur**

**15.55 Galdrastelpurnar**

**16.15 Leðurblökumaðurinn**

**16.40 Skjaldbökurnar**

**17.05 Tracey McBean**

**17.18 Louie**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.05 Veður**

**19.20 Kompás**

**19.55 The Simpsons**

**20.20 Extreme Makeover: Home Edition** (2:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.

▶**21.05 Flood** (2:2) Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Hvað ef stormur aldarinnar myndi skella á London einmitt þegar háflóð ætti sér stað? Þessi stórslysamynd lýsir á spennandi og afar vel gerðan hátt afleiðingum þess.

**22.40 Peep Show** (4:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

**23.05 Uninvited Guest**

**00.45 Movern Callar**

**02.20 Meet the Fockers**

**04.10 Extreme Makeover: Home Edition** (2:25)

**04.55 Peep Show** (4:12)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**15.45 Evrópumótaröðin í golfi** Útsending frá Alfred Dunhill-mótinu í golfi.

**18.45 NFL-deildin** Útsending frá leik í NFL-deildinni.

**20.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.

**21.15 10 Bestu – Atli Eðvaldsson** Níundi og næstsíðasti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt þeim Ólafi Kristjánssyni og Heimi Guðjónssyni.

**22.45 Þýski handboltinn – Hápunktar** Hver umferð er gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**23.25 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**00.25 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin**

**16.45 Premier League Review**

**17.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Bolton úr ensku úrvalsdeildinni.

**19.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Hull City í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review**

**22.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Man. Utd. í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.15 Vörutorg**

**17.15 Game tíví** (e)

**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Kitchen Nightmares** (e)

**20.10 Friday Night Lights** (4:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Tim og Jason eru í Mexíkó á meðan allt er í hers höndum hjá liðinu. Taylor þjálfari tekur stóra ákvörðun og Landry er í vondum málum eftir að líkið finnst.

**21.00 Eureka** (9:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Undarlegir hlutir gerast í rannsóknarstöðinni og Jack Carter hverfur í orðsins fyllstu merkingu.

▶**21.50 CSI: New York** (7:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Sonur milljónamærings er stunginn til bana skömmu eftir að hann var sýknaður af kærum fyrir nauðgun.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Swingtown** (e)

**00.20 In Plain Sight** (e)

**01.10 Criss Angel: Mindfreak** (e)

**01.35 Family Guy** (e)

**02.00 Nokia Trends Lab** (e)

**02.25 Vörutorg**

**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Útsölumarkaður Verðlistans

## Hefst þriðjudag kl: 12 í Ármúla 38

### *Aldrei betra verð*

verðlistinn **Opið mánudag til föstudaga 12-18**



**Markaðurinn alla daga**

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.20

**Kompás**




Örlög Hafskips verður aðalviðfangsefni vikunnar í fréttaskýringaþættinum Kompás í kvöld á Stöð 2 í opinni dagskrá. Leynifundum og makki er lýst í áður óbirtum skjölum sem Kompás hefur komist yfir. Hafskipsmenn hafa haldið því fram að fyrirtæki þeirra hafi verið knúið í gjaldþrot af andstæðingum sem jafnframt hafi blásið á glæður hatrammrar opinberrar umræðu. Tveir núverandi hæstaréttardómarar eru sagðir hafa haft óeðlileg afskipti af málum. Fyrrverandi ráðherra gagnrýnir að seðlabankastjóri hafi farið á bak við sig. Ný sannindi um Hafskipsmálið í Kompás í kvöld.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Sporlaust, NÝTT**

**Sjónvarpið kl. 21.15**

Þættirnir fjalla um sérsveit innan alríkislögreglunnar sem hefur bækistöðvar í New York og er kölluð til þegar leita þarf að týndu fólki. Jack Malone og samstarfsfólk hans hefur þrjá sólarhringa til að rannsaka mannshvarf meðan enn eru taldar líkur á að hinn horfni finnist á lífi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Sveigur
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Ársól
**23.10** Kallfæri
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (30:260)
**16.30 Hollyoaks** (31:260)
**17.00 Seinfeld**
**17.25 E.R.** (5:25)
**18.10 My Boys** (4:22)
**18.40 Happy Hour** (9:13)
**19.00 Hollyoaks** (30:260)
**19.30 Hollyoaks** (31:260)
**20.00 Seinfeld**
**20.25 E.R.** (5:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**21.10 My Boys** (4:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
**21.30 Happy Hour** (9:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Dagvaktin** (3:11)
**22.30 The Tudors** (10:10)
**23.20 Sjáðu**
**23.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar og fær til sín góða gesti í sjónvarpssal.
**21.00 Vangaveltur** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Svavar Sigurðsson hefur safnað miklum fjármunum í þjóðarátaki gegn fíkiefnum.
**21.30 Grasrótin** Umsjónarmaður er Daníel Haukur Arnarson. Hann ræðir við forsvarsmann Vinstri grænna.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** Aftenshowet **11.20** OBS **11.25** Drømmen om en norsk bil **11.40** Drømmen om dybet **12.10** Reimers **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.55** Skum TV **14.10** Angora by night **14.35** Naruto **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Alle vi børn i Bulderby **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Supernabo **18.00** Lones aber **18.30** Tvunget af tanker **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** BlackJack **21.30** OBS **21.35** Seinfeld **22.00** Skilt

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Amigo **13.30** Keiserens nye skole **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Røde Robert **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Elskerinner **20.25** Store Studio **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.45** Nytt på nytt **23.15** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **11.00** En dotter född **12.40** Andra Avenyn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Vinnarskallar **15.00** Lilla prinsessan **15.10** Rorri Racerbil **15.20** Jasper Pingvin **15.30** Krokodill **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Livet i Fagervik **18.45** Toppform **19.15** Folk i bild 2008 **19.30** Hockeykväll **20.00** Fyra fruar och en man **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Brottet och straffet **22.25** Sändningar från SVT24





# Þökkum frábærar viðtökur

***Viðtökur við KEA skyrdrykknum fóru fram úr björtustu vonum.***
Við biðjumst velvirðingar á því að KEA skyrdrykkur hefur ekki verið fáanlegur í sumum verslunum undanfarið. Ástæðan er sú að sala á drykknum var svo gríðarlega mikil að við gátum ekki annað eftirspurn. Unnið er hörðum höndum að því að framleiða nægjanlegt magn og má búast við nýrri sendingu innan skamms.

KEA SKYRDRYKKUR

FYRIR HEILBRIGÐAN LÍFSSTÍL

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þegar ég næ útvarpi, það er nú ekki alltaf, þá hlusta ég á Zúúber á FM á morgnana frá sjö til tíu. Ég fer svo yfir í geisladiskana til hádegis, og stilli yfir á Óla Palla á Rás 2 eftir hádegi.“*

Reynir Hrafn Stefánsson, gröfu- og vörubílstjóri.

# Ármann Reynisson blæs á kreppuna

„Ég hef fengið frábær viðbrögð heimamanna og ekki síst fjölmiðla og ráðamanna þessara landa,“ segir rithöfundurinn Ármann Reynisson. Og blæs á kreppuna sem má heita athyglisvert en Ármann er frumkvöðull á sviði hlutabréfaviðskipta á Íslandi. Hann hefur söðlað um og lætur ekki heimsins prjál trufla hugarró sína: Ekki er að sjá að fjármálakreppa ætli að reynast Vinjettuhöfundinum góðkunna fjötur um fót. Ármann er í útrás og hefur nú sent frá sér tvö Vinjettusöfn sem eru jafn fjölbreytt að efni og fyrri bækur höfundar en vinjettur kallar hann ljóðrænar örsögur sínar: Vinjettur VIII þar sem finna má sögur frá Færeyjum og hins vegar Vestnorrænar vinjettur sem gefnar eru út í tilefni af 40 ára afmæli Norræna hússins í Reykjavík

„Hver vinjettanna er á fjórum tungumálum það er íslensku, færeysku, dönsku og grænlensku. Þetta er í fyrsta skipti sem Vestnorrænu tungumálin koma saman í einni bók sem bókmenntatexti. Með þessari útgáfu vil ég opna augu nágrannaþjóðanna fyrir hvor annarri og ekki síst umheimsins á þessu áhugaverða menningarsvæði,“ segir Ármann sem hefur í framhaldi af útgáfunni ferðast til Grænlands og Færeyja en á næstunni er fyrirhuguð kynning í Kaupmannahöfn. - jbg



**ÁRMANN REYNISSON** Tengir saman menningarsvæði og vekur athygli umheimsins á vest-norrænu menningarsvæði.



**LÁRÉTT**
**2.** hluta sólahrings, **6.** samanburðartenging, **8.** gums, **9.** kusk, **11.** leita að, **12.** gafl, **14.** svall, **16.** drykkur, **17.** sauðaþari, **18.** kerald, **20.** bókstafur, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erindi, **3.** verkfæri, **4.** mótrök, **5.** fyrirboði, **7.** hagnýtt gildi, **10.** óvild, **13.** framkoma, **15.** flink, **16.** lögg, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** dags, **6.** en, **8.** lap, **9.** ryk, **11.** gá, **12.** stafn, **14.** slark, **16.** te, **17.** söl, **18.** áma, **20.** ká, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** al, **4.** gagnrök, **5.** spá, **7.** nytsemi, **10.** kal, **13.** fas, **15.** klár, **16.** tár, **19.** af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Sjö milljarða króna.
2. J.K. Rowling.
3. Ellefu sinnum.









**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON:** VESTURPORT SÝNIR WOYZECK Í NEW YORK

# Innganga í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í húfi

„Þetta stendur allt og fellur með Woyzeck hvort við förum inn eða ekki,“ segir leikstjórinn Gísli Örn Garðarsson hlæjandi.

Svo getur farið að leikhópurinn Vesturport verði örlagavaldur í mögulegri inngöngu Íslands í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Hópurinn sýnir leikritið Woyzeck á New Wave-hátíðinni í Bam-leikhúsinu í New York um miðjan október, á sama tíma og öryggisráðið þingar í borginni.

Íslenska utanríkisráðuneytið hefur fengið 45 miða á frumsýninguna og ætlar að bjóða meðlimum öryggisráðsins með í von um að heilla þá upp úr skónum með íslenskri menningu eins og hún gerist hvað best. Eftir sýninguna munu ráðamennirnir og meðlimir Vesturports síðan hittast og ræða málin.

„Það er spurning hvort maður verði ekki að búa til „happy ending“ á þetta því mér finnst hvíla svolítil ábyrgð á okkur,“ segir Gísli Örn og kímir. „Þessi sýning hefur verið okkur til sóma hingað til og ég held að þetta sé ekkert til að skammast sín fyrir. Ég hlakka bara til að hitta allt þetta fólk.“

Um þrjár sýningar verður að ræða í tvö þúsund manna sal Bamleikhússins, sem er afar virt og er meðal annars þekkt fyrir samstarf sitt við sænska leikstjórann Ingmar Bergman. Þetta verður í fyrsta sinn sem Vesturport sýnir í Bandaríkjunum og hlakkar Gísli mikið til. „Að fara til New York er algjörlega frábært. Það verður mjög gaman að prófa og sjá hvernig þetta á eftir að virka í Ameríku.“

Hann segist hafa verið nálægt því að sýna Hamskiptin og Rómeó og Júlíu í Bandaríkjunum en það hafi ekki gengið upp. „Við vorum komin á Broadway [með Rómeó og Júlíu] en ég hafnaði samningnum því hann var svo lítið okkur í hag.“

Þrjú ár eru liðin síðan Vesturport frumsýndi Woyzeck í London. Gísli segist síður en svo vera orðinn þreyttur á uppfærslunni. „Ég er ekki frá því að þetta sé skemmtilegasta sýningin sem við ferðumst með.“

Vesturport er í Dublin þessa dagana að sýna Hamskiptin og hafa viðtökurnar verið mjög góðar. „Við höfðum stuttan tíma til að setja upp og vorum ekki alveg tilbúin en það hefur verið brjáluð stemning og alltaf uppselt.“ Þeirri sýningahrinu lýkur á sunnudag og þá hefst undirbúningur fyrir hina mikilvægu Bandaríkjaferð sem gæti skipt sköpum fyrir íslensku þjóðina. freyr@frettabladid.is



**WOYZECK** Meðlimir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna verða á meðal gesta í Bamleikhúsinu í New York 15. október.



**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** Gísli Örn gerir sér grein fyrir mikilvægi sýningarinnar í New York.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngsýning Íslensku óperunnar um ævi Janis Joplin var frumsýnd á föstudagskvöldið. **Ilmur Kristjánsdóttir** þykir vinna leiksigur í hlutverki hinnar rámu og ógæfusömu söngkonu sem féll frá aðeins 27 ára að aldri, eins og mörg önnur þekkt rokkgoð. Í svo miklu stuði var Ilmur eftir að sýningunni lauk að hún fékk mótleikkonu sína, **Bryndísi Ásmundsdóttur**, til að taka aukalag og steig trylltan dans úti í áhorfendaskaranum.



Meðal þeirra sem klöppuðu Ilmi og Bryndísi lof í lófa má nefna Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra en ekki langt frá sat samstarfskona hennar og leiklistarráðunauturinn Melkorka Tekla Ólafsdóttir og eiginmaður hennar Kristján Hrafnsson. Jóhann Sigurðarson var einnig meðal gesta auk þess sem leikarinn Atli Rafn fylgdist grannt með. Jafnframt mátti sjá glitta í söngkonuna Ragnheiði Gröndal og Saga Film-framleiðandann Magnús Viðar Sigurðsson.



Hins vegar tóku frumsýningargestir eftir því að nokkuð vantaði upp á að fullt væri í salnum sem þykir nokkuð óvenjulegt þegar um frumsýningu í Óperunni er að ræða. Ráðamenn íslensku þjóðarinnar voru til að mynda víðsfjarri en þeir hafa jafnan látið sjá sig á slíkum sýningum. Forkólfar úr viðskiptalífinu voru einnig víðsfjarri en meðan á góðærinu stóð flykktust þeir í óperuna. Þetta kom að sjálfsögðu engum á óvart því allir þessir hópar sátu, jú, á fundum alla helgina og höfðu lítinn tíma til að lyfta sér upp í dagsins önn. - fgg



# Benedikt frumsýnir í bíósal Kaupþings

Benedikt Erlingsson mun frumsýna nýja stuttmynd sína, Naglann, í bíósal Kaupþings á þriðjudag klukkan 18.

„Á meðan bankar voru enn þá að gefa listamönnum fé var ég svo heppinn að fá þrjú hundruð þúsund krónur frá Kaupþingi og ég ætla að frumsýna þarna þeim til heiðurs,“ segir Benedikt. „Þeir eru með einn flottasta bíósal sem um getur og þarna verða bankamenn, aðstandendur og vinir þeirra. Það er margt sem þeir leyfðu sér á þessum árum og salurinn er ákveðið minnismerki um það.“

Í myndinni leikur Þorsteinn Gunnarsson ráðamann þjóðar. Hann fær nagla í höfuðið og hlýtur framheilaskaða. Verður hann fyrir vikið betri leiðtogi en verri pólitíkus. „Hún tengist svolítið eðli stjórnmálamanna og spyr spurninga um hvar hæfileikar þeirra liggja,“ segir Benedikt. Hann er nýkominn heim frá Svíþjóð þar sem myndin var forsýnd á kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama. „Hún fékk ægilega fín viðbrögð og það var mikill söluáhugi.“

Benedikt er í fæðingarorlofi um þessar mundir en eftir að því lýkur munu hestar og Sturlunga eiga hug hans allan. „Við sjáum hvað peningaöflin segja,“ segir hann dulur, spurður nánar út í verkefnin. - fb



**NAGLINN** Stuttmynd Benedikts Erlingssonar, Naglinn, verður frumsýnd í bíósal Kaupþings á þriðjudag klukkan 18.




# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

## Fleiri kortagestir en nokkru sinni fyrr í íslensku leikhúsi

### **Vertu með!** Áskriftarsalan stendur í tvær vikur enn.

Kortagestir í Borgarleikhúsinu eru nú orðnir fleiri en áður hefur þekkst í íslensku leikhúsi. Ef þú ert ekki kominn í hópinn þá hefurðu ennþá þrjár vikur til þess að tryggja þér 4 leiksýningar á einstaklega góðu verði, **aðeins 8900 kr.**

Ungu fólki og námsmönnum stendur til boða að gerast áskrifendur fyrir aðeins **4550 krónur** í krafti rausnarlegs framlags frá SPRON. Gleymdu þér í leikhúsinu endrum og eins í vetur. **Áskrift margborgar sig.** spron




Hringdu núna í síma **568 8000** eða farðu á **borgarleikhus.is** og tryggðu þér kort

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Svefnpokapláss kr. 1.500 nóttin




## BAKÞANKAR

Þráins Bertelssonar

# *Ekki lesa þetta! Krepputal!*

**EINS** og allir vita sem fylgjast með fréttatilkynningum frá landlæknisembættinu og heilsuverndarstofnunum getur sannleikurinn valdið bæði kvíða og áhyggjum, einkum meðal sauðsvarts almúgans. Því ber að varast fyrir ráðamenn þjóðarinnar og fjölmiðla að birta vondar og neikvæðar fréttir sem gera ekkert annað en að vekja óöryggi og kvíða hjá fólki sem þarf að einbeita sér að vinnu sinni ~~og fylgjast með Britney Spears og bresku knattspyrnunni~~. Konum og börnum, ~~öðrum aumingjum~~ og hjartveiku fólki, einkum með fokdýra gangráða, er því bent á að hætta að lesa þessa grein NÚNA STRAX og snúa sér heldur að sjónvarpsdagskránni sem er að finna inni í blaðinu.

**Í** ~~þeirri bullandi kreppu~~ því tímabundna óvissuástandi sem nú ~~kaffærir þjóðina~~ má sjá fregnir um í óvönduðum fjölmiðlum er svonefndur vinnustaðahúmor er ~~sú olía~~ það lífræna eldsneyti sem varast ber umfram allt að bæta á eld óttans. Því hefur verið ákveðið að niðurgreiða úr ríkissjóði verð á eyrnatöppum úr ~~sílíkoni~~ vaxi og bómull svo að viðkvæmar sálir þurfi ekki að heyra kaldlynd ruddamenni gantast með:

**AÐ** fyrsta verk Alþingis til að sýna samstöðu og alvöru málsins ætti að vera að hætta að draga lappirnar af þvermóðskugræðgi og afnema ~~eftirlaunaósómann~~ reglur um eftirlaun þing- og embættismanna áður en leitað verður samráðs við ~~kommúnistakommissarana~~ forystumenn verkalýðshreyfingar og lífeyrissjóði. Það er að segja strax í dag.

**AÐ** skipta um stjórn í Seðlabankanum eigi síðar en í dag og fela ~~óspilltum fagmanni eins og prófessor Þorvaldi Gylfasyni~~ húsverðinum að taka við lyklunum að sjoppunni. Að smala saman ofurlaunahyskinu og láta það skila aftur þeim peningum sem ekki hafa þegar farið í ofurneyslu ~~og láta það standa í gapastokki á Austurvelli fram á Þorláksmessu~~. Að afnema verðbætur á skuldir nema laun verði einnig verðtryggð. Að taka upp ~~Matadorspeninga og hefja nýja umferð í leiknum~~ evru og ganga í Efnahagsbandalagið.

~~**AÐ** opna sendiráð í Simbabve og Túrkmenistan.~~

**AÐ** aðhafast ekkert. Láta eins og ekkert sé og vera bjartsýn. Þetta reddast einhvern veginn eins og venjulega.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 6. október, 279. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.52 | 13.16 | 18.38 |
| Akureyri | 7.40 | 13.01 | 18.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FORESTER SYMMETRICAL AWD SUBARU



# NÝR SPORTJEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

Nú er tækifærið að eignast Subaru Forester á góðu verði. Forester hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýtískulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir hann einstakan. Hann er Subaru og því bílar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

### Sjálfvirk hleðslujöfnun

Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjöðrum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdardreifingu auðveldar stjórnun og gerir bílinn öruggari í akstri.







## ÖRUGG Í SUBARU

Við trúum því að fyrir fjölnotabíl eins og FORESTER sé sítengt aldrif öruggasti kosturinn. Með VDC öryggiskerfinu dreifir hann aflinu jafnt og örugglega til hjólanna sem veita hámarksgrip og öryggi við stjórnun.

- Subaru Forester er auk þess búinn 6 SRS loftpúðum og með ISO-FIX festingar fyrir barnabílstóla.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrismýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH INGVAR HELGASON